FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS,
KONUNGSRÍKISINS NOREGS,
KONUNGSRÍKISINS SVÍÞJÓÐAR,

sem nefnast hér á eftir „EFTA-ríkin“,

er koma saman í Brussel hinn sautjánda dag marsmánaðar árið nítján hundruð níutíu og þrjú til undirritunar bókunar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa samþykkt eftirfarandi texta:

I. bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið;

II. viðaukann sem kveðið er á um í 20. gr. bókunar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og fylgir þeirri bókun.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa samþykkt sameiginlegu yfirlýsinguna sem fylgir þessari lokagerð.

Enn fremur hafa fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna fallist á samþykktirnar sem fylgja þessari lokagerð og eru bindandi.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa í huga yfirlýsingu ríkisstjórnar Frakklands sem fylgir þessari lokagerð.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa í huga að tilvísanir til Sviss í eftirtöldum sameiginlegum yfirlýsingum sem eru taldar upp og fylgja lokagerðinni er var undirrituð í Óportó hinn 2. maí 1992 eru fallnar úr gildi:

3. Sameiginleg yfirlýsing um aðlögunartímabil vegna útgáfu skjala varðandi sönnun á uppruna

og

8. Sameiginleg yfirlýsing um vöruflutninga á vegum.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa einnig í huga að eftirtaldir samningar í samþykktum frá samningaviðræðunum sem fylgja lokagerðinni er var undirrituð í Óportó hinn 2. maí 1992 eru fallnir úr gildi:

— vegna bókunar 16 og VI. viðauka,

— vegna VII. viðauka (varðandi verkfræðinga „Stiftung der Schweizerischen Register der Ingenieure").

Þeir hafa fallist á að í samþykktinni „vegna bókunar 47" skuli orðin „bandalagsins og Sviss og" falla niður.

Loks hafa fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna í huga með hliðsjón af yfirlýsingunum sem eru taldar upp og fylgja lokagerðinni er var undirrituð í Óportó hinn 2. maí 1992 að:

I. eftirtaldir yfirlýsingar eru fallnar úr gildi:

10. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um öryggisráðstafanir;

11. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;

12. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um að koma á framhaldsnámi í byggingarlist við æðri tækniskóla;

16. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um notkun öryggisákvæðisins í sambandi við fjármagnsflutninga;

17. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;

34. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um fjáröflunartolla;

36. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um samning milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss um vöruflutninga á vegum og járnbrautum;

II. í eftirtöldum yfirlýsingum er yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss eða yfirlýsing Evrópubandalagsins með tilvísun til Sviss fallin úr gildi:

2. Yfirlýsing ríkisstjórna Liechtensteins og Sviss um áfengiseinkasölur;

13. Yfirlýsing ríkisstjórna Austurríkis og Sviss um hljóð- og myndmiðlun;

14. Yfirlýsing ríkisstjórna Liechtensteins og Sviss um stjórnsýsluaðstoð;

15. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;

33. Yfirlýsing Evrópubandalagsins og ríkisstjórna Austurríkis, Finnlands, Liechtensteins, Svíþjóðar og Sviss um hvalaafurðir;

35. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um tvíhliða samninga.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

1. Þótt skylt sé að virða að öllu leyti niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss 6. desember 1992 þykir samningsaðilum að EES-samningnum miður að sökum þess að Sviss er ekki þátttökuríki var ekki unnt að stofna EES með þeim samningsaðilum sem upphaflega var stefnt að.

2. Samningsaðilarnir að EES-samningnum hafa tekið tillit til þess að yfirvöld í Sviss hafa ekki vísað því með öllu frá að síðar kunni að verða af þátttöku í EES. Þeir munu fagna þátttöku Sviss í EES og eru reiðubúnir til að hefja samningaviðræður leggi Sviss fram umsókn samkvæmt 128. gr. EES-samningsins eins og henni er breytt með bókuninni um breytingu á EES-samningnum.

3. Þátttaka Sviss í EES síðar ætti að byggjast á niðurstöðunum í upphaflega EES-samningnum og tvíhliða samningum gerðum á sama tíma og á þeim breytingum sem hugsanlega verða gerðar síðar á þessum samningum.

SAMÞYKKTIR

Samningsaðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

Vegna 15. gr.

gildistaka ákvæðanna sem um getur í 15. gr. er háð tæknilegum erfiðleikum við fjárlagagerð og skal vera með fyrirvara um tvíhliða eða marghliða samvinnu á umræddum sviðum og hefur ekki frekari áhrif á samvinnuna sem um getur í 85. gr. EES-samningsins.

Til að tryggja rétta gildistöku ákvæðanna sem um getur í 15. gr. er sérfræðingum EFTA-ríkjanna heimilt, á tímabilinu til 1. janúar 1994, að taka tímabundið þátt í nefndunum sem eru framkvæmdastjórninni til aðstoðar við stjórnun eða þróun á starfsemi bandalagsins á þeim sviðum sem þessi ákvæði taka til.

Hvert EFTA-ríki um sig skal standa straum af þeim kostnaði sem af þessu hlýst.

Vegna 20. gr.

IV. viðauki (Orka)

8. **390L0547**: Tilskipun ráðsins 90/547/EBE og
9. **391L0296**: Tilskipun ráðsins 91/296/EBE

í hugtakinu „viðskipti innan EFTA" merkir „EFTA" þau EFTA-ríki þar sem EES-samningurinn hefur öðlast gildi;

XIV. viðauki (Samkeppni)

1. **389R4064**: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89

í hugtökunum „hagsmuni EFTA", aðlögunarliðir a), b) og h), „velta innan EFTA", aðlögunarliðir b) og j) og „íbúar EFTA", aðlögunarliður j), merkir „EFTA" þau EFTA-ríki þar sem EES-samningurinn hefur öðlast gildi.

YFIRLÝSING
RÍKISSTJÓRNAR FRAKKLANDS

Frakkland vekur athygli á því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gildir ekki um lönd og yfirráðasvæði handan hafsins er tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu samkvæmt ákvæðum sáttmálans um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu.

Gjört í Brussel hinn sautjánda dag marsmánaðar 1993.

STJÓRNARTÍÐINDI C 4 - 1993

20. desember 1993 1461 Nr. 32

AUGLÝSING

um samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og bókun um breytingu á samningnum.

Hinn 1. janúar 1994 öðlast gildi samningur milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992. Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar var afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samningsins 2. febrúar 1993. Jafnframt öðlast gildi bókun um breytingu á samningnum sem undirrituð var í Brussel 17. mars 1993. Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar var afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunarinnnar 9. júní 1993. Samningurinn og bókunin voru fullgilt samkvæmt heimild í lögum nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Bókunin er birt sem fylgiskjal 2. Samþykktir frá samningaviðræðum EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls eru birtar sem fylgiskjal 3. Samþykkt aðila sem undirrituðu bókunina er birt sem fylgiskjal 4.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

C 94

Steindórsprent Gutenberg hf.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR MILLI EFTA-RÍKJANNA UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI, LÝÐVELDIÐ FINNLAND, LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN, KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR, KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ OG RÍKJASAMBANDIÐ SVISS,

HAFA HLIÐSJÓN af EES-samningnum;

HAFA Í HUGA að samkvæmt 1. mgr. 108. gr. EES-samningsins skulu EFTA-ríkin koma á fót óháðri eftirlitsstofnun (eftirlitsstofnun EFTA) og setja svipaðar reglur og fyrir eru í Evrópubandalaginu meðal annars starfsreglur til að tryggja efndir á skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum og að því er varðar eftirlit með lögmæti aðgerða eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni;

HAFA OG Í HUGA að samkvæmt 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins skulu EFTA-ríkin koma á fót dómstóli EFTA-ríkjanna;

HAFA HUGFAST markmið samningsaðila EES-samningsins, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, að ná fram og halda sig við samræmda túlkun og beitingu EES-samningsins og þeirra ákvæða í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í þann samning, svo og að koma sér saman um jafnræði við málsmeðferð gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri að því er varðar fjórþætta frelsið og samkeppnisskilyrði;

ÍTREKA að eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skulu hafa með sér samvinnu, skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstökum málum;

HAFA Í HUGA að inngangsorð gerða sem eru samþykktar vegna beitingar stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu eiga, að því leyti sem þessar gerðir til ákvæða í bókunum 1 til 4 og ákvæða í gerðum samsvarandi þeim sem eru skráðar í I. og II. viðauka við samning þennan, að því marki sem það er nauðsynlegt við um rétta túlkun og beitingu ákvæðanna í þessum bókunum og viðaukum;

TAKA við beitingu bókana 1 til 4 við samning þennan tilhlýðilegt tillit til laga- og stjórnsýsluhátta framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna fyrir gildistöku samnings þessa;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera með sér eftirfarandi samning:

I. HLUTI

1. gr.

Í þessum samningi merkið hugtakið:

a) „EES-samningur" meginmál EES-samningsins, bókanir og viðauka við hann, auk þeirra gerða sem þar er vísað til;

b) „EFTA-ríki" samningsaðila sem er aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EES-samningnum og samningi þessum.

2. gr.

EFTA-ríkin skulu gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir .

Þau skulu varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum samnings þessa verði náð.

3. gr.

1. Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða bókana 1 til 4 og ákvæða í gerðum samsvarandi þeim sem skráðar í I. og II. viðauka við samning þennan, að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag EES-samningsins, þó að því tilskildu að ákvæðin séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála.

2. Við túlkun og beitingu EES-samningsins og samnings þessa skulu eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn taka tilhlýðilegt tillit til þeirra meginreglna sem mælt er fyrir um í viðkomandi úrskurðum dómstóls Evrópubandalaganna sem kveðnir eru upp eftir undirritunardag EES-samningsins og varða túlkun þess samnings eða reglna í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, að því tilskildu að þær séu efnislega samhljóða ákvæðum EES-samningsins eða ákvæðum bókana 1 – 4, svo og ákvæðum gerða samsvarandi þeim sem skráðar eru í I. og II. viðauka við samning þennan.

II. HLUTI

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

4. gr.

Sjálfstæðri eftirlitsstofnun EFTA-ríkjanna, eftirlitsstofnun EFTA, er hér með komið á fót.

5. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal, í samræmi við ákvæði samnings þessa og ákvæði EES-samningsins og til að tryggja góða framkvæmd EES-samningsins:

a) tryggja að EFTA-ríkin standi við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum og samningi þessum;

b) tryggja beitingu reglna EES-samningsins um samkeppni;

c) hafa eftirlit með beitingu annarra samningsaðila á EES-samningnum.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal í þeim tilgangi:

a) taka ákvarðanir og gera aðrar ráðstafanir í málum sem kveðið er á um í samningi þessum og EES-samningnum;

b) setja fram tilmæli, skila áliti og gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða þessi samningur kveða skýrt á um slíkt eða eftirlitsstofnun EFTA álítur slíkt nauðsynlegt;

c) hafa samvinnu, skiptast á upplýsingum og hafa samráð við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna eins og kveðið er á um í samningi þessum og EES-samningnum;

d) sinna þeim störfum sem leiðir, vegna beitingar á bókun 1 við EES-samninginn, af þeim gerðum sem vísað er til í viðaukunum við þann samning, eins og tilgreint er í bókun 1 við samning þennan.

6. gr.

Í samræmi við ákvæði þessa samnings og EES-samningsins getur eftirlitsstofnun EFTA við skyldustörf sín farið fram á að fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá ríkisstjórnum og þar til bærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna og frá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.

7. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skulu skipa sjö eftirlitsfulltrúar sem skulu kosnir á grundvelli hæfni sinnar og vera sannanlega óháðir.

Aðeins ríkisborgarar EFTA-ríkja geta verið aðilar að eftirlitsstofnun EFTA.

8. gr.

Eftirlitsfulltrúar eftirlitsstofnunar EFTA skulu vera algerlega óháðir við skyldustörf sín. Þeir mega hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum eða öðrum aðilum. Þeir skulu forðast athæfi sem samræmist ekki skyldum þeirra. Hvert EFTA-ríki fellst á að virða þessa meginreglu og forðast að hafa áhrif á eftirlitsfulltrúar eftirlitsstofnunar EFTA við skyldustörf þeirra.

Eftirlitsfulltrúar eftirlitsstofnunar EFTA skulu ekki hafa annað starf með höndum á meðan þeir eru í embætti hvort sem það er launað starf eða ekki.

Þegar þeir taka við embætti skulu þeir skuldbinda sig til, bæði á meðan þeir eru í embætti og eftir að störfum þeirra lýkur, að virða skuldbindingar sem því tengjast og einkum þá skyldu sína að haga sér heiðarlega og með varfærni gagnvart því að þiggja ákveðnar tilnefningar og hlunnindi eftir að störfum þeirra lýkur. Verði misbrestur á þessu getur EFTA-dómstóllinn að beiðni eftirlitsstofnunar

EFTA úrskurðað að umræddum eftirlitsfulltrúa skuli, eftir því hver málsatvik eru, annaðhvort vikið úr starfi eða hann sviptur lífeyrisrétti sínum eða öðrum greiðslum í hans stað.

9. gr.

Útnefna skal eftirlitsfulltrúa í eftirlitsstofnun EFTA með samhljóða samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

Skipunartími þeirra er fjögur ár. Heimilt er að endurnýja hann.

10. gr.

Ef frá eru talin eðlileg mannaskipti eða andlát skal skyldustörfum eftirlitsfulltrúa í eftirlitsstofnun EFTA ljúka þegar hann segir af sér störfum eða er vikið úr starfi.

Skal þá ráðið í stöðuna sem þannig losnar til loka skipunartíma eftirlitsfulltrúans.

11. gr.

Ef eftirlitsfulltrúi í eftirlitsstofnun EFTA fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem sett eru um starf hans eða hann hefur gert sig sekan um alvarleg brot í starfi getur EFTA-dómstóllinn að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA vikið honum úr starfi.

12. gr.

Útnefna skal forseta eftirlitsstofnunar EFTA úr hópi eftirlitsfulltrúa hennar til tveggja ára með samhljóða samþykki ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

13. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA setur sér starfsreglur.

14. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal ráða embættismenn og aðra starfsmenn vegna starfa sinna.

Eftirlitsstofnun EFTA getur ráðfært sig við sérfræðinga eða ákveðið að skipa nefndir eða aðra hópa eftir því sem þörf krefur til aðstoðar við verkefni sín.

Embættismenn og aðrir starfsmenn eftirlitsstofnunar EFTA mega við skyldustörf sín hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum eða öðrum aðilum utan eftirlitsstofnunar EFTA.

Eftirlitsfulltrúar eftirlitsstofnunar EFTA, embættismenn og aðrir starfsmenn hennar, svo og nefndarmenn, skulu bundnir þagnarskyldum sem helst enda þótt þeira láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.

15. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun samkvæmt vilja meirihluta eftirlitsfulltrúa hennar. Falli atkvæði jafnt hefur forseti hennar oddaatkvæði.

Í starfsreglum skal kveðið á um hvað sé ákvörðunarbær meirihluti.

16. gr.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA skulu rökstuddar.

17. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum eða EES-samningnum skal tilkynna hlutaðeigandi aðilum um ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA og skulu þær öðlast gildi frá og með slíkri tilkynningu.

18. gr.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA skal birta í samræmi við ákvæði EES-samningsins og samnings þessa.

19. gr.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA sem fela í sér fjárskuldbindingar annarra aðila en ríkja skulu vera fullnustuhæfar í samræmi við 110. gr. EES-samningsins.

20. gr.

Einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri skulu eiga rétt á að hafa samskipti við eftirlitsstofnun EFTA á öllum opinberum tungumálum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalaganna að því er varðar tilkynningar, umsóknir og kvartanir. Þetta á einnig við um hvers konar málarekstur hvort sem hann á upphaf sitt í tilkynningu, umsókn eða kvörtun að frumkvæði eftirlitsstofnunar EFTA.

21. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal ár hvert birta almenna skýrslu um starfsemi sína.

III. HLUTI

EFNDIR EFTA-RÍKJANNA Á SKULDBINDINGUM SÍNUM SAMKVÆMT EES-SAMNINGNUM OG SAMNINGI ÞESSUM

22. gr.

Til að tryggja góða framkvæmd EES-samningsins skal eftirlitsstofnun EFTA hafa eftirlit með framkvæmd EFTA-ríkjanna á ákvæðum EES-samningsins og samnings þessa.

23. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, í samræmi við 22. og 37. gr. samnings þessa og 1. mgr. 65. gr. og 109. gr. EES-samningsins og XVI. viðauka við hann, og með fyrirvara um ákvæði sem er að finna í bókun 2 við samning þennan, tryggja að EFTA-ríkin beiti ákvæðum EES-samningsins um opinber innkaup.

24. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, í samræmi við 49., 61. – 64. og 109. gr. EES-samningsins, bókanir 14, 26, 27, IV. tölul. I. þáttar XIII. viðauka og XV. viðauka við hann, og ákvæði í bókun 3 við samning þennan, koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda og einnig tryggja að EFTA-ríkin beiti þessum ákvæðum.

Við beitingu b-liðar 2. mgr. 5. gr. skal eftirlitsstofnun EFTA einkum samþykkja, við gildistöku samnings þessa, gerðir er svara til þeirra sem skráðar eru í I. viðauka.

25. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, í samræmi við 53. – 60. og 109. gr. EES-samningsins, bókanir 21 – 25 og XIV. viðauka við hann, og með fyrirvara um ákvæði sem er að finna í bókun 4 við samning þennan, koma ákvæðum EES-samningsins um framkvæmd samkeppnisreglna í fyrirtækjum til framkvæmda og einnig tryggja að þessum ákvæðum verði beitt.

Við beitingu b-liðar 2. mgr. 5. gr. skal eftirlitsstofnun EFTA einkum samþykkja, við gildistöku samnings þessa, gerðir er svara til þeirra sem skráðar eru í II. viðauka.

26. gr.

Ákvæði um samvinnu, skipti á upplýsingum og samráð eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um beitingu EES-samningsins er að finna í 109. gr. svo og í 58. gr. og 2. mgr. 62. gr. EES-samningsins og bókunum 1, 23, 24 og 27 við hann.

IV. HLUTI

EFTA-DÓMSTÓLLINN

27. gr.

Dómstól EFTA-ríkjanna, sem nefnist hér á eftir EFTA-dómstóllinn, er hér með komið á fót. Hann skal starfa í samræmi við ákvæði samnings þessa og EES-samningsins.

28. gr.

EFTA-dómstólinn skipa sjö dómarar.

29. gr.

EFTA-dómstóllinn skal starfa fullskipaður. Úrskurðir dómstólsins teljast einungis gildir ef tala dómara hans stendur á oddatölu við umfjöllun. Úrskurðir dómstólsins teljast gildir ef fimm dómarar taka þátt í umfjöllun. Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna geta, að beiðni dómstólsins, með samhljóða samkomulagi, heimilað honum að koma á fót deildum.

30. gr.

Til embættis dómara skal velja þá sem óvéfengjanlega eru öðrum óháðir og uppfylla skilyrði til að skipa æðstu dómaraembætti í heimalöndum sínum eða hafa getið sérstakan orðstír sem lögfræðingar. Þeir skulu skipaðir til sex ára með samhljóða samkomulagi ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

Skipa skal að nýju í hluta dómaraembættanna á þriggja ára fresti. Nýskipun tekur til þriggja og fjögurra dómara á víxl. Velja skal þá þrjá dómara sem skipt er um eftir fyrstu þrjú árin með hlutkesti.

Dómara sem láta eiga af störfum má endurskipa.

Dómararnir skulu kjósa forseta EFTA-dómstólsins úr eigin hópi til þriggja ára. Hann má endurkjósa.

31. gr.

Telji eftirlitsstofnun EFTA að EFTA-ríki hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum eða samningi þessum skal hún, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, leggja fram rökstutt álit sitt um málið eftir að hafa gefið viðkomandi ríki tækifæri til að gera grein fyrir máli sínu.

Ef viðkomandi ríki breytir ekki í samræmi við álitið innan þess frests sem eftirlitsstofnun EFTA setur getur hún vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

32. gr.

EFTA-dómstóllinn hefur lögsögu í málum er varða lausn deilumála milli tveggja eða fleiri EFTA-ríkja um túlkun eða beitingu EES-samningsins, samningsins um fastanefnd EFTA eða samnings þessa.

33. gr.

Hlutaðeigandi EFTA-ríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja dómum EFTA-dómstólsins.

34. gr.

EFTA-dómstóllinn hefur lögsögu til að gefa ráðgefandi álit varðandi túlkun á EES-samningnum.

Komi upp álitamál í þessu sambandi fyrir dómstóli í EFTA-ríki, getur sá dómstóll eða réttur, ef hann álítur það nauðsynlegt til að geta kveðið upp dóm, farið fram á að EFTA-dómstóllinn gefi slíkt álit.

EFTA-ríki getur í eigin löggjöf takmarkað rétt til að leita eftir slíku ráðgefandi áliti við dómstóla og rétti geti úrlausn þeirra ekki sætt málskoti samkvæmt landslögum.

35. gr.

EFTA-dómstóllinn hefur ótakmarkað dómsvald að því er varðar viðurlög sem eftirlitsstofnun EFTA hefur sett.

36. gr.

EFTA-dómstóllinn hefur vald til að dæma í málum sem EFTA-ríki höfðar vegna ákvörðunar eftirlitsstofnunar EFTA og byggja á vanhæfi, verulegum formgöllum, brotum gegn samningi þessum, EES-samningnum eða réttarreglum um beitingu þeirra eða valdníðslu.

Einstaklingur eða lögpersóna getur með sömu skilyrðum höfðað mál fyrir EFTA-dómstólnum vegna ákvörðunar eftirlitsstofnunar EFTA er beinist að þessum einstaklingi eða lögpersónu eða vegna ákvörðunar hennar er beinist að öðrum einstaklingi eða lögpersónu ef málið varðar fyrrnefndan aðila beint eða persónulega.

Mál sem fjallað er um í þessari grein skal höfða innan tveggja mánaða frá því að ákvörðunin var birt eða tilkynnt sóknaraðila eða, hafi ekki til þess komið, frá þeim degi er sóknaraðili fékk vitneskju um það.

Ef málsóknin er á rökum reist skal lýsa ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA ógilda.

37. gr.

Láti eftirlitsstofnun EFTA hjá líða að taka ákvörðun og brjóti þannig gegn samningi þessum eða ákvæðum EES-samningsins getur EFTA-ríki höfðað mál fyrir EFTA-dómstólnum til að fá það staðfest að brot hafi verið framið.

Málshöfðun er því aðeins heimil að áður hafi verði skorað á eftirlitsstofnun EFTA að hefjast handa. Hafi eftirlitsstofnun EFTA ekki tekið afstöðu innan tveggja mánaða frá því að áskorunin var borin fram má höfða mál áður en liðnir eru aðrir tveir mánuðir.

Einstaklingur eða lögpersóna getur, með þeim skilyrðum sem sett eru í undanfarandi málsgreinum, borið fram kvörtun við EFTA-dómstólinn hafi eftirlitsstofnun EFTA látið hjá líða að beina ákvörðun sinni til viðkomandi aðila.

38. gr.

Ef ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA hefur verið lýst ógild eða staðfest hefur verið að hún hafi með aðgerðaleysi brotið gegn samningi þessum eða ákvæðum EES-samningsins skal eftirlitsstofnun EFTA gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta dóminum.

Þessi skuldbinding hefur ekki áhrif á skuldbindingar sem gætu leitt af beitingu annarrar málsgreinar 46. gr.

39. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í bókun 7 við samning þennan hefur EFTA-dómstóllinn vald til að dæma í málum gegn eftirlitsstofnun EFTA er varða skaðabætur sem kveðið er á um í annarri málsgrein 46. gr.

40. gr.

Málshöfðun fyrir EFTA-dómstólnum hefur ekki áhrif til frestunar. Þó getur EFTA-dómstóllinn fyrirskipað frestun á beitingu hinnar umdeildu gerðar álíti hann slíkt nauðsynlegt.

41. gr.

EFTA-dómstóllinn getur fyrirskipað nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir í málum sem vísað er til hans.

V. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

42. gr.

Bókanir og viðaukar við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.

43. gr.

1. Stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins er að finna í bókun 5 við þennan samning.

2. EFTA-dómstóllinn setur sér starfsreglur sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna skulu samþykkja með samhljóða samkomulagi.

44. gr.

1. Gerhæfi, forréttindi og friðhelgi sem EFTA-ríkin viðurkenna og veita í tengslum við eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn er að finna í bókun 6 og 7 við samning þennan.

2. Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn geta komist að samkomulagi samið við ríkisstjórn þess ríkis þar sem aðsetur þeirra er í um forréttindi og friðhelgi sem skulu viðurkennd og veitt í tengslum við það.

45. gr.

Aðsetur eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins skal ákveðið með samhljóða samkomulagi ríkisstjórna EFTA-ríkjanna.

46. gr.

Um samningsbundna ábyrgð eftirlitsstofnunar EFTA fer að þeim lögum sem gilda um viðkomandi samning.

Hvað snertir almenna skaðabótaábyrgð skal eftirlitsstofnun EFTA bæta það tjón sem hún eða starfsmenn hennar valda við skyldustörf sín, eftir almennum meginreglum laga.

47. gr.

Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna skulu, að fenginni tillögu frá eftirlitsstofnun EFTA og að höfðu samráði við nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna sem eiga sæti í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni, fyrir 1. janúar ár hvert ákveða með samhljóða samkomulagi fjárhagsáætlun komandi árs og skiptingu kostnaðar milli EFTA-ríkjanna.

Hafa skal samráð við eftirlitsstofnun EFTA um fjárhagsáætlun hennar áður en ákvörðun er tekin um að víkja frá tillögu hennar.

48. gr.

Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna skulu, að fenginni tillögu frá EFTA-dómstólnum, fyrir 1. janúar ár hvert ákveða með samhljóða samkomulagi fjárhagsáætlun EFTA-dómstólsins á komandi ári og skiptingu kostnaðar milli þeirra.

49. gr.

Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna geta, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, að fenginni tillögu frá eða eftir að hafa ráðgast við eftirlitsstofnun EFTA, breytt með samhljóða samkomulagi meginmáli samningsins og bókunum 1 – 4 og 6 – 7. Leggja skal slíkar breytingar fyrir EFTA-ríkin til samþykktar og skulu þær síðan öðlast gildi samþykki öll EFTA-ríkin þær. Samþykktarskjölum skal komið í vörslu hjá sænsku ríkisstjórninni sem skal tilkynna það öllum hinum EFTA-ríkjunum.

50. gr.

1. EFTA-ríki sem segir EES-samningnum upp er ekki lengur aðili að samningi þessum frá þeim degi sem úrsögnin öðlast gildi.

2. EFTA-ríki sem gerist aðili að Evrópubandalaginu er þar með ekki lengur aðili að samningi þessum frá þeim degi sem aðildin öðlast gildi.

3. Ríkisstjórnir annarra EFTA-ríkja skulu með samhljóða samkomulagi taka ákvarðanir um nauðsynlegar breytingar á samningi þessum.

51. gr.

EFTA-ríki er gerist aðili að EES-samningnum skal gerast aðili að samningi þessum með þeim skilmálum og skilyrðum sem EFTA-ríkin ákveða með samhljóða samkomulagi. Aðildarskjalinu skal komið í vörslu hjá sænsku ríkisstjórninni sem skal tilkynna það hinum EFTA-ríkjunum.

52. gr.

EFTA-ríkin skulu tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um ráðstafanir sem gerðar eru vegna framkvæmdar samnings þessa.

53. gr.

1. Samningur þessi, gerður í einu eintaki og löggiltur á ensku, skal fullgiltur af samningsaðilum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði þeirra.

Fyrir gildistöku samnings þessa skal hann einnig gerður og löggiltur á finnsku, frönsku, þýsku, íslensku, ítölsku, norsku og sænsku.

2. Samningi þessum skal komið í vörslu hjá sænsku ríkisstjórninni og skal hún sjá öllum EFTA-ríkjum fyrir staðfestum endurritum.

Fullgildingarskjölum skal komi í vörslu hjá sænsku ríkisstjórninni og skal hún tilkynna það hinum EFTA-ríkjunum.

3. Samningur þessi skal öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að EES-samningurinn öðlist gildi þann dag og að öll EFTA-ríkin hafi afhent fullgildingarskjöl vegna samnings þessa til vörslu.

Ef EES-samningurinn gengur ekki í gildi á þeim degi skal samningur þessi öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn eða þegar öll EFTA-ríkin hafa afhent fullgildingarskjöl vegna samnings þessa til vörslu og skal miða við síðari daginn.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði, undirritað samning þennan.

Gjört í Óportó annan dag maímánaðar árið 1992 í einu staðfestu eintaki á ensku sem skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað þennan samning og þeim sem gerast aðilar að honum, staðfest afrit.

BÓKUN 1

UM STÖRF OG VALDSVIÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA ER LEIÐIR, VEGNA BEITINGAR BÓKUNAR 1 VIÐ EES-SAMNINGINN, AF GERÐUNUM SEM VÍSAÐ ER TIL Í VIÐAUKUM VIÐ ÞANN SAMNING

MEÐ HLIÐSJÓN af EES-samningnum og einkum bókun 1 við hann;

MEÐ TILLITI TIL tilvísana í d-lið 4. tölul. og 5. tölul. bókunar 1 við EES-samninginn til eftirlitsstofnunar EFTA og fastanefndarinnar;

EINNIG MEÐ TILLITI TIL tilvísunar í d-lið 4. tölul. bókunar 1 við EES-samninginn til starfsreglna sem EFTA-ríkin hafa tekið upp;

ÞAR EÐ nauðsynlegt er vegna réttrar beitingar gerða, sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn, að EFTA-ríkin komi sér saman um störf sambærileg við störf framkvæmdastjórnar EB, sem annaðhvort eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin á að gegna vegna beitingar bókunar 1 við EES-samninginn og komi sér saman um málsmeðferð sem beri að beita á meðal EFTA-ríkjanna í þessu tilliti.

1. gr.

1. Ef gerðir sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn hafa að geyma ákvæði um málsmeðferð þar sem framkvæmdastjórn EB:

a) veitir aðildarríki upplýsingar um hvort varúðarráðstöfun eða öryggisráðstöfun sem aðildarríki gerði var réttlætanleg;

b) skal höfð með í ráðum af aðildarríki áður en veitt er undanþága frá eða frávik gerð frá ákvæðum gerðar af hálfu ríkisins;

c) getur, áður en veitt er undanþága frá eða frávik gerð frá ákvæðum gerðar af hálfu aðildarríkis, samþykkt eða veitt ríki slíka heimild, auk þess að tilgreina, eftir því sem nauðsyn ber til, ástæður þess að heimildin var veitt eða mælt fyrir um nákvæmar reglur varðandi framkvæmd hennar;

d) skal, eftir því sem nauðsyn ber til, hafa samráð við hlutaðeigandi aðildarríki eða þar til bær yfirvöld þeirra, einkum með það fyrir augum að leysa úr ágreiningi og deilum og, eftir því sem við á, leggja til viðeigandi lausnir;

e) á sviði heilbrigðis dýra og plantna,

— getur gert eða skipulagt mat, prófanir og athuganir á staðnum;

— getur veitt viðurkenningu eða því um líkt eða sett fram tilmæli um skipulag, áætlanir, bráðabólusetningar, áhættusvæði o.s.frv.;

— skal gera skrár, til dæmis um sérfræðinga, viðurkennd svæði, viðurkennd býli o.s.frv., og, eftir því sem við á, koma þeim á framfæri við aðildarríkin;

f) á sviði dýralækninga,

— getur gert viðeigandi ráðstafanir ef upp koma deilur;

g) á sviði tæknilegra reglugerða, staðla, prófana og vottana,

— skal tilkynna aðildarríkjunum um opinberar tækniforskriftir þar sem gengið er út frá samræmi við nauðsynlegar öryggiskröfur og, eftir því sem við á, hefja málsmeðferð þegar hún álítur að hætta beri við slíkt samræmi;

h) á sviði matvæla,

— getur ákveðið hvort tilteknum skilyrðum hafi verið fullnægt;

i) á sviði orku,

— skal framkvæma þá tilhögun sem kveðið er á um í lögum bandalagsins;

j) á sviði opinberra innkaupa,

— getur farið fram á að fá upplýsingar frá aðildarríkjunum eða þar til bærum yfirvöldum þeirra og/eða skal ákveða hvers konar viðbótarhagskýrslna krafist er;

— getur sett saman skrá yfir þá flokka starfsemi eða þjónustu sem hún telur að útilokun nái til;

— skal mæla fyrir um eftir hvaða reglum aðilar sem gera verksamning skuli tilkynna niðurstöður útboðs;

skal eftirlitsstofnun EFTA gegna þessum og sambærilegum störfum fyrir EFTA-ríkin í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í gerðunum sem vísað er til.

2. Ef framkvæmdastjórn EB eru falin önnur sambærileg störf skal eftirlitsstofnun EFTA einnig gegna samsvarandi störfum.

2. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka við upplýsingum sem EFTA-ríki eða þar til bært yfirvald sendir henni í samræmi við EES-reglurnar og koma upplýsingunum áfram til framkvæmdastjórnar EB.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal áfram veita viðtöku samsvarandi upplýsingum frá framkvæmdastjórn EB og dreifa þeim til EFTA-ríkjanna eða þar til bærra yfirvalda þeirra.

3. gr.

Verði framkvæmdastjórn EB að leggja tillögu að ráðstöfunum, í samræmi við gerð sem um getur í viðaukunum við EES-samninginn með málsmeðferð samkvæmt 1. gr., fyrir EB-nefnd eða hafa samráð við hana skal eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við samsvarandi málsmeðferð sem fastanefndin mælir fyrir um, hafa samráð við samsvarandi nefnd, ef hún er til, sem komið er á fót eða tilnefnd í samræmi við samninginn um fastanefnd EFTA-ríkjanna.

4. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, nema annað sé samþykkt í samráði við framkvæmdastjórn EB, útbúa samtímis framkvæmdastjórn EB, eftir því sem við á, skýrslur, mat eða annað af svipuðum toga varðandi EFTA-ríkin, í málum sem, vegna beitingar 5. tölul. bókunar 1 við EES-samninginn, leiðir af gerðunum sem vísað er til í viðaukum við þann samning og tengjast ekki beint störfum fastanefndarinnar samkvæmt bókun 1 við samninginn um fastanefnd EFTA-ríkjanna. Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samráð og skiptast á skoðunum við framkvæmdastjórn EB meðan skýrslugerðin fer fram en afrit af skýrslunum skulu send til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

BÓKUN 2

UM STÖRF OG VALDSVIÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA Á SVIÐI OPINBERRA INNKAUPA

1. gr.

1. Með fyrirvara um 31. gr. samnings þessa getur eftirlitsstofnun EFTA hafið málsmeðferð þá sem kveðið er á um í þessari grein þegar hún álítur, áður en samningagerð er lokið, að skýrt og greinilegt brot hafi verið framið á ákvæðum EES-samningsins á sviði opinberra innkaupa við gerð verksamninga er fellur undir gildissvið gerða sem vísað er til í 2. og 3. tölul. í XVI. viðauka við EES-samninginn.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna EFTA-ríkjunum og hlutaðeigandi samningsyfirvaldi með hvaða hætti hún komst að þeirri niðurstöðu að um skýrt og greinilegt brot hafi verið að ræða og fara fram á leiðréttingu þess.

3. Innan 21 dags frá því að tilkynningin sem um getur í 2. mgr. berst skal hlutaðeigandi EFTA-ríki senda eftirlitsstofnun EFTA:

a) staðfestingu á að bætt hafi verið úr brotinu; eða

b) rökstudda greinargerð um ástæður fyrir því að úrbót hafi ekki verið gerð; eða

c) auglýsingu um að gerð verksamninga hafi verið slegið á frest annaðhvort af samningsyfirvaldi að eigin frumkvæði þess eða á grundvelli þeirra heimilda sem tilgreindar eru í a-lið 1. mgr. 2. gr. þeirrar gerðar sem vísað er til í 5. tölul. í XVI. viðauka við EES-samninginn.

4. Byggja má rökstuddu greinargerðina, í samræmi við b-lið 3. mgr. þessarar greinar, meðal annars á því að meint brot hafi þegar verið tekið fyrir í dómskerfinu eða þar tekið fram á annan hátt eða á þann hátt sem greint er frá í 8. mgr. 2. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 5. tölul. XVI. viðauka við EES-samninginn. Í því tilviki skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um niðurstöðu þeirrar meðferðar um leið og hún liggur fyrir.

5. Liggi fyrir auglýsing um að gerð verksamninga hafi verið frestað í samræmi við c-lið 3. mgr. þessarar greinar skal EFTA-ríki tilkynna eftirlitsstofnun EFTA þegar fallið hefur verið frá frestuninni eða hafist er handa við aðra samningsgerð sem tengist sama efni að öllu leyti eða að hluta til. Í tilkynningunni skal koma fram staðfesting á að bætt hafi verið úr meintu broti eða rökstudd greinargerð sem tilgreinir ástæður fyrir því að úrbót hafi ekki verið gerð.

2. gr.

1. Eigi síðar en 1. janúar 1996 skal eftirlitsstofnun EFTA ásamt ráðgjafarnefnd, skipaðri fulltrúum EFTA-ríkjanna, endurskoða með hvaða hætti ákvæði þessarar bókunar og ákvæði gerðarinnar sem vísað er til í 5. tölul. XVI. viðauka við EES-samninginn hafa verið framkvæmd og, ef nauðsyn krefur, gera tillögur um breytingar. Formaður nefndarinnar skal vera fulltrúi eftirlitsstofnunar EFTA.

Formaðurinn skal kalla nefndina saman að eigin frumkvæði eða að beiðni einhvers nefndarmanna.

2. Eigi síðar en 1. mars ár hvert skulu EFTA-ríkin veita eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um framkvæmd eigin starfsreglna á undangengnu almanaksári. Eftirlitsstofnun EFTA skal ákveða eðli þessara upplýsinga í samráði við ráðgjafarnefndina.

BÓKUN 3

UM STÖRF OG VALDSVIÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA Á SVIÐI RÍKISAÐSTOÐAR

1. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal í samvinnu við EFTA-ríkin hafa stöðugt til skoðunar öll aðstoðarkerfi sem eru við lýði í þessum ríkjum. Hún skal leggja til við þau að þau geri viðeigandi ráðstafanir sem krafist er í samræmi við þróun eða framkvæmd EES-samningsins.

2. Ef eftirlitsstofnun EFTA kemst að því, eftir að hafa beðið hlutaðeigandi aðila um að gera athugasemdir, að aðstoð sem EFTA-ríki veitir eða er veitt af fjármunum EFTA-ríkis samræmist ekki framkvæmd EES-samningsins með tilliti til 61. gr. EES-samningsins eða aðstoðin er misnotuð skal hún taka ákvörðun um að hlutaðeigandi EFTA-ríki skuli leggja niður eða breyta aðstoðinni innan frests sem eftirlitsstofnunin ákveður.

Ef hlutaðeigandi EFTA-ríki hlítir ekki þessari ákvörðun innan tilsetts frests getur eftirlitsstofnun EFTA eða annað hlutaðeigandi EFTA-ríki, með því að víkja frá 31. og 32. gr. samnings þessa, vísað málinu beint til EFTA-dómstólsins.

EFTA-ríkin geta með samhljóða samkomulagi, að beiðni EFTA-ríkis, ákveðið að aðstoð sem ríki veitir eða ætlar að veita skuli teljast samræmanleg framkvæmd EES-samningsins, sem undanþága frá ákvæðum 61. gr.

EES-samningsins, ef slík ákvörðun er réttlætt á grundvelli sérstakra aðstæðna. Ef eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar hafið málsmeðferð þá sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar að því er varðar umrædda aðstoð skal málsmeðferðinni frestað ef hlutaðeigandi ríki hefur sett fram beiðni til EFTA-ríkjanna þar til EFTA-ríkin hafa opinberað afstöðu sína með samhljóða samkomulagi.

Ef hins vegar EFTA-ríkin hafa ekki opinberað afstöðu sína innan þriggja mánaða frá því að beiðnin kom fram skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun.

3. Tilkynna skal eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. Telji hún að slík áætlun samræmist ekki framkvæmd EES-samningsins með tilliti til 61. gr. EES-samningsins skal hún tafarlaust hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir.

2. gr.

1. Ráðgjafarnefnd skal aðstoða eftirlitsstofnun EFTA við rannsókn á aðstoð sem veitt er vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum. Formaður nefndarinnar skal vera fulltrúi eftirlitsstofnunar EFTA og skulu fulltrúar, tilnefndir af hverju EFTA-ríki, skipa nefndina. Tilkynna skal um fundi nefndarinnar eigi síðar en tíu dögum fyrir áætlaðan fundartíma og skal dagskrá fundarins koma fram í tilkynningunni. Heimilt er að stytta þennan tíma við í bráðatilvikum.

2. Nefndin getur gefið álit sitt á öllum álitamálum er varða framkvæmd á ákvæðum EES-samningsins um veitingu aðstoðar í flutningsgeiranum.

3. Tilkynna skal nefndinni jafnóðum eðli og umfang aðstoðar sem er veitt flutningafyrirtækjum og almennt skal veita henni nauðsynlegar upplýsingar um einstaka þætti aðstoðarinnar um leið og tilkynnt er um aðstoðina til eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við ákvæði sem mælt er fyrir um í IV. tölul. I. þáttar XIII. viðauka við EES-samninginn er fjallar um veitingu aðstoðar í flutningsgeiranum.

BÓKUN 4

UM STÖRF OG VALDSVIÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA Á SVIÐI SAMKEPPNI

I. HLUTI

ALMENNAR REGLUR

I. KAFLI

INNGANGUR

1. gr.

Í þessari bókun er að finna ákvæði um framkvæmd samkeppnisreglna er gilda um fyrirtæki í EES-samningnum og einkum um framkvæmd bókana 21 – 25 við þann samning.

2. gr.

1. Ákvæði II. – V. kafla, XIII. og XIV. kafla gilda um alla efnisflokka sem EES-samningurinn tekur til nema kveðið sé á um annað.

2. Ákvæði II. – IV. kafla gilda ekki um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir í flutningsgeiranum sem hafa það að markmiði eða hafa þau áhrif að ákveða flutningsgjöld og skilyrði, takmörkun eða stjórn á framboði í flutningum eða skiptingu flutningsmarkaðarins; né heldur gilda þau um misnotkun á yfirburðastöðu í skilningi 54. gr. EES-samningsins á flutningsmarkaðinum. Í VI. – XII. kafla er fjallað um slík tilvik.

3. Ákvæði II. – V., XIII. og XIV. kafla gilda ekki um tilvik XV. kafla um skilyrði sem þar er fjallað um.

3. gr.

Í XVI. kafla er að finna bráðabirgðareglur er gilda um II. – XV. kafla.

4. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA getur, í samræmi við 49. gr. samnings þessa, lagt tillögur að breytingum á þessari bókun ásamt viðbætum hennar fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna.

II. KAFLI

ALMENNAR REGLUR UM MÁLSMEÐFERÐ VEGNA FRAMKVÆMDAR Á 53. OG 54. GR. EES-SAMNINGSINS

1. gr.

Grundvallarákvæði

Með fyrirvara um 6. gr. þessa kafla og 3. gr. XVI. kafla er lagt bann við öllum samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum eins og þeim er lýst í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og allri misnotkun á yfirburðastöðu í skilningi 54. gr. EES-samningsins án þess að nauðsynlegt sé að ákvarða um það fyrirfram.

2. gr.

Mótmælum ekki hreyft

Fyrirtæki eða samtök fyrirtækja geta sótt um staðfestingu hjá eftirlitsstofnun EFTA á því að samkvæmt þeim upplýsingum sem hún hefur undir höndum séu engar forsendur fyrir aðgerðum á grundvelli 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins vegna samnings, ákvörðunar eða aðgerðar.

3. gr.

Stöðvun brota

1. Komist eftirlitsstofnun EFTA að raun um að mál, sem vísað hefur verið til hennar eða hún hefur látið athuga að eigin frumkvæði, brjóti í bága við ákvæði 53. eða 54. gr. EES-samningsins, getur hún tekið ákvörðun um að fyrirskipa fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem hlut eiga að máli að binda enda á brotið.

2. Rétt til að vísa máli hafa:

a) EFTA-ríkin;

b) einstaklingar eða lögpersónur sem telja sig eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

3. Með fyrirvara um önnur ákvæði bókunar þessarar er eftirlitsstofnun EFTA heimilt, áður en hún tekur ákvörðun samkvæmt 1. mgr., að beina tilmælum til hlutaðeigandi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja um að þau bindi enda á brotið.

4. gr.

Tilkynning um nýja samninga, ákvarðanir og aðgerðir

1. Aðilum er beita vilja ákvæðum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins ber að tilkynna, samkvæmt 56. gr. EES-samningsins, reglunum í 1. – 3. gr. bókunar 21, og í bókun 23 við EES-samninginn auk reglna í III., VI., VII., IX., X., XI., XII. og XV. kafla, eftirlitsstofnun EFTA um alla samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, eins og lýst er í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, er verða til eftir

að EES-samningurinn öðlast gildi. Óheimilt er að taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 53. gr. fyrr en tilkynning hefur farið fram.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir þegar:

a) einungis aðilar frá einu aðildarríki EB eða einu EFTA-ríki eiga í hlut og samningar, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir er um ræðir lúta hvorki að innflutningi né útflutningi milli aðila að EES-samningnum;

b) ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og samningarnir:

i) takmarka einungis frelsi annars samningsaðilans til að ákvarða verð eða viðskiptaskilmála fyrir endursölu vöru sem hann hefur fengið frá hinum samningsaðilanum; eða

ii) setja einungis skorður við rétti framsalshafa eða leyfishafa einkaréttar í iðnaði — einkum þess er hefur einkaleyfi, rétt til mynsturs, hönnunar eða vörumerkja — eða aðila er öðlast hefur rétt samkvæmt samningi til að beita ákveðinni aðferð eða þekkingu í iðnaðarframleiðslu;

c) markmið þeirra er einungis:

i) þróun eða samræmd notkun staðla eða vörugerða; eða

ii) sameiginlegar rannsóknir eða þróun; eða

iii) sérhæfing við framleiðslu vara, meðal annars nauðsynleg samningagerð til að ná því markmiði:

— ef sérhæfðu vörurnar eru ekki, á umtalsverðum hluta af því svæði sem samningur þessi tekur til, meira en 15 af hundraði af af heildarumsvifum með sams konar framleiðsluvörur eða vörur sem neytendur telja að séu sambærilegar vegna einkenna þeirra, verðs og notkunar; og

— ef heildarvelta ársins hjá samstarfsfyrirtækjum er ekki meiri en 200 milljónir evrópskra mynteininga (ECU).

Heimilt er að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um þessa samninga, ákvarðanir og samstilltu aðgerðir samkvæmt 56. gr. EES-samningsins, reglunum í 1. – 3. gr. bókunar 21 og bókun 23 við EES-samninginn auk reglna í III., VI., VII., IX., X., XI., XII. og XV. kafla.

5. gr.

Tilkynning um gildandi samninga, ákvarðanir og aðgerðir

(Sjá 1. gr. XVI. kafla)

6. gr.

Ákvarðanir á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal, þegar hún tekur ákvörðun á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, tiltaka þann dag er ákvörðunin öðlast gildi. Sú dagsetning má ekki vera fyrr en birtingardaginn.

2. Seinni málsliður 1. mgr. á ekki við um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir er falla undir 2. mgr. 4. gr. þessa kafla eða 2. mgr. 1. gr. XVI. kafla eða falla undir 1. mgr. 1. gr. XVI. kafla og tilkynnt hefur verið um innan þess frests sem tilgreindur er í 1. mgr. 1. gr. XVI. kafla.

7. gr.

Sérstök ákvæði um gildandi samninga, ákvarðanir og aðgerðir

(Sjá 3. gr. XVI. kafla)

8. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana samkvæmt 3. mgr. 53. gr.

1. Ákvörðun tekin til að framfylgja ákvæðum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins skal gilda um tiltekinn tíma og er heimilt að henni fylgi bæði skilyrði og skuldbindingar.

2. Heimilt er að endurnýja ákvörðun ef þess er farið á leit og hún fullnægir áfram kröfum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

3. Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tilteknar athafnir aðila:

a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst;

b) standi aðilar ekki við einhverja þeirra skuldbindinga sem fylgja ákvörðuninni;

c) grundvallist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi verið tekin með blekkingum;

d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í þeim tilvikum sem falla undir b-, c- eða d-lið má afturkalla ákvörðunina afturvirkt.

9. gr.

Valdsvið

1. Með fyrirvara um endurskoðun EFTA-dómstólsins, í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði samnings þessa, á ákvörðun hennar hefur eftirlitsstofnun EFTA óskorað vald til að lýsa því yfir að 1. mgr. 53. gr. verði ekki beitt á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins með þeim skilyrðum sem er að finna í 56. gr. EES-samningsins.

2. Eftirlitsstofnun EFTA hefur vald til að beita ákvæðum 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins; þessu valdi má beita þótt frestur fyrir tilkynningar, sem tilgreindur er í 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. XVI. kafla, sé ekki útrunninn.

3. Hafi eftirlitsstofnun EFTA ekki átt frumkvæði að málsmeðferð samkvæmt 2., 3. eða 6. gr. eru yfirvöld EFTA-ríkjanna áfram bær til að beita ákvæðum 1. mgr. 53. gr. og 54. gr.; þau verða áfram bær í þessu tilliti þótt frestur fyrir tilkynningu, sem veittur er samkvæmt 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. XVI. kafla, sé ekki útrunninn.

10. gr.

Samvinna við yfirvöld í EFTA-ríkjunum

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af öllum umsóknum og tilkynningum ásamt afritum af skjölum þeim er mestu máli skipta sem henni hafa verið send til þess að sýna fram á að brotið hafi verið gegn 53. eða 54. gr. EES-samningsins eða til að fá samþykki hennar eða ákvörðun á grundvelli 3. mgr. 53. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna eintak af tilkynningum, kærum og upplýsingum um upphaf málsmeðferðar í krafti embættis frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 2. og 10. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna eintak af skjölum frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 7. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal beita málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 1. mgr. í náinni og stöðugri samvinnu við lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna; þeim yfirvöldum er heimilt að gera athugasemdir við þá málsmeðferð.

3. Samráð skal haft við ráðgjafarnefnd um samkeppnismál áður en ákvörðun er tekin samkvæmt málsmeðferð þeirri sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. eða ákvörðun um endurnýjun, breytingu eða afturköllun ákvörðunar á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

Samráð skal haft við ráðgjafarnefndina áður en tillaga sem um getur í 22. gr. er lögð fram.

4. Ráðgjafarnefndina skipa embættismenn sem til þess eru bærir að fjalla um samkeppnishömlur og einokun. Hvert EFTA-ríki skal tilnefna einn embættismann sem fulltrúa sinn og er heimilt að senda annan embættismann í hans stað komi til forfalla.

Framkvæmdastjórn EB og aðildarríki EB eiga rétt á að sitja fundi ráðgjafarnefndarinnar með málfrelsi. Fulltrúar þeirra skulu þó ekki hafa atkvæðisrétt.

5. Samráðið fer fram á sameiginlegum fundi sem eftirlitsstofnun EFTA boðar til; fundinn skal ekki halda fyrr en fjórtán dögum eftir að fundarboð var sent út. Í fundarboðinu skal koma fram, í öllum málum sem til umfjöllunar eru, samantekt um málið ásamt yfirliti yfir helstu skjöl og fyrstu drög að ákvörðun.

Með hliðsjón af þátttöku þeirri sem kveðið er á um í annarri undirgrein 4. mgr. skal boða framkvæmdastjórn EB til fundarins og veita henni þær upplýsingar sem máli skipta og kveðið er á um í 6. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

6. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að skila áliti enda þótt einhverjir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu fjarverandi. Skýrsla um niðurstöður samráðsfundarins skal fylgja drögum að ákvörðun um málið. Hún skal ekki gerð opinber.

11. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkisstjórnum og lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna og hjá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja til að geta innt af hendi þær skyldur sem á hana eru lagðar samkvæmt 55. og 58. gr. EES-samningsins, ákvæðum bókunar 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla.

2. Þegar eftirlitsstofnun EFTA sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún jafnframt senda afrit af beiðninni til lögbærs yfirvalds í því EFTA-ríki þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur.

3. Í beiðninni ber eftirlitsstofnun EFTA að skýra frá lagalegum grundvelli og tilgangi sem að baki beiðninni liggur og auk þess viðurlögum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 15. gr. við því að gefa rangar upplýsingar.

4. Eigendum fyrirtækjanna eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögpersónur er að ræða, félögum eða fyrirtækjum eða, þegar um ræðir samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögpersóna, einstaklingum sem heimild hafa til að koma fram fyrir þeirra hönd, samkvæmt lögum eða stofnsamþykktum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar.

5. Veiti fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin tiltekur, eða veiti ófullnægjandi upplýsingar, skal eftirlitsstofnun EFTA krefjast þess með ákvörðun að upplýsingarnar skuli veittar. Í ákvörðuninni skal tilgreina upplýsingar þær sem þörf er á, setja viðeigandi skilafrest og skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 15. gr. og c-lið 1. mgr. 16. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 35. gr.

6. Eftirlitsstofnun EFTA skal jafnframt senda afrit af ákvörðuninni til lögbærs yfirvalds þess EFTA-ríkis þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur sitt.

12. gr.

Athugun innan einstakra atvinnugreina

1. Gefi þróun viðskipta milli aðildarríkja, verðbreytingar, ósveigjanleiki í verðmyndun eða aðrar kringumstæður innan einstakra atvinnugreina ástæðu til að ætla að samkeppni á svæði því er EES-samningurinn tekur til hafi verið takmörkuð eða henni raskað í viðkomandi grein getur eftirlitsstofnun EFTA ákveðið í samræmi við ákvæði bókunar 23 við EES-samninginn að gera allsherjarkönnun í þeirri atvinnugrein og getur, á meðan á könnuninni stendur, leitað til fyrirtækja í atvinnugreininni um upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja meginreglum þeim sem settar eru fram í 53. og 54. gr. EES-samningsins og til að eftirlitsstofnun EFTA geti innt af hendi skyldur sínar.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er meðal annars heimilt að fara fram á að öll fyrirtæki eða samtök fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein láti henni í té upplýsingar um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem undanþegnar eru tilkynningarskyldu samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þessa kafla og 2. mgr. 1. gr. XVI. kafla.

3. Á meðan á könnuninni sem um getur í 2. mgr. stendur skal eftirlitsstofnun EFTA auk þess leita til fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, sem ætla má að hafi vegna stærðar sinnar yfirburðastöðu á svæði því er EES-samningurinn tekur til eða verulegum hluta þess, um allar upplýsingar varðandi uppbyggingu fyrirtækjanna og starfsemi þeirra sem þörf er á til að meta stöðu þeirra með tilliti til 54. gr. EES-samningsins.

4. Ákvæði 3. – 6. mgr. 10. gr. og 11., 13. og 14. gr. gilda á sama hátt.

13. gr.

Rannsóknir yfirvalda í EFTA-ríkjunum

1. Að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA skulu lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum gangast fyrir þeim rannsóknum sem eftirlitsstofnun EFTA telur þörf á samkvæmt 1. mgr. 14. gr. eða sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 14. gr. Þeir embættismenn lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum sem hefur verið falið að sjá um rannsóknir þessar skulu hefjast handa þegar þeir hafa fengið til þess skriflegt umboð frá lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram. Í slíku umboði skal koma fram hvert viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar er.

2. Embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt að aðstoða embættismenn viðkomandi EFTA-ríkis við rannsóknarstarfið fari eftirlitsstofnun EFTA eða lögbær yfirvöld í EFTA-ríkinu, þar sem rannsóknin á að fara fram, fram á það.

14. gr.

Valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA við rannsóknir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á starfsemi fyrirtækja og samtaka fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkis til að inna af hendi skyldur þær sem á henni hvíla samkvæmt 55. og 58. gr. EES-samningsins, ákvæðum bókunar 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla. Í þessu skyni er embættismönnum sem eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð heimilt að:

a) skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl;

b) taka afrit af eða útdrætti úr bókhaldi og viðskiptaskjölum;

c) fara fram á munnlegar skýringar á staðnum;

d) fá aðgang að öllu húsnæði, landi og flutningatækjum fyrirtækja.

2. Embættismenn eftirlitsstofnunar EFTA, sem heimild hafa til þessara rannsókna, skulu við meðferð valds síns framvísa skriflegu umboði þar sem viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar kemur fram og viðurlög þau sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 15. gr., sé framvísun bókhalds eða annarra viðskiptaskjala sem krafist er ófullnægjandi. Eftirlitsstofnun EFTA ber, með góðum fyrirvara fyrir rannsóknina, að tilkynna lögbæru yfirvaldi í því EFTA-ríki þar sem rannsóknin á að fara fram um fyr-

irhugaða rannsókn og nöfn þeirra embættismanna sem starfa í umboði hennar. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig útvega heimild handa fulltrúum framkvæmdastjórnar EB sem taka þátt í rannsókninni í samræmi við 4. mgr. 8. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

3. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er skylt að gangast undir rannsókn sem eftirlitsstofnun EFTA fyrirskipar með ákvörðun. Í ákvörðuninni skulu viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar koma fram og hvaða dag hún skuli hefjast auk þess skal skýra frá viðurlögum þeim sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 15. gr. og d-lið 1. mgr. 16. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 35. gr.

4. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir sem um getur í 3. mgr. að höfðu samráði við lögbært yfirvald í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram.

5. Embættismönnum hins lögbæra yfirvalds í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram er heimilt að aðstoða embættismenn eftirlitsstofnunar EFTA við rannsóknina að beiðni þessa yfirvalds eða eftirlitsstofnunar EFTA.

6. Ef fyrirtæki neitar að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið samkvæmt þessari grein ber hlutaðeigandi EFTA-ríki að veita embættismönnum með umboði frá eftirlitsstofnunar EFTA nauðsynlega aðstoð til að þeim verði gert kleift að inna skyldur sínar af hendi.

7. EFTA-ríkjunum ber, að höfðu samráði við eftirlitsstofnun EFTA, að gera nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi innan sex mánaða frá því að EES-samningurinn öðlast gildi.

15. gr.

Sektir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 100 til 5 000 evrópskar mynteiningar (ECU) þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

a) veita rangar eða villandi upplýsingar í umsókn sem lögð hefur verið fram samkvæmt 2. gr. eða í tilkynningu samkvæmt 4. gr. þessa kafla eða 1. gr. XVI. kafla; eða

b) veita rangar upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt 3. eða 5. mgr. 11. gr. eða samkvæmt 12. gr., eða veita ekki upplýsingar innan frests sem ákveðinn er með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 11. gr.; eða

c) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar rannsókn fer fram samkvæmt 13. eða 14. gr. eða neita að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 14. gr.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 1 000 til 1 000 000 evrópskar mynteiningar (ECU) eða meira, en sektin skal þó ekki vera hærri en sem nemur 10% af veltu undanfarins rekstrarárs hjá hverju fyrirtækjanna sem gerst hafa brotleg, þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

a) brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins; eða

b) standa ekki við allar skuldbindingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr.

Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hve alvarlegt brotið er og hve lengi það hefur viðgengist.

3. Ákvæði 3. – 6. mgr. 10 gr. gilda.

4. Ákvarðanir teknar samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu ekki vera refsiréttarlegs eðlis.

5. Sektunum sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. skal ekki beitt gagnvart athöfnum sem eiga sér stað:

a) eftir að tilkynning hefur verið send eftirlitsstofnun EFTA og áður en hún hefur tekið ákvörðun á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, að því tilskildu að slíkar athafnir séu í samræmi við starfsemina sem tilkynnt hefur verið;

b) áður en tilkynning hefur verið send og í framhaldi af samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum sem samið hefur verið um áður en EES-samningurinn öðlast gildi, þó að því tilskildu að tilkynnt hafi verið um þær innan þess frests sem tilgreindur er í 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. XVI. kafla.

6. Ákvæði 5. mgr. skulu ekki gilda hafi eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt hlutaðeigandi fyrirtækjum að eftir bráðabirgðarannsókn sé það álit hennar að ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eigi við og ekki sé rétt að beita 3. mgr. 53. gr.

16. gr.

Févíti

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákvarða févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, er nemur frá 50 til 1 000 evrópskum mynteiningum (ECU) á dag og reiknast frá þeim degi sem tiltekinn er í ákvörðuninni, til að þvinga þau til að:

a) hætta því athæfi sem brýtur gegn 53. eða 54. gr. EES-samningsins í samræmi við ákvörðun tekna samkvæmt 3. gr. þessa kafla;

b) forðast hvert það athæfi sem bannað er samkvæmt 3. mgr. 8. gr.;

c) veita tæmandi og réttar upplýsingar þegar hún hefur farið fram á það með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 11. gr.;

d) gangast undir rannsókn sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 14. gr.

2. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að þvinga þau til að standa við er eftirlitsstofnun EFTA heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni.

3. Ákvæði 3. – 6. mgr. 10. gr. gilda.

17. gr.

Áfrýjun til EFTA-dómstólsins

EFTA-dómstóllinn hefur, í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði samnings þessa, ótakmarkaða lögsögu í skilningi 35. gr. þessa samnings til að fjalla um lögmæti ákvarðana eftirlitsstofnunar EFTA um sektir eða févíti; honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

18. gr.

Evrópska mynteiningin (ECU)

Við beitingu 15. – 17. gr. merkir „ECU" þá myntein ingu sem lögbær yfirvöld Evrópubandalaganna skilgreina.

19. gr.

Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila

1. Áður en eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvarðanir eins og kveðið er á um í 2., 3., 6., 8., 15. og 16. gr. þessa kafla skal hún veita hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í þeim málum sem eftirlitsstofnun EFTA hefur andmælt.

2. Telji eftirlitsstofnun EFTA eða lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ástæðu til er þeim einnig heimilt að veita öðrum einstaklingum eða lögpersónum færi á að gefa skýrslu. Verða skal við beiðni þessara aðila um tækifæri til að skýra mál sitt ef þeir sýna fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta.

3. Hyggist eftirlitsstofnun EFTA gefa út samþykki samkvæmt 2. gr. eða taka ákvörðun varðandi beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins skal hún birta samantekt um viðkomandi umsókn eða tilkynningu og bjóða öllum hagsmunaaðilum að skila athugasemdum innan frests sem hún ákveður og ekki skal vera skemmri en einn mánuður. Við birtingu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

20. gr.

Þagnarskylda

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 9. gr. bókunar 23 við EES-samninginn skal einungis nota vitneskju, sem aflað er þegar ákvæðum 11., 12., 13. og 14. gr. þessa kafla eða 58. gr. EES-samningsins og bókunar 23 við hann er beitt, að því er varðar viðkomandi beiðni eða rannsókn.

2. Með fyrirvara um ákvæði 19. og 21. gr. er eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum starfsmönnum óheimilt að láta uppi vitneskju sem þeir öðlast vegna þess að bókun þessari er beitt eða 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann og er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Þessi skuldbinding á einnig við um fulltrúa framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB sem sitja fundi ráðgjafarnefndarinnar samkvæmt 4. mgr. 10. gr. og taka þátt í skýrslugjöfinni samkvæmt 2. mgr. 8. gr. IV. kafla.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða athugana

sem fela ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

21. gr.

Birting ákvarðana

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur samkvæmt 2., 3., 6. og 8. gr. þessa kafla og 3. gr. XVI. kafla.

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; taka skal tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

22. gr.

Sérstök ákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur lagt fyrir EFTA-ríkin, til samráðs í fastanefndinni samkvæmt 2. gr. samningsins um fastanefnd EFTA-ríkjanna, tillögur sem miða að því að undanskilja ákveðnar tegundir af samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum frá banni því sem fram kemur í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, í samræmi við 1. mgr. 53. gr. hans.

III. KAFLI

EYÐUBLÖÐ, INNIHALD OG ÖNNUR ATRIÐI ER VARÐA UMSÓKNIR OG TILKYNNINGAR

1. gr.

Aðilar sem rétt hafa til að skila umsóknum og tilkynningum

1. Fyrirtæki sem er aðili að samningum, ákvörðunum eða aðgerðum eins og lýst er í 53. og 54. gr. EES-samningsins er heimilt að skila umsókn samkvæmt 2. gr. II. kafla eða tilkynningu samkvæmt 4. gr. II. kafla og 1. gr. XVI. kafla. Skili einungis nokkur fyrirtæki, en ekki öll, sem í hlut eiga, umsóknum eða tilkynningum skulu þau tilkynna hinum þar um.

2. Þegar fulltrúar fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, einstaklingar eða lögpersónur undirrita umsóknir og tilkynningar samkvæmt 2. gr., 1. mgr. 3. gr., b-lið 2. mgr. 3. gr. og 4. gr. II. kafla og 1. gr. XVI. kafla skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu á því að þeir hafi til þess umboð.

3. Þegar sameiginlegri umsókn eða tilkynningu er skilað skal tilnefna sameiginlegan fulltrúa.

2. gr.

Skil á umsóknum og tilkynningum

1. Senda skal eftirlitsstofnun EFTA níu eintök af hverri umsókn og tilkynningu.

2. Heimilt er að senda annaðhvort frumrit eða afrit af fylgiskjölunum. Öll afrit skulu vera staðfest afrit frumtextans.

3. Umsóknir og tilkynningar skal rita á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins. Fylgiskjöl skal senda á frummálinu. Ef frummálið er ekki opinbert tungumál EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins verður þýðing á einu þessarar tungumála að fylgja.

3. gr.

Skiladagur umsókna og tilkynninga

Skiladagur umsóknar eða tilkynningar telst sá dagur er hún berst eftirlitsstofnun EFTA, samanber þó 11. gr. bókunar 23 við EES-samninginn. Sé umsókn eða tilkynning hins vegar send í ábyrgðarpósti telst skiladagur sú dagsetning sem fram kemur á póststimpli póstafgreiðslustöðvar.

4. gr.

Efni umsókna og tilkynninga

1. Skila skal umsóknum samkvæmt 2. gr. II. kafla er lúta að 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og tilkynningum samkvæmt 4. gr. II. kafla eða 2. mgr. 1. gr. XVI. kafla á eyðublöðum sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna gefa út í þessum tilgangi, með samhljóða samkomulagi, samanber 1. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB.

2. Í umsóknum og tilkynningum skal veita þær upplýsingar sem óskað er eftir á eyðublöðunum.

3. Samstarfsfyrirtækjum er heimilt að skila sameiginlegri umsókn eða tilkynningu á einu eyðublaði.

4. Í umsóknum sem um getur í 2. gr. II. kafla og lúta að 54. gr. EES-samningsins skal gera fulla grein fyrir staðreyndum málsins, meðal annars tilgreina um hvers konar starfsemi sé að ræða og hver sé staða fyrirtækisins eða fyrirtækjanna á svæði því sem EES-samningurinn tekur til eða stórum hluta þess að því er varðar þær framleiðsluvörur eða þjónustu sem starfsemin lýtur að. Heimilt er að nota eyðublöðin sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna gefa út í þessum tilgangi, með samhljóða samkomulagi, samanber 1. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB.

5. gr.

Sérstök ákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur í samræmi við ákvæði 49. gr. samnings þessa lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum ásamt athugasemdum.

IV. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 1. OG 2. MGR. 19. GR. II. KAFLA

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal láta gefa skýrslu samkvæmt 1. mgr. 19. gr. II. kafla áður en hún leitar samráðs við ráðgjafarnefnd um samkeppnismál.

2. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja skriflega um andmæli gegn þeim. Tilkynningin skal stíluð á hvert og eitt þeirra eða á sameiginlegan fulltrúa sem þau hafa tilnefnt.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að koma tilkynningum á framfæri við málsaðila með birtingu tilkynningar í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* ef slíkt virðist viðeigandi með hliðsjón af málsatvikum, einkum þegar koma skal tilkynningu á framfæri við fleiri en eitt fyrirtæki en enginn sameiginlegur fulltrúi hefur verið tilnefndur. Í tilkynningunni skal tekið tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Einungis er heimilt að úrskurða um sekt eða févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ef andmælunum hefur verið komið á framfæri eins og kveðið er á um í 1. mgr.

4. Þegar eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir um andmæli skal hún ákveða frest sem fyrirtæki og samtök fyrirtækja hafa til að skýra henni frá sjónarmiðum sínum.

3. gr.

1. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu, innan tiltekins frests, skila skriflegum athugasemdum vegna andmæla við gerðum þeirra.

2. Þeim er heimilt að skýra frá öllum atriðum er máli skipta fyrir málsvörnina í þessum skriflegu athugasemdum.

3. Þeim er heimilt að skila ásamt þeim hvers kyns fylgiskjölum, sem máli skipta, máli sínu til stuðnings. Þeim er og heimilt að leggja til að eftirlitsstofnun EFTA hlýði á skýrslugjöf aðila sem gætu staðfest þessi atriði.

4. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis fjalla í ákvörðunum sínum um andmæli gegn fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem þau hafa fengið tækifæri til að gera athugasemdir við.

5. gr.

Sækist einstaklingar eða lögpersónur, sem sýna fram á að þær hafi nægilegra hagsmuna að gæta, eftir því að gefa skýrslu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. II. kafla skal eftirlitsstofnun EFTA veita þeim tækifæri til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum innan frests sem hún setur.

6. gr.

Telji eftirlitsstofnun EFTA, þegar henni hefur borist umsókn samkvæmt 2. mgr. 3. gr. II. kafla, að ekki sé nægileg ástæða til að taka hana til greina samkvæmt upplýsingum þeim sem hún hefur undir höndum skal hún skýra umsækjendunum frá ástæðum þess og veita þeim tiltekinn frest til að skila frekari skriflegum athugasemdum.

7. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA ber að gefa aðilum kost á að rökstyðja mál sitt munnlega leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum og ef þessir aðilar sýna fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta eða hyggist eftirlitsstofnun EFTA úrskurða um sekt eða févíti á þá.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er eins heimilt að gefa öðrum aðila færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

8. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA kveður aðila þá sem gefa eiga skýrslu til fundar við sig og ákveður dagsetningu fundarins.

2. Hún sendir strax lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af kvaðningunni og er þeim heimilt að tilnefna fulltrúa til að taka þátt í skýrslugjöfinni. Auk þess skal eftirlitsstofnun EFTA bjóða framkvæmdastjórn EB að hafa fulltrúa við skýrslugjöfina. Boðið skal einnig ná til aðildarríkja EB.

9. gr.

1. Skýrslugjöfinni skal stjórnað af aðilum sem eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir í því skyni.

2. Aðilar sem til eru kvaddir skulu annaðhvort sjálfir gefa skýrslu eða kjósa sér löglærða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er auk þess heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

Aðilum sem gefa skýrslu fyrir eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fá aðstoð lögfræðinga eða ráðgjafa, sem hafa rétt til að flytja mál fyrir EFTA-dómstólnum, eða annarra hæfra aðila.

3. Skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Aðilar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem til hafa verið kvaddir. Í síðara tilvikinu skal tekið tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

4. Meginefni skýrslugjafar hvers og eins skal skráð í fundargerð og viðkomandi síðan lesa hana og samþykkja.

10. gr.

Með fyrirvara um 2. mgr. 2. gr. skal senda upplýsingar og kvaðningar frá eftirlitsstofnun EFTA til viðtakenda í ábyrgðarpósti og viðtaka þeirra staðfest eða boðsenda þær gegn kvittun fyrir móttöku.

11. gr.

1. Þegar eftirlitsstofnun EFTA ákveður fresti sem ráð er fyrir gert í 2., 5. og 6. gr. skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir athugasemdir og til þess hve málið er brýnt. Fresturinn skal eigi vera skemmri en tvær vikur; heimilt er að framlengja hann.

2. Fresturinn hefst daginn eftir viðtöku tilkynningar eða afhendingu hennar ef um boðsendingu er að ræða.

3. Skriflegar athugasemdir verða að berast eftirlitsstofnun EFTA eða vera sendar í ábyrgðarpósti áður en fresturinn rennur út. Ef frestur rennur út á sunnudegi eða lögboðnum frídegi skal framlengja hann til loka næsta virka dags. Við ákvörðun framlengingar þessarar teljast lögboðnir frídagar, þegar dagsetningin sem um ræðir er viðtökudagur skriflegra athugasemda, þeir sem tilgreindir eru í 2. viðbæti við bókun þessa og, þegar dagsetningin sem um ræðir er póstsendingardagur, þeir sem lögboðnir eru í landinu þaðan sem pósturinn er sendur.

V. KAFLI

FYRNINGARFRESTUR Í MÁLAREKSTRI OG FRAMKVÆMD VIÐURLAGA SAMKVÆMT REGLUM ER TENGJAST FLUTNINGUM OG SAMKEPPNI EINS OG ÞÆR ERU Í II. – IV. KAFLA OG VI. – XIV. KAFLA

1. gr.

Fyrningarfrestur í málarekstri

1. Sá frestur er eftirlitsstofnun EFTA hefur til að ákvarða sektir eða viðurlög við brotum gegn reglum EES-samningsins um flutninga eða samkeppni er:

a) þrjú ár þegar um ræðir brot á ákvæðum um umsóknir eða tilkynningar frá fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, upplýsingar sem krafist er eða framgang rannsókna;

b) fimm ár fyrir öll önnur brot.

2. Fresturinn hefst daginn sem brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

2. gr.

Hlé á fyrningarfresti í málarekstri

1. Hefjist eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórn EB að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 8. gr. bókunar 23 við EES-samninginn, eða EFTA-ríki að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA handa við forrannsókn eða málarekstur vegna brots skal gera hlé á fyrningarfresti í málarekstri. Hléið hefst þann dag þegar að minnsta kosti einu fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja, sem aðild eiga að brotinu, er tilkynnt um aðgerðina.

Aðgerðir sem valda því að hlé verður á fyrningarfrestinum eru einkum:

a) skriflegar beiðnir um upplýsingar frá eftirlitsstofnun EFTA eða lögbæru yfirvaldi í EFTA-ríki að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA; eða ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA þar sem krafist er umbeðinna upplýsinga;

b) skriflegar heimildir til rannsókna sem eftirlitsstofnun EFTA eða lögbært yfirvald í EFTA-ríki að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA veitir starfsmönnum sínum; eða ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA þar sem rannsókn er fyrirskipuð;

c) upphaf málareskturs af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA;

d) tilkynning um andmæli af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA.

2. Hlé á fyrningarfrestinum gildir gagnvart öllum fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem eiga aðild að brotinu.

3. Eftir hvert hlé hefst nýr fyrningarfrestur. Fyrningarfrestur rennur þó út að lokum eigi síðar en á þeim degi þegar liðinn er tími sem er jafnlangur tvöföldum fyrningarfresti án þess að eftirlitsstofnun

EFTA hafi ákvarðað sekt eða viðurlög. Framlengja skal frestinn sem þeim tíma nemur er hlé var gert á fyrningu samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Niðurfelling fyrningarfrests í málarekstri

Fyrningarfrestur í málarekstri skal niður falla meðan ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA er til meðferðar hjá EFTA-dómstólnum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings.

4. gr.

Frestur til að koma fram viðurlögum

1. Sá frestur er eftirlitsstofnun EFTA hefur til að fylgja eftir ákvörðunum um sektir, viðurlög eða févíti, þegar brotið hefur verið gegn reglum EES-samningsins um flutninga eða samkeppni, er fimm ár.

2. Fresturinn hefst á þeim degi er lokaákvörðun er tekin í málinu.

5. gr.

Hlé á fresti til að koma fram viðurlögum

1. Gera skal hlé á fresti til að koma fram viðurlögum þegar:

a) tilkynnt er um ákvörðun sem breytir upprunalegri upphæð sektar, viðurlaga eða févítis eða þegar umsókn um breytingu er hafnað;

b) eftirlitsstofnun EFTA eða EFTA-ríki að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA hefst handa í þeim tilgangi að krefjast greiðslna á sekt, vegna viðurlaga eða févítis.

2. Eftir hvert hlé hefst nýr fyrningarfrestur.

6. gr.

Tímabundin niðurfelling frests til að koma fram viðurlögum

Fella skal frest til að koma fram viðurlögum niður um stundarsakir þann tíma sem:

a) greiðslufrestur er veittur; eða

b) greiðslukröfu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings.

II. HLUTI

FLUTNINGAR

VI. KAFLI

BEITING SAMKEPPNISREGLNA Í FLUTNINGUM Á JÁRNBRAUTUM, VEGUM OG SKIPGENGUM VATNALEIÐUM

Vegna skiptingar texta reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 á milli XIV. viðauka við EES-samninginn og þessa kafla (reglur um málsmeðferð) er texta 1. – 5. gr. og 7. – 9. gr. hennar, eins og hann hefur verið aðlagaður, að finna í gerðinni sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68). Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvarðanir um þessi efni samkvæmt ákvæðum 56. gr. EES-samningsins, einkum a- og b-liðar 1. mgr. og 3. mgr.

1. – 5. gr.

(Enginn texti)

6. gr.

Samningar sem ætlað er að draga úr röskun sem stafar af skipulagi flutningsmarkaðarins

1. Heimilt er að lýsa því yfir að bannið sem mælt er fyrir um í 2. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) skuli ekki gilda um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem miða að því að draga úr röskun á hlutaðeigandi markaði, þangað til gerðar eru viðeigandi ráðstafanir til að tryggja stöðugleika á flutningsmarkaðinum.

2. Eigi er heimilt að taka ákvörðun, með þeim hætti sem kveðið er á um í 14. gr., um að beita ekki banninu sem mælt er fyrir um í 2. gr. umræddrar gerðar fyrr en fastanefndin telur, á grundvelli skýrslu eftirlitsstofnunar EFTA, að óvissuástand ríki á flutningsmarkaðinum öllum eða á hluta hans.

3. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. má lýsa því yfir að bannið í 2. gr. umræddrar gerðar gildi ekki nema því aðeins að:

a) hlutaðeigandi samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð leggi ekki neinar þær hömlur á viðkomandi fyrirtæki sem ekki eru ómissandi til að draga úr röskun; og

b) fyrirtækjunum sé ekki gert mögulegt að útiloka samkeppni að því er varðar verulegan hluta af markaðinum sem um ræðir.

7. – 9. gr.

(Enginn texti)

10. gr.

Meðferð mála vegna kæru eða að frumkvæði eftirlitsstofnunar EFTA

Að fenginni kæru eða að eigin frumkvæði skal eftirlitsstofnun EFTA hefja aðgerðir til að binda enda á brot gegn ákvæðum 2. eða 8. gr. og til að framfylgja 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68).

Þessir aðilar geta lagt fram kæru:

a) EFTA-ríki;

b) einstaklingar eða lögpersónur sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

11. gr.

Niðurstöður mála sem hlotið hafa meðferð vegna kæru eða að frumkvæði eftirlitsstofnunar EFTA

1. Komist eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 2. gr. eða 8. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) getur hún með ákvörðun skyldað hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja til að binda enda á hið brotlega athæfi.

Með fyrirvara um önnur ákvæði þessa kafla og umræddri gerð getur eftirlitsstofnun EFTA, áður en hún tekur ákvörðun samkvæmt undanfarandi undirgrein, beint tilmælum til hlutaðeigandi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja um að þau bindi enda á hið brotlega athæfi.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um tilvik sem falla undir 2. mgr. 4. gr. umræddrar gerðar.

3. Ef eftirlitsstofnun EFTA berst kæra og hún kemst að þeirri niðurstöðu að á grundvelli fyrirliggjandi gagna mæli ekkert með íhlutun samkvæmt 2. gr., 2. mgr. 4. gr. eða 8. gr. umræddrar gerðar, hvað samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir varðar, skal hún gefa út ákvörðun þar sem kærunni er vísað frá enda sé hún ekki á rökum reist.

4. Ef eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu, annaðhvort eftir að henni hefur borist kæra eða að eigin frumkvæði, að samningur, ákvörðun eða samstilltar aðgerðir séu í samræmi við ákvæði bæði 2. gr. og 5. gr. umræddrar gerðar skal hún gefa út ákvörðun þar sem 5. gr. er beitt. Í ákvörðuninni

skal koma fram frá hvaða degi hún gildir. Ákvörðunin má taka gildi fyrir þann dag sem hún er samþykkt.

12. gr.

Beiting 5. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) — Andmæli

1. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja sem æskja þess að beita 5. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) gagnvart samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum sem þau eiga aðild að og falla undir ákvæði 2. gr. umræddrar gerðar geta sótt um það til eftirlitsstofnunar EFTA.

2. Ef eftirlitsstofnun EFTA samþykkir umsókn og hefur undir höndum öll fyrirliggjandi gögn og engar aðgerðir, samkvæmt 10. gr., hafa verið hafnar gegn viðkomandi samningi, ákvörðun eða samstilltum aðgerðum skal hún svo fljótt sem verða má birta útdrátt úr umsókninni í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* og bjóða öllum þriðju aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta, að senda eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir sínar innan 30 daga. Við birtingu þessara upplýsinga skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Tilkynni eftirlitsstofnun EFTA ekki umsækjendum innan 90 daga frá birtingardegi í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* að mikill vafi leiki á beitingu 5. gr. umræddrar gerðar skal samningurinn, ákvörðunin eða hin samstillta aðgerð teljast undanþegin banninu þann tíma sem liðinn er og allt að þremur árum frá birtingardegi í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins*, að því tilskildu að hún sé í samræmi við þá lýsingu sem gefin hefur verið í umsókn.

Komist eftirlitsstofnun EFTA að því eftir að 90 daga fresturinn er útrunninn, en áður en árin þrjú eru liðin, að skilyrðunum fyrir beitingu 5. gr. umræddrar gerðar hafi ekki verið fullnægt skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að bannið í 2. gr. umræddrar gerðar sé í gildi. Ákvörðunin getur verið afturvirk hafi hlutaðeigandi aðilar veitt ónákvæmar upplýsingar eða hafi þeir misnotað undanþágu frá ákvæðum 2. gr. umræddrar gerðar.

4. Ef eftirlitsstofnun EFTA sendir umsækjendum tilkynningu innan 90 daga frestsins, svo sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr., skal hún kanna hvort ákvæðum 2. og 5. gr. umræddrar gerðar hafi verið fullnægt.

Ef eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að ákvæðum 2. og 5. gr. umræddrar gerðar hafi verið fullnægt skal hún gefa út ákvörðun þar sem 5. gr. er beitt. Í ákvörðuninni skal koma fram frá hvaða degi hún gildir. Sú dagsetning má vera fyrir dagsetningu umsóknarinnar.

13. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 5. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68)

1. Í ákvörðun um að beita 5. gr. umræddrar gerðar, sem tekin er samkvæmt 4. mgr. 11. gr. eða samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. 12. gr., skal koma fram hver gildistími hennar sé; allajafna skal sá tími eigi vera skemmri en sex ár. Ákvörðunina má binda skilyrðum og skuldbindingum.

2. Ákvörðunina má endurnýja ef skilyrðunum fyrir beitingu 5. gr. umræddrar gerðar er áfram fullnægt.

3. Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tilteknar athafnir aðila:

a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst;

b) standi aðilar ekki við einhverjar þær skuldbindingar sem bundnar eru ákvörðuninni;

c) grundvallist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi verið gefin út með blekkingum;

d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 2. gr. umræddrar gerðar sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í þeim tilvikum sem falla undir b-, c- eða d-lið má afturkalla ákvörðunina afturvirkt.

14. gr.

Ákvörðun um að beita 6. gr.

1. Tilkynna ber eftirlitsstofnun EFTA um hvern þann samning, ákvörðun eða samstillta aðgerð sem fellur undir 2. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) og sótt er um að 6. gr. verði beitt við.

2. Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að beita 6. gr. umræddrar gerðar skal gilda frá þeim degi er hún var samþykkt. Í henni skal tekið fram hve lengi hún gildir. Sá tími skal eigi vera lengri en þrjú ár frá því að fastanefndin ályktaði að óvissuástand ríkti svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr.

3. Þessa ákvörðun getur eftirlitsstofnun EFTA endurnýjað ef fastanefndin úrskurðar á ný, í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr., að óvissuástand ríki og öðrum skilyrðum sem mælt er fyrir um í 6. gr. sé áfram fullnægt.

4. Ákvörðunina má binda skilyrðum og skuldbindingum.

5. Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA skal falla úr gildi eigi síðar en sex mánuðum eftir að ráðstafanir þær sem um getur í 1. mgr. 6. gr. komu til framkvæmda.

6. Ákvæði 3. mgr. 13. gr. skulu gilda.

15. gr.

Valdsvið

Með fyrirvara um endurskoðun EFTA-dómstólsins á ákvörðun hennar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðkomandi ákvæði samnings þessa hefur eftirlitsstofnun EFTA óskorað vald, með þeim skilyrðum sem sett eru í 56. gr. EES-samningsins, til að:

— leggja á skuldbindingar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68);

— gefa út ákvarðanir samkvæmt 5. gr. umræddrar gerðar og 6. gr. þessa kafla.

Yfirvöld í EFTA-ríkjunum hafa áfram vald til að ákveða hvort eitthvert tilvik falli undir ákvæði 2. eða 8. gr. umræddrar gerðar uns eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið aðgerðir með það fyrir augum að móta ákvörðun í viðkomandi máli eða hefur látið frá sér fara tilkynningu svo sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 3. mgr. 12. gr.

16. gr.

Samvinna við yfirvöld í EFTA-ríkjunum

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal beita málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í kafla þessum í náinni og stöðugri samvinnu við lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum; þessum yfirvöldum er heimilt að gera athugasemdir við þá málsmeðferð.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af öllum kærum og umsóknum ásamt afritum af mikilvægustu skjölunum sem hún hefur sent eða fengið meðan fjallað er um málið.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna eintak af tilkynningum, kærum og upplýsingum um upphaf málsmeðferðar í krafti embættis frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 2. og 10. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna afrit af skjölum sem borist hafa frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 7. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

3. Samráð skal haft við ráðgjafarnefnd um samkeppnismál á sviði flutninga áður en ákvörðun er tekin samkvæmt málsmeðferð þeirri sem um getur í 10. gr. eða ákvörðun er gefin út samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 12. gr. eða samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. í sömu grein eða samkvæmt 2. eða 3. mgr. 14. gr. Enn fremur skal haft samráð við ráðgjafarnefndina áður en tillaga sem um getur í 29. gr. er lögð fram.

4. Ráðgjafarnefndina skipa embættismenn sem til þess eru bærir að fjalla um samkeppnishömlur og einokun á sviði flutninga. Hvert EFTA-ríki skal tilnefna tvo embættismenn sem fulltrúa sína og er heimilt að senda annan embættismann í þeirra stað komi til forfalla.

Framkvæmdastjórn EB og aðildarríki EB eiga rétt á að vera viðstödd fundi ráðgjafarnefndarinnar og að láta álit sitt í ljós. Fulltrúar þeirra skulu þó ekki hafa atkvæðisrétt.

5. Samráðið fer fram á sameiginlegum fundi sem eftirlitsstofnun EFTA boðar til; fundinn skal ekki halda fyrr en fjórtán dögum eftir að fundarboð var sent út. Í fundarboðinu skal koma fram, í öllum málum sem til umfjöllunar eru, samantekt um málið ásamt yfirliti yfir helstu skjöl og fyrstu drög að ákvörðun.

Með hliðsjón af þátttöku þeirri sem kveðið er á um í annarri undirgrein 4. mgr. skal boða framkvæmdastjórn EB til fundarins og veita henni þær upplýsingar sem kveðið er á um í 6. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

6. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að skila áliti enda þótt einhverjir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu fjarverandi. Skýrsla um niðurstöður samráðsfundarins skal fylgja drögum að ákvörðun um málið. Hún skal ekki gerð opinber.

17. gr.

Umfjöllun fastanefndarinnar um vafamál sem varða meginreglur ákvæða um flutninga í EES-samningnum og upp koma í tengslum við sérstök tilvik

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal ekki taka ákvörðun um mál sem skylt er að hafa samráð um samkvæmt 16. gr. fyrr en 20 dögum eftir að ráðgjafarnefndin hefur lagt fram álit sitt.

2. Áður en fresturinn sem um getur í 1. mgr. rennur út getur hvaða EFTA-ríki sem er farið fram á það að fastanefndin verði kölluð saman til að kanna með eftirlitsstofnun EFTA vafamál er varða meginreglur ákvæða um flutninga í EES-samningnum sem EFTA-ríkið telur koma til álita í ákveðnu tilviki sem taka þarf ákvörðun um.

Fastanefndin skal koma saman í þeim tilgangi einum að fjalla um slík vafamál er varða þessar meginreglur innan 30 daga frá því að beiðni barst frá EFTA-ríkinu.

Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir eigi um ákvörðun sína í málinu fyrr en að afloknum fundi fastanefndarinnar.

3. Þá er fastanefndinni hvenær sem er heimilt, að beiðni einhvers EFTA-ríkis eða að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA, að fjalla um almenn vafamál sem upp koma við framkvæmd samkeppnisstefnu á sviði flutninga.

4. Hvenær sem farið er fram á það við fastanefndina að hún komi saman til að fjalla um vafamál er varða meginreglur samkvæmt 2. mgr. eða um almenn vafamál samkvæmt 3. mgr. skal eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til þeirrar stefnumótunar sem af fundum fastanefndarinnar leiðir að því er þennan kafla varðar.

18. gr.

Rannsóknir á sviði flutninga

1. Ef svo virðist af þróun flutningamála, sveiflum eða ósveigjanleika í flutningsgjöldum eða öðrum aðstæðum að hömlur séu lagðar á samkeppni á sviði flutninga eða henni raskað á tilteknum svæðum, sem EES-samningurinn tekur til, á einni eða fleiri flutningaleiðum eða gagnvart vöru- eða farþegaflutningum sem falla undir einn eða fleiri flokka, getur eftirlitsstofnun EFTA ákveðið, í samræmi við ákvæði bókunar 23 við EES-samninginn, að láta fara fram almenna rannsókn á viðkomandi sviði og getur við rannsóknina krafið flutningafyrirtæki sem starfa á því sviði um þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru í því skyni að beita þeim meginreglum sem mótaðar eru í 2. – 5. og 7 – 8. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) og 6. gr. þessa kafla.

2. Við rannsókn samkvæmt 1. mgr. skal eftirlitsstofnun EFTA einnig krefja fyrirtæki eða hópa fyrirtækja, sem eru svo stór að þau gætu haft yfirburðastöðu á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til, eða á verulegum hluta þess, um þær skýringar á uppbyggingu fyrirtækjanna og umsvifum þeirra

sem nauðsynlegar eru til að meta stöðu þeirra í ljósi ákvæða 8. gr. umræddrar gerðar.

3. Ákvæði 2. – 6. mgr. 16. gr. og 17., 19., 20. og 21. gr. skulu gilda.

19. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að leita allra nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkisstjórnum og lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna og hjá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja til að geta innt af hendi skyldur þær sem á hana eru lagðar samkvæmt 55. og 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókunar 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla.

2. Þegar eftirlitsstofnun EFTA sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún jafnframt senda afrit af beiðninni til lögbærs yfirvalds í því EFTA-ríki þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur.

3. Í beiðninni ber eftirlitsstofnun EFTA að skýra frá lagagrundvelli og tilgangi sem að baki beiðninni liggur og auk þess viðurlögum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 22. gr. við því að gefa rangar upplýsingar.

4. Eigendum fyrirtækjanna eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögpersónur er að ræða, félögum eða fyrirtækjum eða, þegar um ræðir samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögpersóna, einstaklingum sem heimild hafa til að koma fram fyrir þeirra hönd, samkvæmt lögum eða reglum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar.

5. Veiti fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem eftirlitsstofnun EFTA tiltekur, eða veiti ófullnægjandi upplýsingar, skal eftirlitsstofnun EFTA krefjast þess með ákvörðun að upplýsingarnar skuli veittar. Í ákvörðuninni skal tilgreina upplýsingar þær sem þörf er á, setja viðeigandi skilafrest og skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 22. gr. og c-lið 1. mgr. 23. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins samkvæmt 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og samkvæmt viðeigandi ákvæðum samnings þessa, einkum 35. gr.

6. Eftirlitsstofnun EFTA skal samtímis senda afrit af ákvörðuninni til lögbærra yfirvalda þess EFTA-ríkis þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur.

20. gr.

Rannsóknir yfirvalda í EFTA-ríkjunum

1. Að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA skulu lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum gangast fyrir þeim rannsóknum sem eftirlitsstofnun EFTA telur þörf á samkvæmt 1. mgr. 21. gr. eða sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 21. gr. Þeir embættismenn lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum sem hefur verið falið að sjá um rannsóknir þessar skulu hefjast handa þegar þeir hafa fengið til þess skriflegt umboð frá lögbæru yfirvaldi í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram. Í slíku umboði skal koma fram hvert viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar er.

2. Embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt að aðstoða embættismenn viðkomandi yfirvalds við rannsóknarstarfið fari eftirlitsstofnun EFTA eða lögbært yfirvald í EFTA-ríkinu, þar sem rannsóknin á að fara fram, fram á það.

21. gr.

Valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA við rannsóknir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á starfsemi fyrirtækja og samtaka fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkis til að inna af hendi skyldur þær sem á henni hvíla samkvæmt 55. og 58. gr. EES-samningsins, ákvæðum bókunar 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla.Í þessu skyni er embættismönnum sem eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð heimilt að:

a) skoða bókhald og viðskiptaskjöl;

b) taka afrit af eða útdrætti úr bókhaldi og viðskiptaskjölum;

c) fara fram á munnlegar skýringar á staðnum;

d) fá aðgang að öllu húsnæði, landsvæðum og ökutækjum fyrirtækja.

2. Embættismenn eftirlitsstofnunar EFTA, sem heimild hafa til þessara rannsókna, skulu framvísa skriflegu umboði þar sem viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar kemur fram og viðurlög þau sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 22. gr., sé framvísun bókhalds eða annarra viðskiptaskjala sem krafist er ófullnægjandi.

Eftirlitsstofnun EFTA ber, með góðum fyrirvara fyrir rannsóknina, að tilkynna lögbæru yfirvaldi í því EFTA-ríki þar sem rannsóknin á að fara fram um fyrirhugaða rannsókn og nöfn þeirra embættismanna sem starfa í umboði hennar.

3. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er skylt að gangast undir rannsókn sem eftirlitsstofnun EFTA fyrirskipar með ákvörðun. Í ákvörðuninni skulu viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar koma fram og hvaða dag hún skuli hefjast, auk þess skal skýra frá viðurlögum þeim sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 22. gr. og d-lið 1. mgr. 23. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins.

4. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir sem um getur í 3. mgr. að höfðu samráði við lögbært yfirvald í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram.

5. Embættismönnum hins lögbæra yfirvalds í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram er heimilt að aðstoða embættismenn eftirlitsstofnunar EFTA við rannsóknina að beiðni þessa yfirvalds eða eftirlitsstofnunar EFTA.

6. Ef fyrirtæki neitar að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið samkvæmt þessarsi grein ber hlutaðeigandi EFTA-ríki að veita embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA alla nauðsynlega aðstoð til að þeim verði gert kleift að inna skyldur sínar af hendi. EFTA-ríkjunum ber, að höfðu samráði

við eftirlitsstofnun EFTA, að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi innan sex mánaða frá gildistöku EES-samningsins.

22. gr.

Sektir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 100 til 5 000 evrópskar mynteiningar (ECU) þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

a) veita rangar eða villandi upplýsingar í umsókn samkvæmt 12. gr. eða í tilkynningu samkvæmt 14. gr.; eða

b) veita rangar upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt 18. gr. eða 3. eða 5. mgr. 19. gr. eða veita ekki upplýsingar innan frests sem ákveðinn er með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 19. gr.; eða

c) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar rannsókn fer fram samkvæmt 20. eða 21. gr. eða neita að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 21. gr.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 1 000 til 1 000 000 evrópskar mynteiningar (ECU) eða meira en þó ekki meira en sem nemur 10% af veltu undanfarins rekstrarárs hjá fyrirtækjunum sem gerst hafa brotleg, þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

a) brjóta gegn ákvæðum 2. eða 8. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68); eða

b) standa ekki við allar skuldbindingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr. eða 4. mgr. 14. gr.

Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hve alvarlegt brotið er og hve lengi það hefur viðgengist.

3. Ákvæði 3. – 6. mgr. 16. gr. og 17. gr. gilda.

4. Ákvarðanir teknar samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu ekki vera refsiréttarlegs eðlis.

23. gr.

Févíti

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákvarða févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, er nemur frá 50 til 1 000 evrópskum mynteiningum (ECU) á dag og reiknast frá þeim degi sem tiltekinn er í ákvörðuninni, til að þvinga þau til að:

a) hætta því athæfi sem brýtur gegn ákvæðum 2. gr. eða 8. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) þessa kafla og hún hafði fyrirskipað að hætt yrði samkvæmt 11. gr. eða standa við skuldbindingu sem lögð var á þau samkvæmt 2. mgr. 4. gr. umræddrar gerðar;

b) forðast hvert það athæfi sem bannað er samkvæmt 3. mgr. 13. gr.;

c) veita tæmandi og réttar upplýsingar þegar hún hefur farið fram á það með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 19. gr.;

d) gangast undir rannsókn sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 21. gr.

2. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa uppfyllt þær skyldur sem févítinu var ætlað að þvinga þau til að standa við er eftirlitsstofnun EFTA heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni.

3. Ákvæði 3. – 6. mgr. 16. gr. og 17. gr. gilda.

24. gr.

Áfrýjun til EFTA-dómstólsins

EFTA-dómstóllinn hefur, í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðkomandi ákvæði í samningi þessum, ótakmarkaða lögsögu, í skilningi 35. gr. samnings þessa, til að fjalla um lögmæti ákvarðana eftirlitsstofnunar EFTA um sektir eða févíti; honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

25. gr.

Evrópska mynteiningin (ECU)

Við beitingu 22. – 24. gr. merkir „ECU“ þá mynteiningu sem lögbær yfirvöld Evrópubandalaganna skilgreina.

26. gr.

Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila

1. Áður en eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvarðanir eins og kveðið er á um í 11. gr., annarri undirgrein 3. mgr. 12. gr., 4. mgr. 12. gr., 3. mgr. 13. gr., 2. og 3. mgr. 14. gr., 22. og 23. gr. skal hún veita hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í þeim málum sem eftirlitsstofnun EFTA hefur andmælt.

2. Telji eftirlitsstofnun EFTA eða lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum ástæðu til er þeim einnig heimilt að veita öðrum einstaklingum eða lögpersónum færi á að gefa skýrslu. Verða skal við beiðni þessara aðila um tækifæri til að skýra mál sitt ef þeir sýna fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta.

3. Hyggist eftirlitsstofnun EFTA gefa út samþykki samkvæmt 5. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) eða 6. gr. þessa kafla skal hún birta samantekt um hlutaðeigandi samning, ákvörðun eða samstillta aðgerð og bjóða öllum hagsmunaaðilum að skila athugasemdum innan frests sem hún ákveður og ekki skal vera skemmri en einn mánuður. Við birtingu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

27. gr.

Þagnarskylda

1. Með fyrirvara um 9. gr. bókunar 23 við EES-samninginn má einungis nota vitneskju, sem aflað

er þegar ákvæðum 18., 19., 20. og 21. gr. þessa kafla eða 58. gr. EES-samningsins og bókunar 23 við hann er beitt, að því er varðar viðkomandi beiðni eða rannsókn.

2. Með fyrirvara um ákvæði 26. og 28. gr. er eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum starfsmönnum óheimilt að láta uppi vitneskju sem þeir öðlast vegna þess að bókun þessari eða 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann er beitt og er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Skylda þessi hvílir einnig á fulltrúum framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB sem sitja fundi ráðgjafarnefndarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. og eru viðstaddir skýrslugjöf samkvæmt 2. mgr. 8. gr. VIII. kafla.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða athugana sem ekki fela í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

28. gr.

Birting ákvarðana

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur samkvæmt 11. gr., annarri undirgrein 3. mgr. 12. gr., 4. mgr. 12. gr., 3. mgr. 13. gr. og 2. og 3. mgr. 14. gr.

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; taka skal tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

29. gr.

Sérstök ákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum varðandi kærur samkvæmt 10. gr., umsóknir samkvæmt 12. gr. og tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 14. gr. ásamt tillögum að viðbótarathugasemdum við eyðublöðin.

VII. KAFLI

EYÐUBLÖÐ, INNIHALD OG ÖNNUR ATRIÐI ER VARÐA KÆRUR SAMKVÆMT 10. GR., UMSÓKNIR SAMKVÆMT 12. GR. OG TILKYNNINGAR SAMKVÆMT 1. MGR. 14. GR. VI. KAFLA

1. gr.

Kærur

1. Kærur sem lagðar eru fram á grundvelli 10. gr. VI. kafla skulu vera skriflegar á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins; kæru má leggja fram á eyðublöðum sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, samanber 3. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB gefa út í þessu skyni.

2. Þegar fulltrúar fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna undirrita slíkar kærur skulu þeir leggja fram skriflegt umboð.

2. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram umsóknir og tilkynningar

1. Fyrirtæki sem er aðili að samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum eins og lýst er í 2. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) er heimilt að leggja fram umsókn samkvæmt 12. gr. eða tilkynningu samkvæmt 1. mgr. 14. gr. VI. kafla. Skili einungis nokkur fyrirtæki, en ekki öll, sem í hlut eiga, umsóknum eða tilkynningum skulu þau tilkynna hinum þar um.

2. Þegar fulltrúar fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna undirrita umsóknir eða tilkynningar samkvæmt 12. gr. eða 1. mgr. 14. gr. VI. kafla ber þeim að framvísa skriflegri staðfestingu á því að þeir hafi til þess umboð.

3. Þegar sameiginlegri umsókn eða tilkynningu er skilað skal tilnefna sameiginlegan fulltrúa.

3. gr.

Skil á umsóknum og tilkynningum

1. Skila skal umsóknum samkvæmt 12. gr. VI. kafla á eyðublöðum sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, samanber 4. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB gefa út í þessu skyni.

2. Skila skal tilkynningum samkvæmt 1. mgr. 14. gr. VI. kafla á eyðublöðum sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, samanber 5. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB gefa út í þessu skyni.

3. Samstarfsfyrirtækjum er heimilt að skila sameiginlegri tilkynningu á einu eyðublaði.

4. Í umsóknum og tilkynningum ber að veita upplýsingar þær sem farið er fram á í eyðublöðunum.

5. Skila ber til eftirlitsstofnunar EFTA níu afritum af hverri umsókn og fylgiskjölum.

6. Heimilt er að skila frumritum eða afritum af fylgiskjölum. Ef um afrit er að ræða ber að staðfesta að þau séu sönn afrit af frumritinu.

7. Umsóknir og tilkynningar skulu vera á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins. Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki meðal opinberra tungumála bandalagsins ber að láta þýðingu á einu þessara tungumála fylgja.

4. gr.

Sérstök ákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur í samræmi við ákvæði 49. gr. samnings þessa lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum og viðbótarathugasemdum.

VIII. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 1. MGR. 26. GR. VI. KAFLA

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal láta gefa skýrslu samkvæmt 1. mgr. 26. gr. VI. kafla áður en hún

leitar samráðs við ráðgjafarnefnd um samkeppni í flutningum.

2. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja skriflega um andmæli gegn þeim. Tilkynningin skal stíluð á hvert og eitt þeirra eða á sameiginlegan fulltrúa sem þau hafa tilnefnt.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að koma tilkynningum á framfæri við málsaðila með birtingu tilkynningar í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* ef slíkt virðist rétt með hliðsjón af málsatvikum, einkum þegar koma skal tilkynningu á framfæri við fleiri en eitt fyrirtæki en enginn sameiginlegur fulltrúi hefur verið tilnefndur. Í tilkynningunni skal tekið tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Einungis er heimilt að úrskurða um sekt eða févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ef andmælunum hefur verið komið á framfæri eins og kveðið er á um í 1. mgr.

4. Þegar eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir um andmæli skal hún ákveða frest sem fyrirtæki og samtök fyrirtækja hafa til að skýra henni frá sjónarmiðum sínum.

3. gr.

1. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu, innan tiltekins frests, skila skriflegum athugasemdum vegna andmæla við gerðum þeirra.

2. Þeim er heimilt að skýra frá öllum atriðum er máli skipta fyrir málsvörnina í þessum skriflegu athugasemdum.

3. Þeim er heimilt að skila ásamt þeim hvers kyns fylgiskjölum máli sínu til stuðnings. Þeim er og heimilt að leggja til að eftirlitsstofnun EFTA hlýði á skýrslugjöf aðila sem gætu staðfest þessi atriði.

4. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis fjalla í ákvörðun sinni um andmæli gegn fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem þau hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

5. gr.

Sækist einstaklingar eða lögpersónur, sem sýna fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta, eftir því að gefa skýrslu samkvæmt 2. mgr. 26. gr. VI. kafla skal eftirlitsstofnun EFTA veita þeim tækifæri til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum innan frests sem hún setur.

6. gr.

Telji eftirlitsstofnun EFTA, þegar henni hefur borist umsókn samkvæmt 2. mgr. 10. gr. VI. kafla, að ekki sé nægileg ástæða til að verða við henni samkvæmt upplýsingum þeim sem hún hefur undir höndum skal hún skýra rökin fyrir máli sínu fyrir umsækjendunum og veita þeim frest til að skila frekari skriflegum athugasemdum.

7. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA ber að gefa aðilum kost á að rökstyðja mál sitt munnlega leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum og sýni fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta eða hyggist hún úrskurða um sekt eða févíti á þá.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er eins heimilt að gefa öðrum aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

8. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA kveður aðila þá sem gefa eiga skýrslu til fundar við sig og ákveður fundardag.

2. Hún sendir jafnframt lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af kvaðningunni og er þeim heimilt að tilnefna fulltrúa til að taka þátt í skýrslugjöfinni. Enn fremur skal eftirlitsstofnun EFTA bjóða framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að senda þangað fulltrúa. Það boð á einnig að ná til aðildarríkja EB.

9. gr.

1. Skýrslugjöfinni skal stjórnað af aðilum sem eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir í því skyni.

2. Aðilar sem til eru kvaddir skulu annaðhvort sjálfir gefa skýrslu eða kjósa sér löglærða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er auk þess heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

Aðilum sem gefa skýrslu fyrir eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fá aðstoð lögfræðinga eða ráðgjafa, sem hafa rétt til að flytja mál fyrir EFTA-dómstólnum, eða annarra hæfra aðila.

3. Skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Aðilar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem til hafa verið kvaddir. Í síðara tilvikinu skal tekið tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

4. Meginefni skýrslugjafar hvers og eins skal skráð í fundargerð og viðkomandi síðan lesa hana og samþykkja.

10. gr.

Með fyrirvara um 2. mgr. 2. gr. skal senda upplýsingar og kvaðningar frá eftirlitsstofnun EFTA til viðtakenda í ábyrgðarpósti og viðtaka þeirra staðfest eða boðsenda þær gegn kvittun fyrir móttöku.

11. gr.

1. Þegar eftirlitsstofnun EFTA ákveður fresti sem ráð er fyrir gert í 2., 5. og 6. gr. skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir athugasemdir og til þess hve málið er brýnt. Fresturinn skal eigi vera skemmri en tvær vikur; heimilt er að framlengja hann.

2. Fresturinn skal hefjast daginn eftir viðtöku tilkynningar eða afhendingu hennar ef um boðsendingu er að ræða.

3. Skriflegar athugasemdir verða að berast eftirlitsstofnun EFTA eða vera sendar af stað í ábyrgðarpósti áður en fresturinn rennur út. Ef fresturinn rennur út á sunnudegi eða lögboðnum frídegi skal

framlengja hann til loka næsta virka dags. Við ákvörðun framlengingar þessarar teljast lögboðnir frídagar, þegar dagsetningin sem um ræðir er viðtökudagur skriflegra athugasemda, þeir sem tilgreindir eru í 2. viðbæti við þess bókun og, þegar dagsetningin sem um ræðir er póstsendingardagur, þeir sem lögboðnir eru í landinu þaðan sem pósturinn er sendur.

IX. KAFLI

REGLUR UM BEITINGU 53. OG 54. GR. EES-SAMNINGSINS UM SJÓFLUTNINGA

Vegna skiptingar texta reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 á milli XIV. viðauka við EES-samninginn (efnisreglur) og þessa kafla (reglur um málsmeðferð) er texta 1. – 9. gr. I. þáttar hennar, eins og hann hefur verið aðlagaður, að finna í gerðinni sem vísað er til í 11. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4056/86). Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvarðanir um þessi efni samkvæmt ákvæðum 56. gr. EES-samningsins, einkum a- og b-liðar 1. mgr. og 3. mgr.

I. ÞÁTTUR

1. – 9. gr.

(Enginn texti)

II. ÞÁTTUR

REGLUR UM MÁLSMEÐFERÐ

10. gr.

Meðferð mála vegna kæru eða að frumkvæði eftirlitsstofnunar EFTA

Að fenginni kæru eða að eigin frumkvæði skal eftirlitsstofnun EFTA hefja aðgerðir til að binda enda á brot gegn ákvæðum 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins eða til að framfylgja 7. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 11. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4056/86).

Þessir aðilar geta lagt fram kæru:

a) EFTA-ríki;

b) einstaklingar eða lögpersónur sem telja sig eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

11. gr.

Niðurstöður mála sem hlotið hafa meðferð vegna kæru eða að frumkvæði eftirlitsstofnunar EFTA

1. Komist eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins getur hún með ákvörðun skyldað hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja að binda enda á hið brotlega athæfi.

Með fyrirvara um önnur ákvæði þessa kafla eða gerðarinnar sem vísað er til í 11. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4056/86) getur eftirlitsstofnun EFTA, áður en hún tekur ákvörðun samkvæmt undanfarandi undirgrein, beint tilmælum til hlutaðeigandi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja um að þau bindi enda á hið brotlega athæfi.

2. Ákvæði 1. mgr. skuli einnig gilda um tilvik sem falla undir 7. gr. umræddrar gerðar.

3. Ef eftirlitsstofnun EFTA berst kæra og hún kemst að þeirri niðurstöðu að á grundvelli fyrirliggjandi gagna mæli ekkert með íhlutun samkvæmt 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins eða 7. gr. umræddrar gerðar, hvað samninga, ákvarðanir eða aðgerðir varðar, skal hún gefa út ákvörðun þar sem kærunni er vísað frá þar sem hún sé ekki á rökum reist.

4. Ef eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu, annaðhvort eftir að henni hefur borist kæra eða að eigin frumkvæði, að samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð sé í samræmi við ákvæði bæði 1. mgr. og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins skal hún gefa út ákvörðun þar sem beitt er 3. mgr. 53. gr. Í ákvörðuninni skal koma fram frá hvaða degi hún gildir. Sú dagsetning má vera fyrir dagsetningu ákvörðunarinnar.

12. gr.

Beiting 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins — Andmæli

1. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja sem æskja þess að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum sem þau eiga aðild að og falla undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. skulu sækja um það til eftirlitsstofnunar EFTA, samanber þó 11. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

2. Ef eftirlitsstofnun EFTA samþykkir umsókn og hefur undir höndum öll fyrirliggjandi gögn og engin aðgerð samkvæmt 10. gr. hefur komið til gegn viðkomandi samningi, ákvörðun eða samstilltri aðgerð skal hún svo fljótt sem verða má birta útdrátt úr umsókninni í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* og bjóða öllum þriðju aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta, svo og EFTA-ríkjunum, að senda eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir sínar innan 30 daga. Við birtingu þessara upplýsinga skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Tilkynni eftirlitsstofnun EFTA ekki umsækjendum innan 90 daga frá birtingardegi í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* að mikill vafi leiki á beitingu 3. mgr. 53. gr. skal samningurinn, ákvörðunin eða hin samstillta aðgerð teljast undanþegin banninu þann tíma sem liðinn er og allt að sex árum frá birtingardegi í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins*, að því tilskildu að hún sé í samræmi við þá lýsingu sem gefin hefur verið í umsókn.

Komist eftirlitsstofnun EFTA að því eftir að 90 daga fresturinn er útrunninn, en áður en sex árin eru liðin, að skilyrðunum fyrir beitingu 3. mgr. 53. gr. hafi ekki verið fullnægt skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að bannið í 1. mgr. 53. gr. sé í gildi. Ákvörðunin getur verið afturvirk hafi hlutaðeigandi aðilar veitt ónákvæmar upplýsingar eða misnotað undanþáguna frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr.

4. Eftirlitsstofnun EFTA getur tilkynnt umsækjendum með þeim hætti sem frá er greint í fyrstu undirgrein 3. mgr. og skal gera það ef EFTA-ríki fer fram á það innan 45 daga frá því að umsókn samkvæmt 2. mgr. 15. gr. var komið áleiðis til þess. Réttlæta ber slíka beiðni á grundvelli samkeppnisreglna EES-samningsins.

Ef eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að skilyrðum 1. mgr. og 3. mgr. 53. gr. hafi verið fullnægt skal hún gefa út ákvörðun þar sem beitt er 3. mgr. 53. gr. Í ákvörðuninni skal koma fram frá hvaða degi hún gildir. Sú dagsetning má vera fyrir dagsetningu umsóknarinnar.

13. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins

1. Í ákvörðun um að beita 3. mgr. 53. gr., sem tekin er samkvæmt 4. mgr. 11. gr. eða samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. 12. gr., skal koma fram hver gildistími hennar sé; allajafna skal sá tími eigi vera skemmri en sex ár. Heimilt er að láta skilyrði og skuldbindingar fylgja ákvörðuninni.

2. Ákvörðunina má endurnýja ef skilyrðunum fyrir beitingu 3. mgr. 53. gr. er áfram fullnægt.

3. Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tilteknar gerðir aðila:

a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst;

b) standi aðilar ekki við einhverja þeirra skuldbindinga sem fylgja ákvörðuninni;

c) grundvallist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi verið gefin út með blekkingum; eða

d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í þeim tilvikum sem falla undir b-, c- eða d-lið má afturkalla ákvörðunina afturvirkt.

14. gr.

Valdsvið

Með fyrirvara um endurskoðun EFTA-dómstólsins á ákvörðun hennar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði samnings þessa hefur eftirlitsstofnun EFTA óskorað vald, með þeim skilyrðum sem sett eru í 56. gr. EES-samningsins, til að

— leggja á skuldbindingar samkvæmt 7. gr. gerðarinnar sem um getur í 11. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4056/86);

— gefa út ákvarðanir samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins;

Yfirvöld í EFTA-ríkjunum hafa áfram vald til að ákveða hvort eitthvert tilvik fellur undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. uns eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið aðgerðir með það fyrir augum að móta ákvörðun í viðkomandi máli eða hefur látið frá sér fara tilkynningu svo sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 3. mgr. 12. gr.

15. gr.

Samvinna við yfirvöld í EFTA-ríkjunum

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal beita málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í kafla þessum í náinni og stöðugri samvinnu við lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum; þessum yfirvöldum er heimilt að gera athugasemdir við þá málsmeðferð.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af kærum og umsóknum ásamt afritum af mikilvægustu skjölunum sem hún hefur sent eða fengið meðan fjallað er um málið.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna eintak af tilkynningum, kærum og upplýsingum um upphaf málsmeðferðar í krafti embættis frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 2. og 10. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna afrit af skjölum sem borist hafa frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 7. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

3. Samráð skal haft við ráðgjafarnefnd um samkeppni í sjóflutningum áður en ákvörðun er tekin samkvæmt málsmeðferð þeirri sem um getur í 10. gr. eða ákvörðun er gefin út samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 12. gr. eða samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. í sömu grein. Enn fremur skal haft samráð við ráðgjafarnefndina áður en tillaga sem um getur í 26. gr. er lögð fram.

4. Ráðgjafarnefndina skipa embættismenn sem til þess eru bærir að fjalla um sjóflutninga, samninga og yfirburðastöðu. Hvert EFTA-ríki skal tilnefna tvo embættismenn sem fulltrúa sína og er heimilt að senda annan embættismann í þeirra stað komi til forfalla.

Framkvæmdastjórn EB og aðildarríki EB eiga rétt á að vera viðstödd fundi ráðgjafarnefndarinnar og að láta álit sitt í ljós. Fulltrúar þeirra skulu þó ekki hafa atkvæðisrétt.

5. Samráðið fer fram á sameiginlegum fundi sem eftirlitsstofnun EFTA boðar til; fundinn skal ekki halda fyrr en fjórtán dögum eftir að fundarboð var sent út. Í fundarboðinu skal koma fram, í öllum málum sem til umfjöllunar eru, samantekt um málið ásamt yfirliti yfir helstu skjöl og fyrstu drög að ákvörðun.

Með hliðsjón af þátttöku þeirri sem kveðið er á um í annarri undirgrein 4. mgr. skal boða framkvæmdastjórn EB til fundarins og veita henni þær upplýsingar sem kveðið er á um í 6. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

6. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að skila áliti enda þótt einhverjir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu fjarverandi. Skýrsla um niðurstöður samráðsfundarins skal fylgja drögum að ákvörðun um málið. Hún skal ekki gerð opinber.

16. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að leita allra nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkisstjórnum og lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna og hjá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja til að geta innt af hendi skyldur þær sem á hana eru lagðar með 55. og 58. gr. EES-samningsins, ákvæðum bókunar 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla.

2. Þegar eftirlitsstofnun EFTA sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún jafnframt senda afrit af beiðninni til lögbærra yfirvalda í því EFTA-ríki þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur.

3. Í beiðninni ber eftirlitsstofnun EFTA að skýra frá lagagrundvelli og tilgangi sem að baki beiðninni liggur og auk þess viðurlögum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 19. gr. við því að gefa rangar upplýsingar.

4. Eigendum fyrirtækjanna eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögpersónur er að ræða, félögum eða fyrirtækjum eða, þegar um ræðir samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögpersónu, einstaklingum sem heimild hafa til að koma fram fyrir þeirra hönd, samkvæmt lögum eða reglum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar.

5. Veiti fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem eftirlitsstofnun EFTA tiltekur, eða veiti ófullnægjandi upplýsingar, skal eftirlitsstofnun EFTA krefjast þess með ákvörðun að upplýsingarnar skuli veittar. Í ákvörðuninni skal tilgreina upplýsingar þær sem þörf

er á, setja viðeigandi skilafrest og skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 19. gr. og c-lið 1. mgr. 20. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins samkvæmt 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðkomandi ákvæðum í samningi þessum, einkum 35. gr.

6. Eftirlitsstofnun EFTA skal samtímis senda afrit af ákvörðuninni til lögbærs yfirvalds þess EFTA-ríkis þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur sitt.

17. gr.

Rannsóknir yfirvalda í EFTA-ríkjunum

1. Að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA skulu lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum gangast fyrir þeim rannsóknum sem hún telur þörf á samkvæmt 1. mgr. 18. gr. eða sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 18. gr. Þeir embættismenn lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum sem hefur verið falið að sjá um rannsóknir þessar skulu hefjast handa þegar þeir hafa fengið til þess skriflegt umboð frá lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram. Í slíku umboði skal koma fram hvert viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar er.

2. Embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt að aðstoða embættismenn viðkomandi yfirvalds við rannsóknarstarfið fari eftirlitsstofnun EFTA eða lögbært yfirvald í EFTA-ríkinu, þar sem rannsóknin á að fara fram, fram á það.

18. gr.

Valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA við rannsóknir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á starfsemi fyrirtækja og samtaka fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkis til að inna af hendi skyldur þær sem á henni hvíla samkvæmt 55. og 58. gr. EES-samningsins, ákvæðum bókunar 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla.

Í þessu skyni er embættismönnum sem eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð heimilt að:

a) skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl;

b) taka afrit af eða útdrætti úr bókhaldi og viðskiptaskjölum;

c) fara fram á munnlegar skýringar á staðnum;

d) fá aðgang að öllu húsnæði, landi og ökutækjum fyrirtækja.

2. Embættismenn eftirlitsstofnunar EFTA, sem heimild hafa til þessara rannsókna, skulu framvísa skriflegu umboði þar sem viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar kemur fram og viðurlög þau sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 19. gr., sé framvísun bókhalds eða annarra viðskiptaskjala sem krafist er ófullnægjandi. Eftirlitsstofnun EFTA ber, með góðum fyrirvara, að tilkynna lögbæru yfirvaldi í því EFTA-ríki þar sem rannsóknin á að fara fram um fyrirhugaða rannsókn og nöfn þeirra embættismanna sem starfa í umboði hennar. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig veita slíkt umboð fulltrúum

framkvæmdastjórnar EB sem skulu taka þátt í rannsókninni í samræmi við 4. mgr. 8. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

3. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er skylt að gangast undir rannsókn sem eftirlitsstofnun EFTA fyrirskipar með ákvörðun. Í ákvörðuninni skulu viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar koma fram og hvaða dag hún skuli hefjast auk þess skal skýra frá viðurlögum þeim sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 19. gr. og d-lið 1. mgr. 20. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins samkvæmt 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðkomandi ákvæðum í samningi þessum, einkum 35. gr.

4. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir sem um getur í 3. mgr. að höfðu samráði við lögbær yfirvöld í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram.

5. Embættismönnum hins lögbæra yfirvalds í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram er heimilt að aðstoða embættismenn eftirlitsstofnunar EFTA við rannsóknina að beiðni þessa yfirvalds eða eftirlitsstofnunar EFTA.

6. Ef fyrirtæki neitar að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið samkvæmt þessari grein ber hlutaðeigandi EFTA-ríki að veita embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA alla nauðsynlega aðstoð til að þeim verði gert kleift að inna skyldur sínar af hendi. EFTA-ríkjunum ber í þessu skyni, að höfðu samráði við eftirlitsstofnun EFTA, að gera nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi innan sex mánaða frá gildistöku EES-samningsins.

19. gr.

Sektir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 100 til 5 000 evrópskar mynteiningar (ECU) þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

a) veita rangar eða villandi upplýsingar annaðhvort í orðsendingu samkvæmt 5. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 11. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4056/86) eða í umsókn samkvæmt 12. gr. kafla þessa; eða

b) veita rangar upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt 3. eða 5. mgr. 16. gr. eða veita ekki upplýsingar innan frests sem ákveðinn er með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 16. gr.; eða

c) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar rannsókn fer fram samkvæmt 17. eða 18. gr. eða neita að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 18. gr.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 1 000 til 1 000 000 evrópskar mynteiningar (ECU) eða hærri fjárhæð en þó ekki umfram 10% af veltu undanfarins rekstrarárs hjá hverju fyrirtækjanna sem gerst hafa brotleg, þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

a) brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins eða hlíta ekki skuldbindingum

sem á þau eru lagðar með 7. gr. umræddrar gerðar;

b) standa ekki við allar skuldbindingar sem á þau eru lagðar samkvæmt 5. gr. umræddrar gerðar og 1. mgr. 13. gr.

Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hve alvarlegt brotið er og hve lengi það hefur viðgengist.

3. Ákvæði 3. og 4. mgr. 15. gr. gilda.

4. Ákvarðanir teknar samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu ekki vera refsiréttarlegs eðlis.

Sektunum sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. skal ekki beitt gagnvart athöfnum sem eiga sér stað eftir að tilkynning hefur verið send eftirlitsstofnun EFTA og fyrir ákvörðun hennar um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins enda séu þær í samræmi við starfsemina sem tilkynnt hefur verið um.

Þó skal þetta ákvæði ekki gilda hafi eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt hlutaðeigandi fyrirtækjum að eftir bráðabirgðarannsókn sé það álit hennar að 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eigi við og ekki sé réttlætanlegt að beita 3. mgr. 53. gr.

20. gr.

Févíti

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákvarða févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, er nemur frá 50 til 1 000 evrópskum mynteiningum (ECU) á dag og reiknast frá þeim degi sem tiltekinn er í ákvörðuninni, til að þvinga þau til að:

a) hætta því athæfi sem brýtur gegn ákvæðum 1. mgr. 53. eða 54. gr. EES-samningsins, og hún hafði fyrirskipað að hætt yrði samkvæmt 11. gr., eða standa við skuldbindingu samkvæmt 7. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 11. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4056/86);

b) forðast hvert það athæfi sem bannað er samkvæmt 3. mgr. 13. gr.;

c) veita tæmandi og réttar upplýsingar þegar hún hefur farið fram á það með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 16. gr.;

d) gangast undir rannsókn sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 18. gr.

2. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að þvinga þau til að standa við er eftirlitsstofnun EFTA heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni.

3. Ákvæði 3. og 4. mgr. 15. gr. gilda.

21. gr.

Áfrýjun til EFTA-dómstólsins

EFTA-dómstóllinn hefur, í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðkomandi ákvæði í samningi þessum, ótakmarkaða lögsögu, í skilningi 35. gr. samnings þessa, til að fjalla um

lögmæti ákvarðana eftirlitsstofnunar EFTA um sektir eða févíti; honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

22. gr.

Evrópska mynteiningin (ECU)

Við beitingu 19. – 21. gr. merkir „ECU" mynteininguna ECU eins og hún er skilgreind af lögbærum yfirvöldum Evrópubandalaganna.

23. gr.

Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila

1. Áður en eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvarðanir eins og kveðið er á um í 11. gr., annarri undirgrein 3. mgr. og 4. mgr. 12. gr., 3. mgr. 13. gr., 19. og 20 gr. skal hún veita hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í þeim málum sem hún hefur andmælt.

2. Telji eftirlitsstofnun EFTA eða lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum ástæðu til er þeim einnig heimilt að veita öðrum einstaklingum eða lögpersónum færi á að gefa skýrslu. Verða skal við beiðni þessara aðila um tækifæri til að skýra mál sitt ef þeir sýna fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta.

3. Hyggist eftirlitsstofnun EFTA gefa út samþykki samkvæmt 3. mgr. 53. gr. í EES-samningnum skal hún birta samantekt um hlutaðeigandi samning, ákvörðun eða samstillta aðgerð og bjóða öllum hagsmunaaðilum að skila athugasemdum innan frests sem hún ákveður og ekki skal vera skemmri en einn mánuður. Við birtingu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

24. gr.

Þagnarskylda

1. Með fyrirvara um 9. gr. bókunar 23 er einungis heimilt að nota vitneskju, sem aflað er þegar beitt er ákvæðum 17. og 18. gr. þessa kafla eða 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann, ef hún varðar viðkomandi beiðni eða rannsókn.

2. Með fyrirvara um ákvæði 23. og 25. gr. er eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum starfsmönnum óheimilt að láta uppi vitneskju sem þeir öðlast vegna þess að bókun þessari eða 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann er beitt og er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Skylda þessi hvílir einnig á fulltrúum framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB sem eiga sæti í ráðgjafarnefndinni í samræmi við 4. mgr. 15. gr. og taka þátt í skýrslugjöf samkvæmt 2. mgr. 12. gr. X. kafla.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða athugana sem ekki fela í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

25. gr.

Birting ákvarðana

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur samkvæmt 11. gr., annarri undirgrein 3. mgr. 12. gr., 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr.

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; taka skal tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

26. gr.

Sérstök ákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur í samræmi við 49. gr. samnings þessa lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum varðandi kærur samkvæmt 10. gr. og umsóknir samkvæmt 12. gr. og viðbótarathugasemdum við eyðublöðin.

X. KAFLI

SKYLDUR VARÐANDI ORÐSENDINGAR, EYÐUBLÖÐ, INNIHALD OG ÖNNUR ATRIÐI ER VARÐA KÆRUR OG UMSÓKNIR ÁSAMT SKÝRSLUGJÖF SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í IX. KAFLA

I. ÞÁTTUR

TILKYNNINGAR, KÆRUR OG UMSÓKNIR

1. gr.

Tilkynningar

1. Tilkynna skal eftirlitsstofnun EFTA um gerðardómsúrskurði og tilmæli sáttamanna sem samþykki hafa hlotið þegar þau snerta lausn deilna er varða þá samráðshætti sem um getur í 4. gr. og 2. og 3. mgr. 5. gr. gerðarinnnar sem vísað er til í 11. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4056/86).

2. Tilkynningaskyldan gildir um sérhvern aðila að deilu sem leyst er með úrskurði eða tilmælum.

3. Tilkynningar skulu sendar þegar í stað í ábyrgðarbréfi gegn móttökukvittun eða boðsendar gegn móttökukvittun. Þær skulu ritaðar á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins.

Fylgiskjöl skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit. Afrit verða að vera staðfest afrit frumrits. Þau skulu lögð fram á frummálinu. Sé frummálið ekki opinbert tungumál EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins skal þýðing á einu af þessum tungumálum fylgja.

4. Þegar fulltrúar fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna undirrita slíkar tilkynningar skulu þeir leggja fram skriflegt umboð.

2. gr.

Kærur

1. Kærur samkvæmt 10. gr. IX. kafla skulu lagðar fram skriflega á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins og þeim sem leggja fram kæru eftirlátið að ákveða framsetningu, efni og önnur atriði.

2. Þessir aðilar geta lagt fram kæru:

a) EFTA-ríki;

b) einstaklingar eða lögpersónur sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

3. Þegar fulltrúar fyrirtækja, samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna undirrita slíkar kærur skulu þeir leggja fram skriflegt umboð.

3. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram umsóknir

1. Fyrirtæki sem er aðili að samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum eins og lýst er í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins getur lagt fram umsókn samkvæmt 12. gr. IX. kafla. Sé umsóknin lögð fram í nafni sumra en ekki allra hlutaðeigandi fyrirtækja skal hinum tilkynnt þar um.

2. Sé umsókn samkvæmt 12. gr. IX. kafla undirrituð af fulltrúum fyrirtækja, samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna skulu þeir fulltrúar leggja fram skriflegt umboð.

3. Sé lögð fram sameiginleg umsókn skal sameiginlegur fulltrúi tilnefndur.

4. gr.

Umsóknir lagðar fram

1. Skila skal umsóknum samkvæmt 12. gr. IX. kafla á eyðublöðum sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, samanber 6. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB gefa út í þessu skyni.

2. Nokkur samstarfsfyrirtæki geta lagt fram umsókn á einu eyðublaði.

3. Í umsóknirnar skal skrá þær upplýsingar sem um er beðið.

4. Níu eintök af hverri umsókn og fylgiskjölum skulu send eftirlitsstofnun EFTA.

5. Fylgiskjölin skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit. Afrit skulu vera staðfest afrit frumrits.

6. Umsóknir skulu vera á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eð Evrópubandalagsins. Fylgiskjölin skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki opinbert tungumál EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins

skal þýðing á einu af þessum tungumálum fylgja.

7. Skiladagur umsóknarinnar skal vera sá dagur þegar eftirlitsstofnun EFTA veitir henni viðtöku samanber þó 11. gr. bókunar 23 við EES-samninginn. Sé umsóknin hins vegar send með ábyrgðarpósti skal hún teljast móttekin þann dag sem póststimpill á sendingarstað sýnir.

8. Falli umsókn sem lögð er fram samkvæmt 12. gr. IX. kafla ekki undir þann kafla skal eftirlitsstofnun EFTA tafarlaust tilkynna umsækjanda að hún hyggist fjalla um umsóknina á grundvelli ákvæða annarrar slíkrar gerðar sem vísað er til í XIV. viðauka við EES-samninginn og gilda kann um málið; skiladagur umsóknarinnar telst samt sá dagur sem af 7. mgr. leiðir. Eftirlitsstofnun EFTA greinir umsækjanda frá forsendum sínum og gefur honum frest til að leggja fram skriflegar athugasemdir áður en hún fjallar um málið á grundvelli ákvæða hinnar gerðarinnar.

II. ÞÁTTUR

SKÝRSLUGJÖF

5. gr.

Áður en eftirlitsstofnun EFTA hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samkeppni í sjóflutningum ber henni að efna til skýrslugjafar samkvæmt 1. mgr. 23. gr. IX. kafla.

6. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja skriflega um þau andmæli sem sett hafa verið fram gegn þeim. Tilkynningin skal stíluð á hvert þeirra eða sameiginlegan umboðsmann sem þau hafa tilnefnt.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að birta tilkynningu til aðila í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins*, ef slíkt verður talið við hæfi að teknu tilliti til málsástæðna, einkum ef birta ber mörgum fyrirtækjum tilkynninguna og enginn sameiginlegur umboðsmaður hefur verið tilnefndur. Við birtingu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Sekt eða févíti má því aðeins leggja á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja að tilkynnt hafi verið um andmælin með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. mgr.

4. Þegar eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir um andmæli skal hún gefa fyrirtækjunum eða samtökum fyrirtækja frest til að kynna henni sjónarmið sín.

7. gr.

1. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu, innan þess frests sem veittur er, láta skriflega í ljós afstöðu sína til þeirra andmæla sem sett eru fram gegn þeim.

2. Í skriflegum athugasemdum er þeim heimilt að nefna hverjar þær málsbætur sem máli skipta.

3. Þau mega senda með öll þau skjöl sem máli skipta til staðfestingar máli sínu. Þau mega einnig leggja til við eftirlitsstofnun EFTA að vitni verði kölluð til að færa sönnur á mál þeirra.

8. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis fjalla í ákvörðun sinni um andmæli gegn fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem þau hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

9. gr.

Sækist einstaklingar eða lögpersónur, sem sýna fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, eftir því að gefa skýrslu samkvæmt 2. mgr. 23. gr. IX. kafla skal eftirlitsstofnun EFTA gefa þeim tækifæri til að kynna sjónarmið sín skriflega innan frests sem hún setur.

10. gr.

Telji eftirlitsstofnun EFTA, að fenginni kæru samkvæmt 10. gr. IX. kafla, að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum sé ekki næg ástæða til að aðhafast í kærumálinu skal hún tilkynna þeim er kæruna lögðu fram um ástæður sínar og veita þeim frest til að skila frekari skriflegum athugasemdum.

11. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA ber að gefa aðilum kost á að rökstyðja mál sitt munnlega leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum og sýni fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta eða hyggist hún úrskurða um sekt eða févíti á þá.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er eins heimilt að gefa öðrum aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

12. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA kveður aðila þá sem gefa eiga skýrslu til fundar við sig og ákveður fundardag.

2. Hún sendir jafnframt lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af kvaðningunni og er þeim heimilt að tilnefna fulltrúa til að taka þátt í skýrslugjöfinni. Enn fremur skal eftirlitsstofnun EFTA bjóða framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að senda þangað fulltrúa. Það boð á einnig að ná til aðildarríkja EB.

13. gr.

1. Skýrslugjöfinni skal stjórnað af aðilum sem eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir í því skyni.

2. Aðilar sem til eru kvaddir skulu annaðhvort sjálfir gefa skýrslu eða kjósa sér löglærða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er auk þess heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

Aðilum sem gefa skýrslu fyrir eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fá aðstoð lögfræðinga eða ráðgjafa, sem hafa rétt til að flytja mál fyrir EFTA-dómstólnum, eða annarra hæfra aðila.

3. Skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Aðilar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem til hafa verið kvaddir. Í síðara tilvikinu skal tekið tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

4. Meginefni skýrslugjafar hvers og eins skal skráð í fundargerð og viðkomandi síðan lesa hana og samþykkja.

14. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 6. gr. skal senda upplýsingar og kvaðningar frá eftirlitsstofnun EFTA til viðtakenda í ábyrgðarpósti og viðtaka þeirra staðfest eða boðsenda þær gegn kvittun fyrir móttöku.

15. gr.

1. Þegar eftirlitsstofnun EFTA ákveður fresti sem ráð er fyrir gert í 8. mgr. 4. gr., 6. gr., 9. gr. og 10. gr. skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir athugasemdir og til þess hve málið er brýnt. Fresturinn skal eigi vera skemmri en tvær vikur; heimilt er að framlengja hann.

2. Fresturinn telst hefjast daginn eftir viðtöku tilkynningar eða afhendingu hennar ef um boðsendingu er að ræða.

3. Skriflegar athugasemdir verða að berast eftirlitsstofnun EFTA eða vera sendar af stað í ábyrgðarpósti áður en fresturinn rennur út. Ef fresturinn rennur út á sunnudegi eða lögboðnum frídegi skal framlengja hann til loka næsta virka dags. Við ákvörðun framlengingar þessarar teljast lögboðnir frídagar, þegar dagsetningin sem um ræðir er viðtökudagur skriflegra athugasemda, þeir sem tilgreindir eru í 2. viðbæti við þess bókun og, þegar dagsetningin sem um ræðir er póstsendingardagur, þeir sem lögboðnir eru í landinu þaðan sem pósturinn er sendur.

16. gr.

Sérstök ákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur í samræmi við ákvæði 49. gr. samnings þessa lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum til nota við kærur og viðbótarathugasemdum.

XI. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ VIÐ BEITINGU SAMKEPPNISREGLNA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FYRIRTÆKI Í FLUTNINGUM Í LOFTI

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessum kafla eru settar nákvæmar reglur um beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins um flugþjónustu.

2. Þessi kafli gildir einungis um millilandaflug milli flugvalla á svæði því sem EES-samningurinn tekur til.

2. gr.

Undanþágur fyrir tiltekna tæknilega samninga

1. Það bann sem kveðið er á um í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins skal ekki gilda um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem taldar eru upp 7. viðbæti við bókun þessa ef þessar gerðir miða einungis að því að ná fram tæknilegum umbótum eða samstarfi. Skrá þessi er ekki tæmandi.

2. Eftirlitsstofnun EFTA getur í samræmi við 49. gr. samnings þessa lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur um breytingar á skránni í 7. viðbæti.

3. gr.

Meðferð mála vegna kæru eða að frumkvæði eftirlitsstofnunar EFTA

1. Að fenginni kæru eða að eigin frumkvæði skal eftirlitsstofnun EFTA hefja aðgerðir til að binda enda á brot gegn ákvæðum 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins.

Þessir aðilar geta lagt fram kæru:

a) EFTA-ríkin;

b) einstaklingar eða lögpersónur sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

2. Að fenginni umsókn frá hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja er eftirlitsstofnun EFTA heimilt að veita staðfestingu á að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum séu engar forsendur fyrir aðgerðum af hennar hálfu samkvæmt 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins vegna samnings, ákvörðunar eða samstilltrar aðgerðar.

4. gr.

Niðurstöður mála sem hlotið hafa meðferð vegna kæru eða að frumkvæði eftirlitsstofnunar EFTA

1. Komist eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins getur hún með ákvörðun skyldað hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja að binda enda á hið brotlega athæfi.

Með fyrirvara um önnur ákvæði þessa kafla getur eftirlitsstofnun EFTA, áður en hún tekur ákvörðun samkvæmt undanfarandi undirgrein, beint tilmælum til hlutaðeigandi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja um að þau bindi enda á hið brotlega athæfi.

2. Ef eftirlitsstofnun EFTA berst kæra og hún kemst að þeirri niðurstöðu að á grundvelli fyrirliggjandi gagna mæli ekkert með íhlutun samkvæmt 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins hvað samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir varðar skal hún taka ákvörðun þar sem kærunni er vísað frá enda sé hún ekki á rökum reist.

3. Ef eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu, annaðhvort eftir að henni hefur borist kæra eða að eigin frumkvæði, að samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð sé í samræmi við ákvæði bæði 1. mgr. og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, skal hún taka ákvörðun þar sem beitt er 3. mgr. 53. gr. Í ákvörðuninni skal koma fram frá hvaða degi hún gildir. Ákvörðunin má taka gildi fyrir þann dag sem hún er samþykkt.

4. gr. a

Bráðabirgðaráðstafanir gegn aðgerðum er hamla samkeppni

1. Með fyrirvara um beitingu 1. mgr. 4. gr. þar sem eftirlitsstofnun EFTA hefur við fyrstu sýn sönnunargögn um að tilteknar aðgerðir séu andstæðar 53. eða 54. gr. EES-samningsins og hafi það markmið eða þau áhrif að tefla beint í tvísýnu flugþjónustustarfsemi, og nægi afturhvarf til eðlilegrar starfsemi ef til vill ekki til að vernda flugþjónustu eða hlutaðeigandi flugfélag, getur hún með ákvörðun gert bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja að þessar aðgerðir gangi ekki eftir eða þær séu ekki framkvæmdar og gefið nauðsynleg fyrirmæli til að hindra að slíkt geti átt sér stað þar til að ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 4. gr. er tekin.

2. Ákvörðun sem er tekin í samræmi við 1. mgr. skal gilda að hámarki í sex mánuði. Ákvæði 5. mgr. 8. gr. gilda ekki.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að endurskoða upphaflega ákvörðun sína, og breyta henni eða ekki, innan þriggja mánaða. Í því tilviki gildir 5. mgr. 8. gr.

5. gr.

Beiting 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins — Andmæli

1. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja sem æskja þess að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum sem þau eiga aðild að og falla undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins skulu sækja um það til eftirlitsstofnunar EFTA.

2. Ef eftirlitsstofnun EFTA samþykkir umsókn og hefur undir höndum öll fyrirliggjandi gögn og engin aðgerð samkvæmt 3. gr. hefur komið til gegn viðkomandi samningi, ákvörðun eða samstilltri aðgerð, skal hún svo fljótt sem verða má birta útdrátt úr umsókninni í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* og bjóða öllum þriðju aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta, svo og EFTA-ríkjunum að senda eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir sínar innan 30 daga. Við birtingu þessara upplýsinga skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Tilkynni eftirlitsstofnun EFTA ekki umsækjendum innan 90 daga frá birtingardegi í EES-deild *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* að mikill vafi leiki á beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins skal samningurinn, ákvörðunin eða hin samstillta aðgerð teljast undanþegin banninu þann tíma sem liðinn er og allt að sex árum frá birtingardegi í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* að því tilskildu að gerðin sé í samræmi við þá lýsingu sem gefin hefur verið í umsókn.

Komist eftirlitsstofnun EFTA að því eftir að 90 daga fresturinn er útrunninn, en áður en sex árin eru liðin, að skilyrðunum fyrir beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins hafi ekki verið fullnægt skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að bannið í 1. mgr. 53. gr. sé í gildi. Ákvörðunin getur verið afturvirk hafi hlutaðeigandi aðilar veitt ónákvæmar upplýsingar eða hafi þeir misnotað undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. eða brotið gegn 54. gr.

4. Eftirlitsstofnun EFTA getur tilkynnt umsækjendum með þeim hætti sem frá er greint í fyrstu undirgrein 3. mgr. og skal gera það ef EFTA-ríki fer fram á það innan 45 daga frá því að umsókn samkvæmt 2. mgr. 8. gr. var komið áleiðis til þess. Réttlæta ber slíka beiðni á grundvelli samkeppnisreglna EES-samningsins.

Ef eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að skilyrðum 1. mgr. og 3. mgr. 53. gr. hafi verið fullnægt skal hún gefa út ákvörðun þar sem beitt er 3. mgr. 53. gr. Í ákvörðuninni skal koma fram frá hvaða degi hún gildir. Sú dagsetning má vera fyrir dagsetningu umsóknarinnar.

6. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins

1. Í ákvörðun um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem tekin er samkvæmt 4. eða 5. gr. þessa kafla, skal koma fram hver gildistími hennar sé; allajafna skal sá tími eigi vera skemmri en sex ár. Heimilt er að láta skilyrði og skuldbindingar fylgja ákvörðuninni.

2. Ákvörðunina má endurnýja ef skilyrðunum fyrir beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins er áfram fullnægt.

3. Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tilteknar gerðir aðila:

a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst; eða

b) standi aðilar ekki við einhverja þeirra skuldbindinga sem fylgja ákvörðuninni; eða

c) grundvallist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi verið gefin út með blekkingum; eða

d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í þeim tilvikum sem falla undir b-, c- eða d-lið má afturkalla ákvörðunina afturvirkt.

7. gr.

Valdsvið

Með fyrirvara um endurskoðun EFTA-dómstólsins á ákvörðun hennar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði samnings þessa hefur eftirlitsstofnun EFTA óskorað vald til að gefa út ákvarðanir um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, með þeim skilyrðum sem sett eru í 56. gr. EES-samningsins.

Yfirvöld í EFTA-ríkjunum hafa áfram vald til að ákveða hvort eitthvert tilvik fellur undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins uns eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið aðgerðir með það fyrir augum að móta ákvörðun í viðkomandi máli eða hefur látið frá sér fara tilkynningu svo sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. þessa kafla.

8. gr.

Samvinna við yfirvöld í EFTA-ríkjunum

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal beita málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í þessum kafla í náinni og stöðugri samvinnu við lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum; þessum yfirvöldum er heimilt að gera athugasemdir við þá málsmeðferð.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af öllum kærum og umsóknum ásamt afritum af mikilvægustu skjölunum sem hún hefur sent eða fengið meðan fjallað er um málið.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna eintak af tilkynningum, kærum og upplýsingum um upphaf málsmeðferðar í krafti embættis frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 2. og 10. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna afrit af skjölum sem borist hafa frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 7. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

3. Samráð skal haft við ráðgjafarnefnd um samkeppni í flutningum í lofti áður en ákvörðun er tekin samkvæmt málsmeðferð þeirri sem um getur í 3. gr., eða ákvörðun er gefin út samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 5. gr. eða samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. í sömu grein eða samkvæmt 6. gr. Enn fremur skal haft samráð við ráðgjafarnefndina áður en tillaga sú sem um getur í 19. gr. er lögð fram.

4. Ráðgjafarnefndina skipa embættismenn sem til þess eru bærir að fjalla um flutninga í lofti, samninga og yfirburðastöðu. Hvert EFTA-ríki skal tilnefna tvo embættismenn sem fulltrúa sína og er heimilt að senda annan embættismann í þeirra stað komi til forfalla.

Framkvæmdastjórn EB og aðildarríki EB eiga rétt á að vera viðstödd fundi ráðgjafarnefndarinnar og að láta álit sitt í ljós. Fulltrúar þeirra skulu þó ekki hafa atkvæðisrétt.

5. Samráðið fer fram á sameiginlegum fundi sem eftirlitsstofnun EFTA boðar til; fundinn skal ekki halda fyrr en fjórtán dögum eftir að fundarboð var sent út. Í fundarboðinu skal koma fram, í öllum málum sem til umfjöllunar eru, samantekt um málið ásamt yfirliti yfir helstu skjöl og fyrstu drög að ákvörðun.

Með hliðsjón af þátttöku þeirri sem kveðið er á um í annarri undirgrein 4. mgr. skal boða framkvæmdastjórn EB til fundarins og veita henni þær upplýsingar sem kveðið er á um í 6. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

6. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að skila áliti enda þótt einhverjir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu fjarverandi. Skýrsla um niðurstöður samráðsfundarins skal fylgja drögum að ákvörðun um málið. Hún skal ekki gerð opinber.

9. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að leita allra nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkisstjórnum og lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna og hjá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja til að geta innt af hendi þær skyldur sem á hana eru lagðar samkvæmt 55. og 58. gr. EES-samningsins, ákvæðum sem er að finna í bókun 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla.

2. Þegar eftirlitsstofnun EFTA sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún jafnframt senda afrit af beiðninni til lögbærra yfirvalda í því EFTA-ríki þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur.

3. Í beiðninni ber eftirlitsstofnun EFTA að skýra frá lagagrundvelli og tilgangi sem að baki beiðninni liggur og auk þess viðurlögum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 12. gr. við því að gefa rangar upplýsingar.

4. Eigendum fyrirtækjanna eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögpersónur er að ræða, félögum eða fyrirtækjum eða, þegar um ræðir samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögpersóna, einstaklingum sem heimild hafa til að koma fram fyrir þeirra hönd, samkvæmt lögum eða reglum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar.

5 Veiti fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem eftirlitsstofnun EFTA tiltekur, eða veiti ófullnægjandi upplýsingar, skal eftirlitsstofnun EFTA krefjast þess með ákvörðun að upplýsingarnar skuli veittar. Í ákvörðuninni skal tilgreina upplýsingar þær sem þörf er á, setja viðeigandi skilafrest og skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 12. gr. og c-lið 1. mgr. 13. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 35. gr.

6. Eftirlitsstofnun EFTA skal samtímis senda afrit af ákvörðuninni til lögbærra yfirvalda þess EFTA-ríkis þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur.

10. gr.

Rannsóknir yfirvalda í EFTA-ríkjunum

1. Að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA skulu lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum gangast fyrir þeim rannsóknum sem eftirlitsstofnun EFTA telur þörf á samkvæmt 1. mgr. 11. gr. eða sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 11. gr. Þeir embættismenn lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum sem hefur verið falið að sjá um rannsóknir þessar skulu hefjast handa þegar þeir hafa fengið til þess skriflegt umboð frá lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram. Í slíku umboði skal koma fram hvert viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar er.

2. Embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt að aðstoða embættismenn viðkomandi yfirvalds við rannsóknarstarfið fari eftirlitsstofnun EFTA eða lögbært yfirvald í EFTA-ríkinu, þar sem rannsóknin á að fara fram, fram á það.

11. gr.

Valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA við rannsóknir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á starfsemi fyrirtækja og samtaka fyrirtækja til að inna af hendi skyldur þær sem á henni hvíla samkvæmt 55. og 58. gr. EES-samningsins, ákvæðum sem er að finna í bókun 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla. Í þessu skyni er embættismönnum sem eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð heimilt að:

a) skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl;

b) taka afrit af eða útdrætti úr bókhaldi og öðrum viðskiptaskjölum;

c) fara fram á munnlegar skýringar á staðnum;

d) fá aðgang að öllu húsnæði, landi og ökutækjum í notkun hjá fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja.

2. Embættismenn eftirlitsstofnunar EFTA, sem heimild hafa til þessara rannsókna, skulu framvísa skriflegu umboði þar sem viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar kemur fram og viðurlög þau sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 12. gr., sé framvísun bókhalds eða annarra viðskiptaskjala sem krafist er ófullnægjandi. Eftirlitsstofnun EFTA ber, með góðum fyrirvara, að tilkynna lögbæru yfirvaldi í því EFTA-ríki þar sem rannsóknin á að fara fram um fyrirhugaða rannsókn og nöfn þeirra embættismanna sem starfa í umboði hennar. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig veita slíkt umboð fulltrúum framkvæmdastjórnar EB sem skulu taka þátt í rannsókninni í samræmi við 4. mgr. 8. gr. bókunar 23 við EES-samninginn

3. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er skylt að gangast undir rannsókn sem eftirlitsstofnun EFTA fyrirskipar með ákvörðun. Í ákvörðuninni skulu viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar koma fram og hvaða dag hún skuli hefjast, auk þess skal skýra frá viðurlögum þeim sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 12. gr. og d-lið 1. mgr. 13. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins.

4. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir sem um getur í 3. mgr. að höfðu samráði við lögbært yfirvald í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram.

5. Embættismönnum hins lögbæra yfirvalds í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram er heimilt að aðstoða embættismenn framkvæmdastjórnarinnar við rannsóknina að beiðni þessa yfirvalds eða eftirlitsstofnunar EFTA.

6. Ef fyrirtæki neitar að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið samkvæmt þessari grein ber hlutaðeigandi EFTA-ríki að veita embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA alla nauðsynlega aðstoð til að þeim verði gert kleift að inna skyldur sínar af hendi. EFTA-ríkjunum ber í þessu skyni, að höfðu samráði við eftirlitsstofnun EFTA, að gera nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi innan sex mánaða frá því er EES-samningurinn öðlast gildi.

12. gr.

Sektir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 100 til 5 000 evrópskar mynteiningar (ECU) þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

a) veita rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við umsókn samkvæmt 2. mgr. 3. gr. eða 5. gr.; eða

b) veita rangar upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt 3. eða 5. mgr. 9. gr. eða veita ekki upplýsingar innan frests sem ákveðinn er með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 9. gr.; eða

c) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar rannsókn fer fram samkvæmt 10. eða 11. gr. eða neita að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 11. gr.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 1 000 til 1 000 000 evrópskar mynteiningar (ECU) eða meira en þó ekki umfram 10% af veltu undanfarins rekstrarárs hjá fyrirtækjunum sem gerst hafa brotleg, þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

a) brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins; eða

b) standa ekki við allar skuldbindingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hve alvarlegt brotið er og hve lengi það hefur viðgengist.

3. Ákvæði 8 gr. gilda.

4. Ákvarðanir teknar samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu ekki vera refsiréttarlegs eðlis.

5. Sektunum sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. skal ekki beitt gagnvart athöfnum sem eiga sér stað eftir að tilkynning hefur verið send eftirlitsstofnun EFTA og fyrir ákvörðun hennar um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins enda séu þær í samræmi við starfsemina sem tilkynnt hefur verið um.

Þó skal þetta ákvæði ekki gilda hafi eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja að eftir bráðabirgðarannsókn sé það álit hennar að 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eigi við og ekki sé réttlætanlegt að beita 3. mgr. 53. gr.

13. gr.

Févíti

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákvarða févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, er nemur frá 50 til 1 000 evrópskum mynteiningum (ECU) á dag og reiknast frá þeim degi sem tiltekinn er í ákvörðuninni, til að þvinga þau til að:

a) hætta því athæfi sem brýtur gegn ákvæðum 1. mgr. 53. eða 54. gr. EES-samningsins og hún hafði fyrirskipað að hætt yrði samkvæmt 4. gr. þessa kafla;

b) forðast hvert það athæfi sem bannað er samkvæmt 3. mgr. 6. gr.;

c) veita tæmandi og réttar upplýsingar þegar hún hefur farið fram á það með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 9. gr.;

d) gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð er með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 11. gr.

e) hlíta ráðstöfun sem gerð er með ákvörðun á grundvelli 4. gr. a.

2. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að þvinga þau til að standa við er eftirlitsstofnun EFTA heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni.

3. Ákvæði 8. gr. gilda.

14. gr.

Áfrýjun til EFTA-dómstólsins

EFTA-dómstóllinn hefur, í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, ótakmarkaða lögsögu, í skilningi 35. gr. samnings þessa, til að fjalla um lögmæti ákvarðana eftirlitsstofnunar EFTA um sektir eða févíti; honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

15. gr.

Evrópska mynteiningin (ECU)

Við beitingu 12. – 14. gr. merkir „ECU" þá mynteiningu sem lögbær yfirvöld Evrópubandalagsins skilgreina.

16. gr.

Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila

1. Áður en eftirlitsstofnun EFTA neitar að veita staðfestingu sem um getur í 2. mgr. 3. gr. eða tekur ákvarðanir eins og kveðið er á um í 4. gr., 4. gr. a, annarri undirgrein 3. mgr. 5. gr., 4. mgr. 5. gr., 3. mgr. 6. gr., 12. og 13. gr. skal hún veita hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í þeim málum sem eftirlitsstofnun EFTA andmælir eða hefur andmælt.

2. Telji eftirlitsstofnun EFTA eða lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum ástæðu til, er þeim einnig heimilt að veita öðrum einstaklingum eða lögpersónum færi á að gefa skýrslu. Verða skal við beiðni þessara aðila um tækifæri til að skýra mál sitt ef þeir sýna fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta.

3. Hyggist eftirlitsstofnun EFTA samþykkja ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins skal hún birta samantekt um viðkomandi samning, ákvörðun eða samstillta aðgerð í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* og bjóða öllum þriðju aðilum sem hagsmuna hafa að gæta að skila athugasemdum innan frests sem hún ákveður og ekki skal vera skemmri en einn mánuður. Við birtingu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

17. gr.

Þagnarskylda

1. Með fyrirvara um 9. gr. bókunar 23, skal vitneskja, sem aflað er þegar ákvæðum 9. – 11. gr. þessa kafla eða 58. gr. EES-samningsins og bókunar 23 við hann er beitt, einungis notuð að því er

varðar viðkomandi beiðni eða rannsókn.

2. Með fyrirvara um ákvæði 16. og 18. gr. er eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum starfsmönnum óheimilt að láta uppi vitneskju sem þeir öðlast vegna þess að þessari bókun eða 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann er beitt og er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Þessi skuldbinding á einnig við um fulltrúa framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB sem eiga sæti í ráðgjafarnefndinni í samræmi við 4. mgr. 8. gr. og hlut að skýrslugjöfinni í samræmi við 2. mgr. 11. gr. XII. kafla.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða athugana sem ekki fela í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

18. gr.

Birting ákvarðana

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur samkvæmt 2. mgr. 3. gr., 4. gr., annarri undirgrein 3. mgr. 5. gr., 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr.

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; taka skal tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

19. gr.

Sérstök ákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur í samræmi við 49. gr. samnings þessa lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum varðandi kærur samkvæmt 3. gr., umsóknir samkvæmt 2. og 5. mgr. 3 gr. og viðbótarathugasemdum.

XII. KAFLI

EYÐUBLÖÐ, INNIHALD OG ÖNNUR ATRIÐI ER VARÐA KÆRUR OG UMSÓKNIR, SVO OG TILKYNNINGAR OG SKÝRSLUGJÖF SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í IX. KAFLA UM MÁLSMEÐFERÐ VARÐANDI BEITINGU SAMKEPPNISREGLNA ER VARÐA FYRIRTÆKI Í FLUTNINGUM Í LOFTI

I. ÞÁTTUR

KÆRUR OG UMSÓKNIR

1. gr.

Kærur

1. Kærur samkvæmt 1. mgr. 3. gr. XI. kafla skulu lagðar fram skriflega á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins og þeim sem leggja fram kæru eftirlátið að ákveða framsetningu, efni og önnur atriði.

2. Þessir aðilar geta lagt fram kæru:

a) EFTA-ríki;

b) einstaklingar eða lögpersónur sem telja sig eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

3. Þegar fulltrúar fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna undirrita slíkar kærur skulu þeir leggja fram skriflegt umboð.

2. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram umsóknir

1. Fyrirtæki sem er aðili að samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum eins og lýst er í 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins getur lagt fram umsókn samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. XI. kafla. Sé umsóknin lögð fram í nafni sumra en ekki allra hlutaðeigandi fyrirtækja skal hinum tilkynnt þar um.

2. Sé umsókn samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. XI. kafla undirrituð af fulltrúum fyrirtækja, samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna skulu þeir fulltrúar leggja fram skriflegt umboð.

3. Sé lögð fram sameiginleg umsókn skal sameiginlegur fulltrúi tilnefndur.

3. gr.

Umsóknir lagðar fram

1. Umsóknir samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. XI. kafla skulu lagðar fram á eyðublöðum sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, samanber 8. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB gefa út í þessu skyni.

2. Nokkur samstarfsfyrirtæki geta lagt fram umsókn á einu eyðublaði.

3. Í umsóknirnar skal skrá þær upplýsingar sem um er beðið.

4. Níu eintök af hverri umsókn og fylgiskjölum skulu send eftirlitsstofnun EFTA.

5. Fylgiskjölin skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit. Afrit skulu vera staðfest afrit frumrits.

6. Umsóknir skulu vera á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins. Fylgiskjölin skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki opinbert tungumál EFTA-ríkis eða Evrópubandalagins skal þýðing á einu þessara tungumála fylgja.

7. Skiladagur umsóknarinnar skal vera sá dagur þegar eftirlitsstofnun EFTA veitir henni viðtöku, samanber þó 11. gr. bókunar 23 við EES-samninginn. Sé umsóknin hins vegar send með ábyrgðarpósti skal hún teljast móttekin þann dag sem póststimpill á sendingarstað sýnir.

8. Falli umsókn sem lögð er fram samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. XI. kafla ekki undir þann kafla skal eftirlitsstofnun EFTA tafarlaust tilkynna umsækjanda að hún hyggist fjalla um umsóknina á grundvelli ákvæða annarrar gerðar sem vísað er til í XIV. viðauka við EES-samninginn og gildir um

málið; skiladagur umsóknarinnar telst samt sá dagur sem af 7. mgr. leiðir. Eftirlitsstofnun EFTA greinir umsækjanda frá forsendum sínum og gefur honum frest til að leggja fram skriflegar athugasemdir áður en hún fjallar um málið á grundvelli ákvæða hinnar gerðarinnar.

II. ÞÁTTUR

SKÝRSLUGJÖF

4. gr.

Áður en eftirlitsstofnun EFTA hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samkeppni í flutningum í lofti ber henni að efna til skýrslugjafar samkvæmt 1. mgr. 16. gr. XI. kafla.

5. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja skriflega um þau andmæli sem sett hafa verið fram gegn þeim. Tilkynningin skal stíluð á hvert þeirra eða sameiginlegan umboðsmann sem þau hafa tilnefnt.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að birta tilkynningu til aðila í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins*, ef slíkt verður talið við hæfi að teknu tilliti til málsástæðna, einkum ef birta ber mörgum fyrirtækjum tilkynninguna og enginn sameiginlegur umboðsmaður hefur verið tilnefndur. Við birtingu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Sekt eða févíti má því aðeins leggja á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja að tilkynnt hafi verið um andmælin með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. mgr.

4. Þegar eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir um andmæli skal hún gefa fyrirtækjunum eða samtökum fyrirtækja frest til að kynna henni sjónarmið sín.

6. gr.

1. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu, innan þess frests sem veittur er, láta skriflega í ljós afstöðu sína til þeirra andmæla sem sett eru fram gegn þeim.

2. Í skriflegum athugasemdum er þeim heimilt að nefna hverjar þær málsbætur sem máli skipta.

3. Þau mega senda með öll þau skjöl sem máli skipta til staðfestingar máli sínu. Þau mega einnig leggja til við eftirlitsstofnun EFTA að vitni verði kölluð til að færa sönnur á mál þeirra.

7. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis fjalla í ákvörðun sinni um andmæli gegn fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem þau hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

8. gr.

Sækist einstaklingar eða lögpersónur, sem sýna fram á að þeir eiga nægilegra hagsmuna að gæta, eftir því að gefa skýrslu samkvæmt 2. mgr. 16. gr. XI. kafla skal eftirlitsstofnun EFTA gefa þeim tækifæri til að kynna sjónarmið sín skriflega innan frests sem hún setur.

9. gr.

Telji eftirlitsstofnun EFTA, að fenginni kæru samkvæmt 1. mgr. 3. gr. XI. kafla, að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum sé ekki næg ástæða til að aðhafast í kærumálinu skal hún tilkynna þeim er kæruna lögðu fram um ástæður sínar og veita þeim frest til að skila frekari skriflegum athugasemdum.

10. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA ber að gefa aðilum kost á að rökstyðja mál sitt munnlega leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum og sýni fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta eða hyggist hún úrskurða um sekt eða févíti á þá.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er eins heimilt að gefa öðrum aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

11. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA kveður aðila þá sem gefa eiga skýrslu til fundar við sig og ákveður fundardag.

2. Hún sendir jafnframt lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af kvaðningunni og er þeim heimilt að tilnefna fulltrúa til að taka þátt í skýrslugjöfinni. Enn fremur skal eftirlitsstofnun EFTA bjóða framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að senda þangað fulltrúa. Það boð á einnig að ná til aðildarríkja EB.

12. gr.

1. Skýrslugjöfinni skal stjórnað af aðilum sem eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir í því skyni.

2. Aðilar sem til eru kvaddir skulu annaðhvort sjálfir gefa skýrslu eða kjósa sér löglærða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er auk þess heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

Aðilum sem gefa skýrslu fyrir eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fá aðstoð lögfræðinga eða ráðgjafa, sem hafa rétt til að flytja mál fyrir EFTA-dómstólnum, eða annarra hæfra aðila.

3. Skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Aðilar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem til hafa verið kvaddir. Í síðara tilvikinu skal tekið tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

4. Meginefni skýrslugjafar hvers og eins skal skráð í fundargerð og viðkomandi síðan lesa hana og samþykkja.

13. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 5. gr. skal senda upplýsingar og kvaðningar frá eftirlitsstofnun EFTA til viðtakenda í ábyrgðarpósti og viðtaka þeirra staðfest eða boðsenda þær gegn kvittun fyrir móttöku.

14. gr.

1. Þegar eftirlitsstofnun EFTA ákveður fresti sem ráð er fyrir gert í 8. mgr. 4. gr., 6. gr., 9. gr. og 10. gr. skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir athugasemdir og til þess hve málið er brýnt. Fresturinn skal eigi vera skemmri en tvær vikur; heimilt er að framlengja hann.

2. Fresturinn telst hefjast daginn eftir viðtöku tilkynningar eða afhendingu hennar ef um boðsendingu er að ræða.

3. Skriflegar athugasemdir verða að berast eftirlitsstofnun EFTA eða vera sendar af stað í ábyrgðarpósti áður en fresturinn rennur út. Ef fresturinn rennur út á sunnudegi eða lögboðnum frídegi skal framlengja hann til loka næsta virka dags. Við ákvörðun framlengingar þessarar teljast lögboðnir frídagar, þegar dagsetningin sem um ræðir er viðtökudagur skriflegra athugasemda, þeir sem tilgreindir eru í 2. viðbæti við þess bókun nybls og, þegar dagsetningin sem um ræðir er póstsendingardagur, þeir sem lögboðnir eru í landinu þaðan sem pósturinn er sendur.

15. gr.

Sérstök ákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur í samræmi við ákvæði 49. gr. samnings þessa lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum og viðbótarathugasemdum.

III. HLUTI

EFTIRLIT MEÐ SAMFYLKINGUM

XIII. KAFLI

REGLUR UM EFTIRLIT MEÐ SAMFYLKINGUM FYRIRTÆKJA

Vegna skiptingar texta reglugerðar (EEC) nr. 4064/89 milli XIV. viðauka við EES-samninginn (efnisreglur) og þessa kafla (reglur um málsmeðferð), er texta 1. – 5., eins og hann hefur verið aðlagaður, gr. að finna í gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89). Eftirlitsstofnun EFTA skal sjá um eftirlit með samfylkingu í samræmi við ákvæði 57. gr. EES-samningsins, einkum b-lið 2. gr.

1. – 5. gr.

(Enginn texti)

6. gr.

Athugun tilkynningar og upphaf málsmeðferðar

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal, í samræmi við ákvæði 1. mgr. og b-liðar 2. mgr. 57. gr. EES-samningsins, athuga tilkynningu um leið og hún berst.

a) Komist hún að þeirri niðurstöðu að samfylking sem tilkynnt hefur verið um falli ekki undir gildissvið gerðar í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) skal hún staðfesta það með ákvörðun.

b) Komist hún að þeirri niðurstöðu að samfylking sem tilkynnt hefur verið um, jafnvel þótt hún falli undir gildissvið umræddrar gerðar, veki ekki alvarlegar grunsemdir um að hún sé í ósamræmi við framkvæmd EES-samningsins skal hún ákveða að standa ekki í vegi fyrir henni og lýsa því yfir að hún samræmist framkvæmd EES-samningsins.

c) Komist hún hins vegar að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli undir gildissvið umræddrar gerðar og vakni alvarlegar grunsemdir um að hún sé í ósamræmi við framkvæmd EES-samningsins skal hún ákveða að hefja málsmeðferð.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum og lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum um ákvörðun sína.

7. gr.

Stöðvun samfylkinga

1. Að því er varðar ákvæði 2. mgr. skal samfylking, samkvæmt skilgreiningu 1. gr. í gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), hvorki taka gildi áður en tilkynnt hefur verið um hana né fyrstu þrjár vikurnar eftir að tilkynnt var um hana.

2. Telji eftirlitsstofnun EFTA, að undangenginni forathugun á tilkynningu innan þess tíma sem kveðið er á um í 1. mgr., þörf á er henni heimilt að eigin frumkvæði að framlengja þessa stöðvun enn frekar að fullu eða að hluta uns hún tekur lokaákvörðun eða gera aðrar bráðabirgðaráðstafanir er hafa sömu áhrif til þess að tryggja að ákvarðanir teknar síðar á grundvelli 3. og 4. mgr. 8. gr. nái að fullu fram að ganga.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir gildistöku yfirtökuboðs sem eftirlitsstofnun EFTA hefur verið tilkynnt um í samræmi við 1. mgr. 4. gr. umræddrar gerðar, að því tilskildu að sá sem að yfirtökunni stendur nýti sér ekki atkvæðisrétt sem fylgir hlutabréfum þeim sem um ræðir eða geri það einungis í þeim tilgangi að viðhalda fullu gildi þeirra fjárfestinga og samkvæmt undanþágu veittri af eftirlitsstofnun EFTA á grundvelli 4. mgr.

4. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, samkvæmt beiðni, að veita undanþágu frá skuldbindingum þeim sem fram koma í 1., 2. eða 3. mgr. til að koma í veg fyrir að eitt eða fleiri fyrirtæki, sem hlut eiga að samfylkingu, eða þriðji aðili verði fyrir alvarlegum skaða. Einungis er heimilt að veita slíka undanþágu með tilteknum skilyrðum og skuldbindingum í þeim tilgangi að tryggja skilyrði fyrir virkri samkeppni. Heimilt er að sækja um eða veita undanþágu hvenær sem er, jafnvel áður en tilkynnt er um samfylkingu eða að henni afstaðinni.

5. Gildi viðskipta sem brjóta í bága við ákvæði 1. eða 2. mgr. skal háð ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. eða 3. mgr. 8. gr. eða ályktun á grundvelli 6. mgr. 10. gr.

Ákvæði greinar þessarar hafa þó engin áhrif á gildi viðskipta með verðbréf, þar með talin breytanleg verðbréf, sem fara fram á verðbréfamarkaði undir eftirliti og umsjón opinberra yfirvalda, er starfræktur reglubundið og almenningur hefur aðgang að með beinum eða óbeinum hætti, nema því aðeins að kaupandi og seljandi hafi haft eða hefðu átt að hafa vitneskju um að viðskiptin brytu í bága við 1. eða 2. mgr.

8. gr.

Ákvörðunarvald eftirlitsstofnunar EFTA

1. Með fyrirvara um 9. gr. skal ljúka hverri málsmeðferð sem hafin er samkvæmt c-lið 1. mgr. 6. gr. með ákvörðun eins og kveðið er á um í 2. – 5. mgr.

2. Komist eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, uppfylli að afstöðnum tilteknum breytingum, sem hlutaðeigandi fyrirtæki hafa hugsanlega gert, skilyrði þau sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samræmist framkvæmd EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að bæta við ákvörðun sína skilyrðum og skuldbindingum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki ræki skyldur þær sem þau hafa tekist á hendur gagnvart eftirlitsstofnun EFTA og miða að því að lagfæra upphafleg áform um samfylkingu. Í ákvörðuninni, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samræmist kröfum hins sameiginlega markaðar, skal einnig tíunda takmarkanir sem tengjast beint og nauðsynlegar eru framkvæmd samfylkingarinnar.

3. Komist eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að samfylking uppfylli skilyrðin í 3. mgr. 2. gr. umræddrar gerðar skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé í ósamræmi við framkvæmd EES-samningsins.

4. Þar sem samfylking hefur þegar komið til framkvæmda er eftirlitsstofnun EFTA heimilt, með ákvörðun á grundvelli 3. mgr. eða með sérstakri ákvörðun, að krefjast þess að fyrirtæki eða eignir, sem sameinaðar hafa verið, verði aðskildar eða sameiginlegri stjórn verði hætt eða gripið verði til annarra viðeigandi aðgerða til að skapa að nýju skilyrði fyrir virkri samkeppni.

5. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að afturkalla ákvörðun sem hún hefur tekið samkvæmt 2. mgr. þegar:

a) yfirlýsingin um samræmi er byggð á röngum upplýsingum sem eitt hlutaðeigandi fyrirtækja er ábyrgt fyrir eða þegar hún er fengin fram með svikum; eða

b) hlutaðeigandi fyrirtæki uppfylla ekki þær skuldbindingar sem ákvörðuninni fylgja.

6. Í tilviki því sem um getur í 5. mgr. er eftirlitsstofnun EFTA heimilt að taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. án þess að vera bundin af eindaga þeim sem um getur í 3. mgr. 10. gr.

9. gr.

Tilvísun til lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, með ákvörðun sem hlutaðeigandi fyrirtækjum og lögbærum yfirvöldum annarra EFTA-ríkja er tilkynnt um án tafar, að vísa samfylkingu, sem tilkynnt hefur verið um, til lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi EFTA-ríkis við eftirfarandi aðstæður.

2. Innan þriggja vikna frá viðtöku afrits af tilkynningu er EFTA-ríki heimilt að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA, sem aftur skal tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum, að áformuð samfylking geti skapað eða styrkt yfirburðastöðu með þeim afleiðingum að virk samkeppni raskaðist verulega á markaði

innan þess ríkis, sem ber öll einkenni aðgreinds markaðar, hvort sem um ræðir verulegan hluta af yfirráðasvæði EFTA-ríkja eður ei.

3. Álíti eftirlitsstofnun EFTA að slíkur aðgreindur markaður sé til staðar og slík hætta fyrir hendi, með tilliti til markaðarins fyrir vöru þá eða þjónustu sem um ræðir og landfræðilega viðmiðunarmarkaðarins, í skilningi 7. mgr., skal hún annaðhvort:

a) grípa sjálf í taumana til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á markaði þeim sem um ræðir; eða

b) vísa málinu til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki í því skyni að ákvæðum landslaga þess um samkeppni verði beitt.

Áliti eftirlitsstofnun EFTA aftur á móti að enginn slíkur aðgreindur markaður eða hætta sé fyrir hendi skal hún gefa út ákvörðun þess efnis sem er beint til hlutaðeigandi EFTA-ríkis.

4. Taka skal ákvörðun um hvort vísa skuli máli áfram eða ekki á grundvelli 3. mgr.:

a) að öllu jöfnu innan sex vikna frests, eins og kveðið er á um í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr., hafi eftirlitsstofnun EFTA ekki hafið málsmeðferð samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr.; eða

b) innan þriggja mánaða hið lengsta frá því að tilkynnt var um samfylkinguna, hafi eftirlitsstofnun EFTA hafið málsmeðferð samkvæmt c-lið 1. mgr. 6. gr. án þess að hafa gert nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir á grundvelli annarrar undirgreinar 2. mgr. 8. gr. eða 3. eða 4. mgr. sömu greinar til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á markaði þeim sem um ræðir.

5. Hafi eftirlitsstofnun EFTA ekki tekið ákvörðun innan þriggja mánaða, eins og um getur í b-lið 4. mgr., þrátt fyrir áminningu af hálfu hlutaðeigandi EFTA-ríkis, um tilvísun í samræmi við 3. mgr. eða gert undirbúningsráðstafanir sem um getur í b-lið 4. mgr., skal litið svo á að hún hafi ákveðið að vísa málinu sem um ræðir til EFTA-ríkisins sem í hlut á í samræmi við b-lið 3. mgr.

6. Lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi EFTA-ríki ber að gefa út skýrslu eða tilkynna niðurstöður sínar eftir umfjöllun um samfylkinguna eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til þess.

7. Landfræðilegur viðmiðunarmarkaður telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eiga viðskipti með vöru eða þjónustu og samkeppnisaðstæður eru svo líkar innbyrðis að hægt er að greina hann frá nærliggjandi svæðum, ekki síst vegna þess að samkeppnisaðstæður eru greinilega með ólíkum hætti á þessum svæðum. Til að meta fyrrnefnd atriði verður einkum að taka mið af eðli og einkennum vöru þeirrar og þjónustu sem um ræðir, aðgangshindrunum eða neytendavenjum, greinilegum mun á markaðshlutdeild fyrirtækjanna milli viðkomandi svæðis og nærliggjandi svæða eða verulegum verðmun.

8. Hlutaðeigandi EFTA-ríki er einungis heimilt að gera allra nauðsynlegustu ráðstafanir til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á markaði þeim sem um ræðir þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt.

9. Í samræmi við viðeigandi ákvæði EES-samningsins getur EFTA-ríki skotið máli til EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings og farið meðal annars fram á að 41. gr. þessa samnings verði beitt í þeim tilgangi að beita ákvæðum landslaga um samkeppni.

10. Þessi grein verður endurskoðuð fyrir árslok 1993.

10. gr.

Frestur til að hefja málsmeðferð og gefa út ákvarðanir

1. Skylt er að taka ákvarðanir þær sem um getur í 1. mgr. 6. gr. innan eins mánaðar hið lengsta. Frestur sá hefst daginn eftir að tilkynning eða, séu upplýsingar sem fylgja eiga tilkynningunni ófullnægjandi, daginn eftir að fullnægjandi upplýsingar berast. Lengja skal frestinn í sex vikur berist eftirlitsstofnun EFTA beiðni frá EFTA-ríki í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

2. Skylt er að taka ákvarðanir, samkvæmt 2. mgr. 8. gr., um samfylkingar sem tilkynnt hefur verið um jafnskjótt og svo virðist að þeim alvarlegu grunsemdum sem um getur í c-lið 1. mgr. 6. gr. hafi verið eytt, einkum sakir þess að fyrirtæki þau sem í hlut eiga hafa gert breytingar, og í síðasta lagi innan þess frests sem settur er í 3. mgr.

3. Með fyrirvara um 6. mgr. 8. gr. er skylt að taka ákvarðanir samkvæmt 3. mgr. 8. gr. um samfylkingar sem tilkynnt hefur verið um eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að málsmeðferð hefst.

4. Heimilt er, í undantekningartilvikum, að framlengja frest þann sem settur er í 3. mgr. verði eftirlitsstofnun EFTA að krefjast upplýsinga með ákvörðun á grundvelli 11. gr. eða fyrirskipa rannsókn með ákvörðun á grundvelli 13. gr. vegna aðstæðna sem fyrirtæki, er aðild á að samfylkingunni, ber ábyrgð á.

5. Kveði EFTA-dómstóllinn upp úrskurð sem ógildir að nokkru eða öllu leyti ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA, sem byggð er á þessum kafla, skulu frestir sem mælt er fyrir um í þessum kafla hefjast að nýju frá og með þeim degi að úrskurður er upp kveðinn.

6. Taki eftirlitsstofnun EFTA ekki ákvörðun í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. eða 3. mgr. 8. gr. fyrir eindaga sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. skal litið svo á að samfylkingin samræmist framkvæmd EES-samningsins, samanber þó 9. gr.

11. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, þegar uppfylla skal skyldur sem á henni hvíla samkvæmt 57. og 58. gr. EES-samningsins, ákvæðum sem sett eru í bókun 24 og XIV. viðauka við EES-samninginn og ákvæðum þessa kafla, að afla sér allra nauðsynlegra upplýsinga frá ríkisstjórnum og lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna, einstaklingum sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) og frá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.

2. Þegar eftirlitsstofnun EFTA sendir beiðni um upplýsingar til einstaklings, fyrirtækis eða samtaka

fyrirtækja skal hún jafnframt senda afrit af beiðninni til lögbærs yfirvalds í því EFTA-ríki þar sem viðkomandi einstaklingur, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur.

3. Í beiðninni ber eftirlitsstofnun EFTA að skýra frálagalegum grundvelli og tilgangi sem að baki beiðninni liggur og auk þess viðurlögum sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 14. gr. við því að gefa rangar upplýsingar.

4. Eigendum fyrirtækjanna eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögpersónur er að ræða, félögum eð fyrirtækjum eða, þegar um ræðir samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögpersóna, einstaklingum sem heimild hafa til að koma fram fyrir þeirra hönd, samkvæmt lögum eða stofnsamþykktum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar.

5. Veiti einstaklingar, fyrirtæki eða saamtök fyrirtækja ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin tiltekur, eða veiti ófullnægjandi upplýsingar, skal eftirlitsstofnun EFTA krefjast þess með ákvörðun að upplýsingarnar skuli veittar. Í ákvörðuninni skal tilgreina upplýsingar þær sem þörf er á, setja viðeigandi skilafrest og skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 14. gr. og a-lið 1. mgr. 15. gr. og réttar til að skjóta ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 35. gr.

6. Eftirlitsstofnun EFTA skal jafnframt senda afrit af ákvörðuninni til lögbærs yfirvalds þess EFTA-ríkis þar sem viðkomandi einstaklingur, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur.

12. gr.

Rannsóknir yfirvalda í EFTA-ríkjunum

1. Að beiðni eftirlitsstofnunar EFTA skulu lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum gangast fyrir þeim rannsóknum sem eftirlitsstofnun EFTA telur þörf á samkvæmt 1. mgr. 13. gr. eða sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 13. gr. Þeir embættismenn lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum sem hefur verið falið að sjá um rannsóknir þessar skulu hefjast handa þegar þeir hafa fengið til þess skriflegt umboð frá lögbæru yfirvaldi í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram. Í slíku umboði skal koma fram hvert viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar er.

2. Embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt að aðstoða embættismenn viðkomandi yfirvalds við rannsóknarstarfið fari eftirlitsstofnun EFTA eða lögbært yfirvald í EFTA-ríkinu, þar sem rannsóknin á að fara fram, fram á það.

13. gr.

Valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA við framkvæmd rannsókna

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á starfsemi fyrirtækja og samtaka fyrirtækja til að inna af hendi skyldur þær sem á henni hvíla samkvæmt 57. og 58. gr. EES-samningsins, ákvæðum sem sett eru í bókun 24 og XIV. viðauka við EES-samninginn og ákvæðum þessa kafla.

Í þessu skyni er embættismönnum sem eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð heimilt að:

a) skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl;

b) taka eða krefjast afrita af eða útdrátta úr bókhaldi og öðrum viðskiptaskjölum;

c) fara fram á munnlegar skýringar á staðnum;

d) fá aðgang að öllu húsnæði, landsvæðum og flutningatækjum fyrirtækja.

2. Embættismenn eftirlitsstofnunar EFTA, sem heimild hafa til þessara rannsókna, skulu framvísa skriflegu umboði þar sem viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar kemur fram og viðurlög þau sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 14. gr., sé framvísun bókhalds eða annarra viðskiptaskjala sem krafist er ófullnægjandi. Eftirlitsstofnun EFTA ber, skriflega og með góðum fyrirvara, að tilkynna lögbæru yfirvaldi í því EFTA-ríki þar sem rannsóknin á að fara fram um fyrirhugaða rannsókn og nöfn þeirra embættismanna sem starfa í umboði hennar. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig útvega þeim fulltrúum framkvæmdastjórnar EB sem taka skulu þátt í rannsókninni samkvæmt 5. mgr. 8. gr. bókunar 24 við EES-samninginn slíkt umboð.

3. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er skylt að gangast undir rannsókn sem eftirlitsstofnun EFTA fyrirskipar með ákvörðun. Í ákvörðuninni skulu viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar koma fram og hvaða dag hún skuli hefjast, auk þess skal skýra frá viðurlögum þeim sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 14. gr. og b-lið 1. mgr. 15. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 35. gr.

4. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram, skriflega og með góðum fyrirvara, um áform sín um að taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. Hún skal hlýða á málflutning hins lögbæra yfirvalds áður en hún tekur ákvörðun sína.

5. Embættismönnum hins lögbæra yfirvalds í EFTA-ríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram er heimilt að aðstoða embættismenn eftirlitsstofnunar EFTA við rannsóknina að beiðni þessa yfirvalds eða eftirlitsstofnunar EFTA.

6. Ef fyrirtæki eða samtök fyrirtækja neita að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið samkvæmt þessari grein ber hlutaðeigandi EFTA-ríki að veita embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA alla nauðsynlega aðstoð til að þeim verði gert kleift að inna skyldur sínar af hendi. EFTA-ríkjunum ber í þessu skyni, að höfðu samráði við eftirlitsstofnun EFTA, að gera nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi innan sex mánaða frá því að EES-samningurinn öðlast gildi.

14. gr.

Sektir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta einstaklinga, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 1 000 til 50 000 evrópskar mynteiningar (ECU) þegar aðilar þessir vísvitandi eða af gáleysi:

a) láta hjá líða að tilkynna um samfylkingu í samræmi við 4. gr. umræddrar gerðar;

b) veita rangar eða villandi upplýsingar í tilkynningu samkvæmt 4. gr. umræddrar gerðar;

c) veita rangar upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt 11. gr. eða veita ekki umbeðnar upplýsingar innan frests sem settur er með ákvörðun samkvæmt 11. gr.;

d) framvísa ófullkomnu bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar rannsókn fer fram samkvæmt 12. eða 13. gr. eða neita að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun samkvæmt 13. gr.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta hlutaðeigandi einstaklinga eða fyrirtæki að hámarki um sem samsvarar 10% af samanlagðri veltu þeirra, í skilningi 5. gr. umræddar gerðar, þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

a) standa ekki við skuldbindingu sem lögð er á með ákvörðun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr.;

b) láta samfylkingu, sem brýtur í bága við 1. mgr. 7. gr., koma til framkvæmda eða líta fram hjá ákvörðun sem tekin er samkvæmt 2. mgr. 7. gr.;

c) láta samfylkingu koma til framkvæmda sem lýst hefur verið, með ákvörðun, samkvæmt 3. mgr. 8. gr., í ósamræmi við framkvæmd EES-samningsins eða láta hjá líða að grípa til ráðstafana þeirra sem fyrirskipaðar eru með ákvörðun samkvæmt 4. mgr. 8. gr.

3. Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal taka tillit til hvers eðlis brotið er og hversu alvarlegt það er.

4. Ákvarðanir teknar samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu ekki vera refsiréttarlegs eðlis.

15. gr.

Févíti

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákvarða févíti á einstaklinga sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. við XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, er nemur allt að 25 000 evrópskum mynteiningum (ECU) á dag og reiknast frá þeim degi sem tiltekinn er í ákvörðuninni, til að þvinga þau til:

a) að veita tæmandi og réttar upplýsingar þegar hún hefur farið fram á það með ákvörðun samkvæmt 11. gr.; eða

b) að gangast undir rannsókn sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 13. gr.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákvarða févíti á einstaklinga sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. umræddrar gerðar eða fyrirtæki, er nemur allt að 100 000 evrópskum mynteiningum (ECU) á dag og reiknast frá þeim degi sem tiltekinn er í ákvörðuninni, til að þvinga þau til:

a) að standa við skuldbindingu sem lögð var á með ákvörðun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr., eða

b) að beita þeim ráðstöfunum sem fyrirskipaðar eru með ákvörðun samkvæmt 4. mgr. 8. gr.

3. Þegar einstaklingar sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. umræddrar gerðar, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að þvinga þau til að standa við er eftirlitsstofnun EFTA heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni.

16. gr.

Áfrýjun til EFTA-dómstólsins

EFTA-dómstóllinn hefur, í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, ótakmarkaða lögsögu í skilningi 35. gr. þessa samnings til að fjalla um lögmæti ákvarðana eftirlitsstofnunar EFTA um sektir eða févíti; honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

17. gr.

Þagnarskylda

1. Með fyrirvara um 9. gr. bókunar 24, skal vitneskja, sem aflað er þegar ákvæðum 57. og 58. gr. EES-samningsins, bókunar 24 við EES-samninginn og 11., 12., 13. og 18. gr. þessa kafla er beitt, einungis notuð að því er varðar viðkomandi beiðni, rannsókn eða skýrslugjöf.

2. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) og 18. gr. og 20. gr. þessa kafla, er eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum starfsmönnum óheimilt að láta uppi vitneskju sem þeir öðlast vegna þess að bókun 24 við EES-samninginn, umræddri gerð eða þessum kafla er beitt og er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða athugana sem ekki fela í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

18. gr.

Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila

1. Áður en eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun eins og kveðið er á um í 2. og 4. mgr. 7. gr., annarri undirgrein í 2. mgr. og 3. – 5. mgr. 8. gr., 14. gr. og 15. gr. skal hún veita hlutaðeigandi einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja tækifæri, á öllum stigum málsmeðferðar allt til viðræðufundar ráðgjafarnefndarinnar, til að skýra frá sjónarmiðum sínum varðandi andmæli sem lögð hafa verið fram gegn þeim.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að taka ákvörðun til bráðabirgða, eins og um getur í 2. eða 4. mgr. 7. gr., um að stöðva áfram samfylkingu eða veita undanþágu frá stöðvun án þess að gefa hlutaðeigandi einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja fyrst tækifæri til að kynna sjónarmið sín, að því tilskildu að eftirlitsstofnun EFTA gefi þeim færi á því eins fljótt og auðið er eftir að hún hefur tekið ákvörðun sína.

3. Í ákvörðun sinni ber eftirlitsstofnun EFTA einungis að taka til greina þau andmæli sem málsaðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um. Virða skal að fullu rétt varnaraðila til að taka til máls. Aðgangur að málsskjölum skal vera heimill að minnsta kosti þeim aðilum sem beina hlutdeild eiga að

málinu en taka skal tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

4. Eftirlitsstofnun EFTA eða lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum er einnig heimilt að hlýða á málflutning annarra einstaklinga eða lögpersóna telji þau ástæðu til þess. Einstaklingar eða lögpersónur, sem eiga nægilegra hagsmuna að gæta, einkum stjórnarmenn eða þeir sem sitja í framkvæmdastjórnum hlutaðeigandi fyrirtækja eða réttkjörnir fulltrúar launþega í sömu fyrirtækjum, skulu eiga rétt á að gefa skýrslu æski þeir þess.

19. gr.

Samvinna við yfirvöld í EFTA-ríkjunum

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af öllum tilkynningum innan þriggja virkra daga og, eins fljótt og auðið er, afrit af mikilvægustu skjölunum sem henni hafa borist eða hún gefið út samkvæmt gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) og þessum kafla.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal beita málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í umræddri gerð og þessum kafla í náinni og stöðugri samvinnu við lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum sem heimild hafa til að gera athugasemdir við þá málsmeðferð. Að því er varðar ákvæði 9. gr. skal hún afla upplýsinga frá lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi EFTA-ríki, eins og um getur í 2. mgr. þeirrar greinar, og gefa því tækifæri til, á öllum stigum málsmeðferðar, að koma fram með athugasemdir sínar allt þar til ákvörðun liggur fyrir samkvæmt ákvæðum 3. mgr. þeirrar sömu greinar; í því skyni skal hún veita því aðgang að málsskjölum.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna afrit af tilkynningum og upplýsingar sem hún hefur fengið frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 3. og 10. gr. bókunar 24 við EES-samninginn.

Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna afrit af skjölum sem hún hefur fengið frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 8. gr. bókunar 24 við EES-samninginn.

3. Samráð skal haft við ráðgjafarnefnd um samfylkingar áður en ákvörðun er tekin samkvæmt 2. – 5. mgr. 8. gr., 14. eða 15. gr. eða tillaga sú sem um getur í 23. gr. er lögð fram.

4. Í ráðgjafarnefndinni skulu sitja fulltrúar yfirvalda í EFTA-ríkjunum. Hvert EFTA-ríki tilnefnir einn eða tvo fulltrúa; forfallist þeir er heimilt að senda aðra fulltrúa í þeirra stað. Að minnsta kosti annar fulltrúa EFTA-ríkis skal vera til þess bær að fjalla um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.

5. Samráðið fer fram á sameiginlegum fundi sem eftirlitsstofnun EFTA boðar til og stýrir. Fundarboðinu skal fylgja samantekt um málavöxtu ásamt helstu málsskjölum og fyrstu drögum að ákvörðun þeirri sem til stendur að taka í hverju máli sem er til umfjöllunar. Fundinn skal ekki halda fyrr en að fjórtán dögum liðnum frá því að fundarboð var sent út. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, í undantekningartilvikum, að halda fundinn fyrr í því skyni að forða einu eða fleiri fyrirtækjum, sem hlut eiga að samfylkingu, frá alvarlegu tjóni.

6. Ráðgjafarnefndin skal skila áliti á drögum að ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að skila áliti enda þótt einhverjir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu fjarverandi. Skila skal skriflegu áliti sem fylgir fyrirliggjandi drögum að ákvörðun. Eftirlitsstofnun EFTA skal kappkosta að fara að áliti nefndarinnar. Hún tilkynnir nefndinni um á hvern hátt tekið hefur verið tillit til álits hennar.

7. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að leggja til að álitið verði birt. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að birta álitið. Í ákvörðuninni um að birta álitið skal tilhlýðilegt tillit tekið til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og til þeirra hagsmuna hlutaðeigandi fyrirtækja að álitið verði birt.

20. gr.

Birting ákvarðana

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur samkvæmt 2. – 5. mgr. 8. gr. í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins*.

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; við birtinguna skal tekið tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

21. gr.

Lögsaga

1. Með fyrirvara um áfrýjun til EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings er einungis eftirlitsstofnun EFTA bær, með þeim skilyrðum sem sett eru í 58. gr. EES-samningsins, til þess að taka ákvarðanir þær sem kveðið er á um í gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð nr. 4064/89) og þessum kafla.

2. EFTA-ríki er óheimilt að beita landslögum sínum um samkeppni þegar um ræðir samfylkingu sem varðar hagsmuni EFTA í skilningi 1. gr. umræddrar gerðar.

Ákvæði undirgreinarinnar hér á undan eru með fyrirvara um vald EFTA-ríkis til að gera nauðsynlegar rannsóknir þegar beita á ákvæðum 2. mgr. 9. gr. eða, eftir að máli hefur verið vísað áfram samkvæmt b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 9. gr. eða 5. mgr. sömu greinar, gera ráðstafanir þær sem bráðnauðsynlegar eru þegar beita á 8. mgr. 9. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er EFTA-ríkjum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttmæta hagsmuni aðra en þá sem tilteknir eru í umræddri gerð og þessum kafla og eru í samræmi við almennar grundvallarreglur og önnur ákvæði sem kveðið er á um, beint eða óbeint, í EES-samningnum.

Telja skal almannaöryggi, fjölmiðlafrelsi og varfærnisreglur til réttmætra hagsmuna í skilningi fyrstu undirgreinar.

Hlutaðeigandi EFTA-ríki ber að senda eftirlitsstofnun EFTA orðsendingu um aðra hagsmuni almennings, og skulu þeir öðlast viðurkenningu hennar að afloknu mati á að hve miklu leyti þeir

samræmast almennum grundvallarreglum og öðrum ákvæðum sem kveðið er á um, beint eða óbeint, í EES-samningnum, áður en heimilt er að grípa til fyrrnefndra ráðstafana. Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir hlutaðeigandi EFTA-ríki um ákvörðun sína innan eins mánaðar frá fyrrnefndri orðsendingu.

22. gr.

Beiting gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) og þessa kafla

1. Gerðin sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. kafla við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) og þessi kafli gilda ein um samfylkingar eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. umræddrar gerðar.

2. Ákvæði II., VI., IX. og XI. kafla og gerðanna sem vísað er til í 10. og 11. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerðir (EBE) nr. 1017/68) og (EBE) nr. 4056/86) gilda ekki um samfylkingar eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89).

3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, að svo miklu leyti sem samfylking hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkja, að samþykkja þær ákvarðanir sem kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. og í 3. og 4. mgr. sömu greinar, ákveði hún, að framkominni beiðni frá EFTA-ríki, að samfylking skilgreind samkvæmt 3. gr. umræddrar gerðar, sem ekki varðar hagsmuni EFTA í skilningi 1. gr. umræddrar gerðar, skapi eða styrki yfirburðastöðu sem hindrar verulega virka samkeppni á yfirráðasvæði hlutaðeigandi EFTA-ríkis.

4. Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. 2. gr. og 5. gr. umræddrar gerðar og 6., 8. og 10. – 20. gr. þessa kafla gilda. Frestur sem veittur er til að hefja málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skal hefjast þann dag er beiðnin berst frá hlutaðeigandi EFTA-ríki. EFTA-ríki verður að senda beiðnina innan eins mánaðar hið lengsta frá því að það fékk vitneskju um samfylkinguna eða frá því hún varð að veruleika. Fresturinn hefst þegar hið fyrsta af þessu gerist.

5. Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis, samkvæmt ákvæðum 3. mgr., grípa til nauðsynlegustu ráðstafana til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á yfirráðasvæði EFTA-ríkisins sem lagt hefur fram beiðni um aðgerðir af hálfu hennar.

6. Ákvæði 3. – 5. mgr. skulu gilda áfram uns viðmiðanir þær sem fram koma í 2. mgr. 1. gr. umræddrar gerðar hafa verið endurskoðaðar.

23. gr.

Sérstök ákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt samkvæmt ákvæðum 49. gr. samnings þessa að leggja fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum sem nota skal við tilkynningar í samræmi við 4. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), svo og tillögur að viðbótarathugasemdum við eyðublöðin.

24. gr.

Samskipti við lönd sem eru ekki aðilar að EES-samningnum

1. EFTA-ríkin skulu tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um sérhvern almennan vanda sem fyrirtæki í löndum þeirra komast í gagnvart samfylkingum, eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), í landi sem er ekki aðili að EES-samningnum.

2. Eftirlitsstofnun EFTA semur, í fyrsta sinn eigi síðar en einu ári eftir að EES-samningurinn öðlast gildi, skýrslu þar sem hún tekur til athugunar meðferð, samkvæmt 3. og 4. mgr., sem fyrirtæki innan EFTA fá hvað varðar samfylkingar í löndum sem eru ekki aðilar að EES-samningnum. Eftirlitsstofnun EFTA skilar skýrslum þessum til fastanefndarinnar ásamt tilmælum ef þurfa þykir.

3. Virðist eftirlitsstofnun EFTA, annaðhvort á grundvelli skýrslnanna sem um getur í 2. mgr. eða á grundvelli annarra upplýsinga, að land sem er ekki aðili að EES-samningnum veiti fyrirtæki innan EFTA ekki sambærilega meðferð og EFTA-ríki fyrirtæki frá því sama landi, er eftirlitsstofnun EFTA heimilt að gera tillögur til hverrar ríkisstjórnar EFTA-ríkjanna í því skyni að tryggja fyrirtækjum innan EFTA sambærilega meðferð.

4. Ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt þessari grein skulu vera í samræmi við skuldbindingar EFTA-ríkjanna, samkvæmt milliríkjasamningum, hvort sem um ræðir tvíhliða- eða marghliða samninga.

25. gr.

(Sjá 10. gr. XVI. kafla)

XIV. KAFLI

NÁKVÆMAR REGLUR UM TILKYNNINGAR, FRESTI OG SKÝRSLUGJÖF AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EFTIRLIT MEÐ SAMFYLKINGUM FYRIRTÆKJA

I. ÞÁTTUR

TILKYNNINGAR

1. gr.

Einstaklingar sem hafa rétt til að leggja fram tilkynningar

1. Tilkynningar skulu lagðar fram af einstaklingum eða fyrirtækjum samkvæmt 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89).

2. Þegar fulltrúar einstaklinga eða fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu fulltrúarnir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi heimild til þess.

3. Sameiginlegum fulltrúa sem heimild hefur til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra sem að tilkynningum standa ber að leggja fram sameiginlegar tilkynningar.

2. gr.

Tilkynningar lagðar fram

1. Leggja skal fram tilkynningar á þann hátt sem lýst er á eyðublaði sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, samanber 9. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB gefa út í þessu skyni. Leggja skal sameiginlegar tilkynningar fram í einu lagi.

2. Leggja skal fyrir eftirlitsstofnun EFTA níu eintök af hverri tilkynningu og af fylgiskjölum sem sendist á póstfang það sem tilgreint er á eyðublaðinu sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna gefa út sameiginlega.

3. Fylgiskjölin skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum; þeir aðilar sem að tilkynningum standa skulu í síðara tilvikinu staðfesta að um sönn og óstytt afrit sé að ræða.

4. Tilkynningar skulu vera á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða bandalagsins. Kjósi fyrirtæki að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA á tungumáli sem er ekki eitt opinberra tungumála ríkjanna er heyra undir það yfirvald, eða starfsmál þess yfirvalds, skulu þau samtímis láta þýðingu á opinbert tungumál eða starfsmál umrædds yfirvalds fylgja öllum skjölum. Tungumálið sem þýtt er á skal eftirlitsstofnun EFTA nota í samskiptum sínum við fyrirtækið. Fylgiskjölin skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberu tungumálunum eins og áður er getið skal þýðing á tungumál það sem notað er við málsmeðferðina fylgja.

3. gr.

Upplýsingar sem ber að veita

1. Í tilkynningum skulu fram koma þær upplýsingar sem óskað er eftir á eyðublaðinu sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna gefa út. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.

2. Þeir aðilar sem að tilkynningum standa skulu af frjálsum vilja og án tafar skýra eftirlitsstofnun EFTA frá efnislegum breytingum á atriðum þeim sem tilgreind eru í tilkynningunni og þeir hafa eða hefðu átt að hafa vitneskju um.

3. Rangar eða villandi upplýsingar verða álitnar ófullnægjandi upplýsingar.

4. gr.

Gildistökudagur tilkynninga

1. Litið skal svo á að tilkynningar öðlist gildi þann dag sem þær berast eftirlitsstofnun EFTA með fyrirvara um 2. mgr. og 11. gr. bókunar 24 við EES-samninginn.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal, með fyrirvara um 3. mgr., tilkynna skriflega og án tafar aðilum sem að tilkynningum standa eða sameiginlegum fulltrúa þeirra þegar upplýsingar sem fram koma í tilkynningu eru efnislega ófullnægjandi og setja hæfilegan frest til að bæta við þær; í slíkum tilvikum skal litið svo á að tilkynningin öðlist gildi dag þann sem viðbótarupplýsingar berast eftirlitsstofnun EFTA.

3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að undanþiggja aðila frá þeirri skyldu að láta í té tilteknar upplýsingar sem óskað er eftir á eyðublaðinu sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, eða framkvæmdastjórn EB gefa út, telji eftirlitsstofnun EFTA ekki þörf slíkra upplýsinga við athugun málsins.

4. Eftirlitsstofnun EFTA skal staðfesta skriflega og án tafar móttöku á tilkynningu og svörum við bréfum, sem hún hefur sent samkvæmt 2. mgr. að ofan, frá þeim sem að tilkynningum standa eða

sameiginlegum fulltrúa þeirra.

5. gr.

Breyting tilkynninga

1. Komist eftirlitsstofnun EFTA að raun um að aðgerðir þær sem tilkynnt hefur verið um feli ekki í sér samfylkingu í skilningi 3. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerðar (EBE) nr. 4064/89) skal hún tilkynna það skriflega aðilum þeim sem að tilkynningum standa eða sameiginlegum fulltrúa þeirra. Ef um slíkt er að ræða er eftirlitsstofnun EFTA heimilt, að beiðni aðila sem að tilkynningunni standa, ef við á og með fyrirvara um 2. mgr. að neðan, að fara með tilkynninguna eins og umsókn í skilningi 2. gr. eða tilkynningu í skilningi 4. gr. II. kafla, eins og umsókn í skilningi 12. gr. VI. kafla, eins og umsókn í skilningi 12. gr. IX. kafla eða umsókn í skilningi 2. mgr. 3. gr. eða 5. gr. XI. kafla.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, í tilvikum sem um getur í öðrum málslið 1. mgr., að krefjast þess að bætt verði við upplýsingar í tilkynningunni innan hæfilegs frests sem hún setur, sé þess þörf til að meta aðgerðir á grundvelli fyrrnefndra kafla. Líta skal svo á að viðkomandi umsókn eða tilkynning fullnægi kröfum sem fram koma í þessum köflum frá gildistökudegi upprunalegrar tilkynningar berist eftirlitsstofnun EFTA viðbótarupplýsingarnar innan tiltekins frests.

II. ÞÁTTUR

FRESTIR TIL AÐ HEFJA MÁLSMEÐFERÐ OG TIL AÐ GEFA ÚT ÁKVARÐANIR

6. gr.

Upphaf frests

1. Frestir þeir sem um getur í 1. mgr. 10. gr. XIII. kafla hefjast daginn eftir gildistökudag tilkynningar í skilningi 1. og 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. kafla við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89).

2. Fresturinn sem um getur í 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla hefst daginn eftir að málsmeðferð var hafin.

3. Sé fyrsti dagur frests ekki virkur dagur í skilningi 19. gr. hefst fresturinn næsta virka dag.

7. gr.

Frestur útrunninn

1. Fresturinn sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. XIII. kafla rennur út þann dag í næsta mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út síðasta dag þess mánaðar.

2. Fresturinn sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. XIII. kafla rennur út þann dag í

sjöttu viku eftir að fresturinn hófst sem er sami vikudagur og upphafsdagur frestsins.

3. Fresturinn sem um getur í 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla rennur út þann dag í fjórða mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út síðasta dag þess mánaðar.

4. Sé dagur sá sem fresturinn rennur út ekki virkur dagur í skilningi 19. gr. skal fresturinn renna út næsta virka dag.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. að ofan eru með fyrirvara um ákvæði 8. gr.

8. gr.

Framlenging vegna frídaga

Falli lögboðnir frídagar eða aðrir frídagar eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt skilgreiningu í 19. gr. innan fresta þeirra sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla skal framlengja þessa fresti um jafnmarga daga.

9. gr.

Hlé á fresti

1. Gera skal hlé á fresti sem um getur í 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla verði eftirlitsstofnun EFTA að gefa út ákvörðun, samkvæmt 5. mgr. 11. gr. eða 3. mgr. 13. gr. sama kafla, vegna þess að:

a) upplýsingar sem eftirlitsstofnun EFTA hefur krafist samkvæmt 2. mgr. 11. gr. XIII. kafla frá fyrirtæki sem á aðild að samfylkingu eru ekki veittar eða ekki veittar svo fullnægjandi sé innan þess frests sem eftirlitsstofnun EFTA setur;

b) fyrirtæki sem á aðild að samfylkingu hefur neitað að gangast undir rannsókn á grundvelli 1. mgr. 13. gr. XIII. kafla sem eftirlitsstofnun EFTA telur nauðsyn á eða að eiga samstarf við gerð slíkrar rannsóknar samkvæmt fyrrnefndu ákvæði;

c) aðilar þeir sem að tilkynningum standa tilkynna eftirlitsstofnun EFTA ekki um efnislegar breytingar sem orðið hafa á atriðum þeim sem tilgreind eru í viðkomandi tilkynningu.

2. Gera skal hlé á fresti þeim sem um getur í 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla:

a) í tilvikum sem um getur í a-lið 1. mgr. að ofan, frá þeim tíma er frestur sem tiltekinn er í beiðni um upplýsingar er útrunninn þar til frágengnar og réttar upplýsingar, sem krafist er með ákvörðun, berast;

b) í tilvikum sem um getur í b-lið 1. mgr. að ofan, frá þeim tíma er tilraun til að gera viðkomandi rannsókn mistókst þar til rannsókninni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið;

c) í tilvikum sem um getur í c-lið 1. mgr. að ofan, frá þeim tíma er breytingar á efnisatriðum þeim sem þar eru tilgreind eiga sér stað þar til fullkomnar og réttar upplýsingar, sem krafist er með

ákvörðun, berast eða rannsókninni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið.

3. Hlé á fresti hefst daginn eftir að atburður sá sem olli hléinu á sér stað. Hléið stendur til loka þess dags þegar tilefni þess verður úr sögunni. Ef sá dagur er ekki virkur dagur í skilningi 19. gr. skal hléi á frestinum ljúka næsta virkan dag.

10. gr.

Að virða frest

Virða ber fresti sem um getur í 1. og 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla hafi eftirlitsstofnun EFTA tekið viðeigandi ákvörðun áður en fresturinn rennur út. Tilkynna skal hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðunina án tafar.

III. ÞÁTTUR

SKÝRSLUGJÖF MÁLSAÐILA OG ÞRIÐJU AÐILA

11. gr.

Ákvarðanir um stöðvun samfylkinga

1. Hyggist eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt 2. mgr. 7. gr. XIII. kafla eða ákvörðun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. hans, sem hefur neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir málsaðila, ber henni samkvæmt 1. mgr. 18. gr. þess kafla að tilkynna hlutaðeigandi aðilum skriflega um andmæli sín og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

2. Hafi eftirlitsstofnun EFTA tekið bráðabirgðaákvörðun samkvæmt 2. mgr. 18. gr. XIII. kafla, sem um getur í 1. mgr., án þess að gefa hlutaðeigandi aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum, ber henni án tafar og að minnsta kosti áður en stöðvun lýkur að senda þeim texta bráðabirgðaákvörðunarinnar og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

Þegar hlutaðeigandi aðilar hafa skýrt frá sjónarmiðum sínum ber eftirlitsstofnun EFTA að taka lokaákvörðun og ógilda, breyta eða staðfesta bráðabirgðaákvörðunina. Hafi hlutaðeigandi aðilar ekki skýrt frá sjónarmiðum sínum innan tiltekins frests skal bráðabirgðaákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA gilda sem lokaákvörðun þegar fresturinn er útrunninn.

3. Hlutaðeigandi aðilar skulu skýra frá sjónarmiðum sínum skriflega eða munnlega innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að staðfesta munnlegar yfirlýsingar sínar skriflega.

12. gr.

Ákvarðanir um efnisatriði málsins

1. Hyggist eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr., 3., 4. og 5. mgr. 8. gr., 14. eða 15. gr. XIII. kafla ber henni að veita hlutaðeigandi aðilum færi á að gefa skýrslu samkvæmt 18. gr. þess kafla áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna hlutaðeigandi aðilum skriflega um andmæli sín. Orðsendinguna skal stíla á aðila þá sem að tilkynningum standa eða á sameiginlegan fulltrúa þeirra. Um leið

og eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir um andmæli skal hún setja frest sem hlutaðeigandi aðilar geta nýtt sér til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

3. Eftir að hafa tilkynnt málsaðilum um andmæli sín ber eftirlitsstofnun EFTA að veita hlutaðeigandi aðilum, að beiðni þeirra, aðgang að málsskjölum til að undirbúa athugasemdir sínar. Ekki skal veita aðgang að skjölum sem hafa að geyma viðskiptaleyndarmál annarra hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila eða önnur trúnaðarmál, þar á meðal viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem gætu skaðað verulega þann sem veitti þær, eða innanhússkjöl yfirvalda.

4. Hlutaðeigandi aðilar skulu, innan tiltekins frests, koma athugasemdum sínum við andmæli eftirlitsstofnunar EFTA skriflega á framfæri. Þeim er heimilt að setja fram öll atriði sem málið varða í skriflegum athugasemdum sínum og að láta fylgja með öll skjöl sem máli skipta til að færa sönnur á þau atriði. Þeim er einnig heimilt að leggja til að eftirlitsstofnun EFTA taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest fyrrnefnd atriði.

13. gr.

Munnleg skýrslugjöf

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal gefa hlutaðeigandi aðilum, sem þess hafa óskað skriflega í athugasemdum sínum, tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum munnlega, sýni einstaklingar þessir fram á næga ástæðu til þess eða hafi eftirlitsstofnun EFTA í hyggju að leggja á þá sektir eða févíti. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum munnlega.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal kveðja þá einstaklinga sem gefa eiga skýrslu á sinn fund þann dag sem hún ákveður.

3. Hún skal án tafar senda lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af kvaðningunni og er þeim heimilt að tilnefna fulltrúa til þess að taka þátt í skýrslugjöfinni.

14. gr.

Skýrslugjöf

1. Skýrslugjöf skal stjórnað af einstaklingum sem eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir í því skyni.

2. Þeir sem til eru kvaddir skulu annaðhvort sjálfir bera vitni eða kjósa sér löglærða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

3. Þeim sem gefa eftirlitsstofnun EFTA skýrslu er heimilt að fá aðstoð lögfræðinga eða ráðgjafa, sem rétt hafa til að flytja mál fyrir EFTA-dómstólnum, eða annarra hæfra aðila.

4. Skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem til hafa verið kvaddir. Í síðara tilvikinu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

5. Yfirlýsingar allra þeirra sem gefa skýrslu skulu skráðar.

15. gr.

Skýrslugjöf þriðju aðila

1. Sæki einstaklingar eða lögpersónur sem sýna að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta skriflega um það að gefa skýrslu samkvæmt öðrum málslið 4. mgr. 18. gr. XIII. kafla, og einkum þeir sem sæti eiga í stjórn eða framkvæmdastjórn hlutaðeigandi fyrirtækja eða viðurkenndir fulltrúar launþega í þeim fyrirtækjum, skal eftirlitsstofnun EFTA tilkynna þeim skriflega um eðli og viðfangsefni málsmeðferðarinnar og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

2. Þeir þriðju aðilar sem um getur í 1. mgr. að ofan skulu skýra frá sjónarmiðum sínum skriflega eða munnlega innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að staðfesta munnlegar greinargerðir sínar skriflega.

3. Eftirlitsstofnun EFTA er á sama hátt heimilt að gefa öðrum þriðju aðilum tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

IV. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

16. gr.

Sending skjala

1. Heimilt er að senda skjöl og kvaðningar frá eftirlitsstofnun EFTA til viðtakenda á einhvern eftirfarandi máta:

a) með boðsendingu gegn kvittun;

b) með ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku;

c) með símbréfi ásamt beiðni um kvittun fyrir móttöku;

d) með fjarrita.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 18. gr. gildir 1. mgr. að ofan einnig um sendingu hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila á skjölum til eftirlitsstofnunar EFTA.

3. Ef skjal er sent með símbréfi eða fjarrita skal gera ráð fyrir að viðtakanda hafi borist það í hendur sama dag og það var sent.

17. gr.

Frestur settur

1. Þegar eftirlitsstofnun EFTA setur frest, sem kveðið er á um 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 15. gr., ber henni að taka tillit til undirbúningstíma sem krafist er við gerð athugasemda og hversu brýnt málið er. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig taka tillit til lögboðinna frídaga í landi því sem orðsending hennar fer til.

2. Frestur hefst daginn eftir að viðtakandi hefur fengið orðsendinguna í hendur.

18. gr.

Viðtaka skjala af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA

1. Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. skulu tilkynningar berast eftirlitsstofnun EFTA á póstfang það sem tilgreint er á eyðublaðinu sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, eða framkvæmdastjórn EB gefa út, eða hafa verið sendar með bréfi í ábyrgðarpósti áður en frestur samkvæmt 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerðar (EBE) nr. 4064/89) rennur út. Sé krafist viðbótarupplýsinga til að bæta úr ófullnægjandi tilkynningum samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eða til viðbótar við tilkynningar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. í umræddri gerð skulu þær berast eftirlitsstofnun EFTA á fyrrnefnt póstfang eða hafa verið sendar með bréfi í ábyrgðarpósti áður en tiltekinn frestur er útrunninn í hverju tilviki. Nauðsynlegt er að skriflegar athugasemdir við orðsendingar eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 1. og 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 15. gr. berist eftirlitsstofnun EFTA á fyrrnefnt póstfang áður en tiltekinn frestur er útrunninn í hverju tilviki.

2. Sé lokadagur frests sem um getur í 1. mgr. síðasti dagur fyrir viðtöku skjala og sá dagur er ekki virkur dagur í skilningi 19. gr. skal fresturinn renna út í lok næsta virka dags.

3. Sé lokadagur frests sem um getur í 1. mgr. síðasti dagur fyrir sendingu skjala, og þann dag ber upp á laugardag, sunnudag eða lögboðinn frídag í landi þaðan sem sending kemur, skal fresturinn renna út í lok næsta virka dags í því landi.

19. gr.

Skilgreining á frídögum eftirlitsstofnunar EFTA

Til „virkra daga“ í 3. mgr. 6. gr., 4. mgr. 7. gr., 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 18. gr. teljast allir aðrir dagar en laugardagar, sunnudagar, lögboðnir frídagar sem skráðir eru í 10. viðbæti við bókun þessa og aðrir frídagar sem eftirlitsstofnun EFTA ákveður og birtir eru í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* fyrir upphaf hvers árs.

IV. HLUTI

KOL OG STÁL

XV. KAFLI

REGLUR SEM GILDA UM FYRIRTÆKI Á SVIÐI KOLA OG STÁLS

I. ÞÁTTUR

ALMENNAR REGLUR UM SAMNINGA OG SAMFYLKINGAR

1. gr.

1. Veita má heimildir samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 25 við EES-samninginn með sérstökum skilyrðum og í takmarkaðan tíma. Í slíkum tilvikum skal eftirlitsstofnun EFTA endurnýja heimild einu sinni eða oftar ef skilyrðum a- til c-liðar 2. mgr. 1. gr. bókunar 25 við EES-samninginn er enn fullnægt þegar að endurnýjun kemur.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal afturkalla eða breyta heimild ef hún kemst að raun um að samningur fullnægi ekki lengur þessum skilyrðum vegna breyttra aðstæðna eða raunverulegar afleiðingar samnings eða beitingar hans eru andstæðar skilyrðum fyrir veitingu heimildarinnar.

3. Ákvarðanir um að veita, endurnýja, breyta, synja um eða afturkalla heimild skal birta opinberlega ásamt rökstuðningi; þetta gildir ekki um þær hömlur sem lagðar eru á með 2. mgr. 3. gr.

4. Eftirlitsstofnun EFTA getur, eins og kveðið er á um í 3. gr., fengið nauðsynlegar upplýsingar vegna beitingar 1. gr. bókunar 25 við EES-samninginn og þessarar greinar, annaðhvort með því að leggja fram sérstaka beiðni hjá hlutaðeigandi málsaðilum eða með ákvörðunum þar sem fram kemur hvers kyns samning, ákvörðun eða aðgerð hún krefst upplýsinga um.

5. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ein lögsögu til að úrskurða hvort slíkur samningur eða ákvörðun er samrýmanleg 1. gr. bókunar 25 við EES-samninginn, samanber þó þann rétt að fara megi með mál fyrir EFTA-dómstólinn í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, með þeim skilyrðum sem sett eru í 55. gr. EES-samningsins og bókunum 22 og 25 við hann.

6. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákvarða sektir eða févíti sem nemur að hámarki tvöfaldri veltu af framleiðsluvörum er heyra undir samninginn, ákvörðunina eða aðgerðina sem bönnuð er samkvæmt 1. mgr. 1. gr. bókunar 25 við EES-samninginn, á fyrirtæki er gert hefur sjálfkrafa ógildan samning samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunar 25 við EES-samninginn, eða hefur knúið í gegn eða reynt að knýja í gegn, með gerðardómi, viðurlögum, viðskiptabanni eða öðrum ráðum, samning eða ákvörðun sem er sjálfkrafa ógild eða samning þar sem synjað hefur verið um heimild eða hún afturkölluð, eða hefur fengið heimild með því að nota upplýsingar sem það vissi að voru rangar eða villandi, eða hefur tekið þátt í aðgerðum sem eru bannaðar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. bókunar 25 við EES-samninginn; ef tilgangurinn með samningnum, ákvörðuninni eða aðgerðinni er hins vegar að takmarka framleiðslu, tækniþróun eða fjárfestingar er heimilt að hækka hámark sektarinnar upp í 10% af ársveltu hlutaðeigandi fyrirtækja og upp í 20% af daglegri veltu að því er varðar févíti.

2. gr.

1. Þegar eftirlitsstofnun EFTA metur hvort skilyrðum 2. mgr. 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn hefur verið fullnægt skal hún, í samræmi við jafnræðisregluna, taka tillit til stærðar samsvarandi fyrirtækja á svæði því sem EES-samningurinn tekur til, að svo miklu leyti sem hún álítur slíkt réttlætanlegt til að komist verði hjá eða til að vega upp það óhagræði sem leiðir af ójöfnum samkeppnisskilyrðum.

2. Eftirlitsstofnun EFTA getur sett hver þau skilyrði varðandi veitingu heimildar sem hún álítur viðeigandi vegna 2. mgr. 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn.

3. Áður en eftirlitsstofnun EFTA kveður upp úrskurð varðandi viðskipti fyrirtækja þar sem að minnsta kosti eitt fyrirtæki þarf ekki að hlíta 3. gr. bókunar 25 við EES-samninginn skal hún fá álit viðkomandi ríkisstjórna.

4. Með fyrirvara um beitingu 3. gr. varðandi fyrirtæki innan lögsögu sinnar getur eftirlitsstofnun EFTA fengið frá þeim einstaklingum eða lögpersónum sem hafa öðlast eða slegið saman þeim réttindum eða eignum sem um ræðir, eða hyggja á slíkt, nauðsynlegar upplýsingar vegna beitingar 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn og þessarar greinar varðandi viðskipti er gætu valdið þeim áhrifum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn.

5. Verði til samfylking, sem eftirlitsstofnun EFTA telur að hafi orðið til andstætt ákvæðum 1. mgr. 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn en fullnægir engu að síður skilyrðum 2. mgr. 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn, skal eftirlitsstofnun EFTA samþykkja umrædda samfylkingu greiði einstaklingar þeir sem öðluðust eða slógu saman umræddum rétti eða eignum sektina sem kveðið er á um í b-lið 12. mgr.; fjárhæð sektarinnar skal ekki vera lægri en helmingur þeirrar fjárhæðar sem ákvörðuð er í b-lið sé ljóst að sækja átti um heimildina. Verði sektin ekki greidd skal eftirlitsstofnun EFTA gera þær ráðstafanir sem hér verður kveðið á um vegna ólögmætra samfylkinga.

6. Verði til samfylking sem eftirlitsstofnun EFTA telur að geti ekki fullnægt almennum eða sérstökum skilyrðum er liggja til grundvallar heimildinni í 2. mgr. 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn skal hún með rökstuddri ákvörðun lýsa samfylkinguna ólögmæta og fyrirskipa, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi málsaðilum svigrúm til að koma með athugasemdir, aðskilnað þeirra fyrirtækja eða eigna sem fylkt var saman með ólögmætum hætti eða að endi verði bundinn á sameiginlega stjórn þeirra, svo og hverja þá ráðstöfun sem hún álítur viðeigandi til að koma að nýju á sjálfstæðum rekstri hlutaðeigandi fyrirtækja eða eigna og eðlilegum samkeppnisskilyrðum. Aðili sem á beinan hlut að máli getur höfðað mál vegna slíkra ákvarðana, eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og 18. gr. samnings þessa. EFTA-dómstóllinn skal, í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, hafa ótakmarkað vald til að meta hvort umrædd viðskipti flokkist undir samfylkingu í skilningi 1. mgr. 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn og gerða um kol og stál sem er að finna í XIV. viðauka við EES-samninginn. Málshöfðun hefur áhrif til frestunar. Málshöfðun er óheimil fyrr en búið er að fyrirskipa þær ráðstafanir sem að framan greinir, nema eftirlitsstofnun EFTA samþykki sérstaka málshöfðun vegna ákvörðunar sem lýsir viðskiptin ólögmæt.

7. Eftirlitsstofnun EFTA getur hvenær sem er, nema beitt verði 41. gr. samnings þessa, gert eða farið fram á að gerðar verði verndarráðstafanir til bráðabirgða sem hún álítur nauðsynlegar til að vernda hagsmuni samkeppnisfyrirtækja og þriðju aðila og til að koma í veg fyrir aðgerðir er gætu

hindrað framkvæmd ákvarðana hennar. Ef EFTA-dómstóllinn ákveður ekki annað hefur mál ekki áhrif til frestunar bráðabirgðaráðstafana.

8. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita hlutaðeigandi málsaðilum hæfilegan tíma til að hlíta ákvörðunum hennar; við lok tímans má hún ákvarða daglegt févíti sem nemur þó ekki meira en einum tíunda af einum hundraðshluta af verðmæti umræddra réttinda og eigna.

9. Enn fremur skal eftirlitsstofnun EFTA sjálf gera ráðstafanir til að framkvæma ákvarðanir sínar ef hlutaðeigandi málsaðilar standa ekki við skuldbindingar sínar.

10. Eftirlitsstofnun EFTA hefur einnig umboð til að leggja fram tilmæli fyrir hlutaðeigandi EFTA-ríki, eftir því sem nauðsynlegt er, til að að tryggja að ráðstafanirnar sem kveðið er á um í undanfarandi málsgrein séu framkvæmdar samkvæmt þeirra eigin lögum.

11. Eftirlitsstofnun EFTA skal við störf sín taka tillit til réttinda þriðja aðila sem fengist hafa í góðri trú.

12. Eftirlitsstofnun EFTA getur ákvarðað sektir að hámarki:

a) 3% af verðmæti þeirra eigna sem fengust eða var slegið saman eða munu fást eða verður slegið saman, á einstaklinga eða lögpersónur sem hafa komið sér hjá skuldbindingum sem mælt er fyrir um í 4. mgr.;

b) 10% af verðmæti þeirra eigna sem fengust eða var slegið saman, á einstaklinga eða lögpersónur sem hafa komið sér hjá skuldbindingum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn; hækka ber hámarkið um einn tuttugasta og fjórða fyrir hvern mánuð eftir tólfta mánuðinn frá því að viðskiptum lauk þar til eftirlitsstofnun EFTA staðfestir að um brot hafi verið að ræða;

c) 10% af verðmæti þeirra eigna sem fengust eða var slegið saman eða munu fást eða verður slegið saman, á einstaklinga eða lögpersónur sem hafa öðlast eða reynt að öðlast heimild samkvæmt 2. mgr. 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn með röngum eða villandi upplýsingum;

d) 15% af verðmæti þeirra eigna sem fengust eða voru var slegið saman, á fyrirtæki innan lögsögu hennar sem hafa tekið þátt í eða átt hlut að viðskiptum sem eru andstæð ákvæðum 2. gr. bókunar 25 við EES-samninginn eða þessarar greinar.

13. Aðilar sem eru sektaðir samkvæmt 12. mgr. mega áfrýja til EFTA-dómstólsins eins og kveðið er á um í 35. gr. þessa samnings.

3. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA getur fengið þær upplýsingar sem hún óskar eftir til að gegna störfum sínum. Hún má skipuleggja nauðsynlegt eftirlit.

2. Með fyrirvara um 9. gr. bókunar 23 er eftirlitsstofnun EFTA óheimilt að láta í té upplýsingar sem fengist hafa vegna beitingar 55. og 58. gr. EES-samningsins, bókunar 25 við hann og ákvæða þessa kafla og eru þess eðlis að um þær ríkir þagnarskylda, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskipta-

tengsl þeirra eða kostnaðarþætti. Þessi skylda á einnig við um fulltrúa framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB sem taka þátt í ráðgjafarnefndinni samkvæmt 4. mgr. 10. gr. II. kafla og í skýrslugjöf samkvæmt 2. mgr. 8. gr. IV. kafla.

Með fyrirvara um þetta skilyrði skal hún birta upplýsingar sem gætu reynst ríkisstjórnum eða öðrum hlutaðeigandi aðilum gagnlegar.

3. Eftirlitsstofnun EFTA getur ákvarðað sektir eða févíti á fyrirtæki sem koma sér hjá skuldbindingum samkvæmt ákvörðunum á grundvelli þessarar greinar eða gefa vísvitandi rangar upplýsingar. Hámarksfjárhæð févítis skal vera 1% af árlegri veltu og hámark þess skal vera 5% af meðaldagsveltu fyrir hvern dag sem greiðslan dregst.

4. Rjúfi eftirlitsstofnun EFTA þagnarskyldu sína og valdi fyrirtæki með því skaða er heimilt að fara í skaðabótamál fyrir EFTA-dómstólnum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 39. gr.

4. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA verður að gefa hlutaðeigandi málsaðila tækifæri til að leggja fram athugasemdir áður en hún ákvarðar fjársektir eða févíti eins og kveðið er á um í þessum kafla.

5. gr.

Velta sem lögð er til grundvallar þegar reiknaðar eru út sektir eða févíti á fyrirtæki samkvæmt þessum kafla skal vera velta af framleiðsluvörum sem um getur í bókun 14 við EES-samninginn.

II. ÞÁTTUR

UPPLÝSINGAR SEM LÁTA SKAL Í TÉ (4. MGR. 2. GR. I. ÞÁTTAR)

FYRSTI HLUTI

Tilkynningaskylda

1. gr.

Öllum einstaklingum og lögpersónum er skylt að láta í té upplýsingar sem kveðið er á um í þessum þætti eigi þeir í viðskiptum sem tilgreind eru í eftirfarandi greinum, að þeim frátöldum sem starfa við kola- eða stálframleiðslu á svæði því sem EES-samningurinn tekur til, eða við dreifingu þessara vara, svo fremi sem þeir selji ekki til heimilisnotkunar eða handiðnaðar.

2. gr.

Einstaklingum og lögpersónum sem um getur í 1. gr. ber að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um öflun réttinda í fyrirtæki sem heyrir undir 3. gr. bókunar 25 við EES-samninginn, og öflun umboðs til að fara með réttindi í fyrirtæki fyrir eigin hönd eða fyrir hönd þriðju aðila, öðlist þessir aðilar í slíkum tilvikum meira en 10% atkvæðisréttarins á fundum hluthafa eða annarra aðstandenda að fyrirtækinu og nemi heildarverðgildi þessara réttinda meira en 100 000 evrópskum mynteiningum (ECU). Rétt eða umboð til að fara með réttindi annarra, sem hlutaðeigandi einstaklingar eða lögpersónur hafa áður en umrædd viðskipti fara fram, skal taka með í þessa útreikninga.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. skulu einnig gilda um öflun réttinda í fyrirtæki sem hefur yfirráð yfir öðru fyrirtæki og heyrir undir 3. gr. bókunar 25 við EES-samninginn.

4. gr.

1. Bankar og fulltrúar þeirra eru undanþegnir þeirri skyldu að tilkynna viðskipti þau sem um ræðir um í 2. og 3. gr. tengist atkvæðisrétturinn:

— hlutabréfaeign viðskiptavina þessara banka eða annarra; eða

— skráðum hlutum eða hlutabréfum þar sem bankinn hefur heimild til að neyta slíks réttar fyrir hönd skjólstæðinga sinna.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á:

— þá skyldu banka að láta í té upplýsingar um fyrrnefnd viðskipti samkvæmt 7. gr.;

— þá skyldu viðskiptavina þeirra að tilkynna fyrrnefnd viðskipti í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr. eða að láta í té upplýsingar samkvæmt 7. gr.

5. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, með sérstakri heimild og með sérstökum skilyrðum, að veita viðurkenndum verðbréfamiðlurum undanþágu frá þeirri skyldu að tilkynna um viðskipti þau sem um ræðir í 2. og 3. gr. nýti þeir sér ekki atkvæðisrétt sem tengdur er hlutabréfum í vörslu þeirra.

6. gr.

Tilkynningu þeirri sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. skal komið á framfæri innan fjögurra vikna frá þeim degi er aðili sem ber að senda tilkynningu fær vitneskju um umrædd viðskipti.

ANNAR HLUTI

Sérstakar beiðnir um upplýsingar

7. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA getur farið þess sérstaklega á leit við einstaklinga og lögpersónur sem um getur í 1. gr. að veittar séu allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir beitingu 2. gr. I. þáttar að því er varðar:

1. öflun eignar- eða afnotaréttar á athafnasvæði, iðjuveri eða sérleyfi fyrirtækis hafi athafnasvæði þessi, iðjuver eða sérleyfi verið notuð í þágu starfsemi þess sama fyrirtækis áður en fyrrnefnds eignar- eða afnotaréttar var aflað;

2. öflun réttinda í fyrirtæki sem veita atkvæðisrétt á fundum hluthafa eða annarra þátttakenda í fyrirtækinu;

3. öflun umboðs til að fara með, fyrir eigin hönd eða þriðju aðila, réttindi eins og þau sem tilgreind eru í 2. tölul. og tilheyra þriðju aðilum;

4. öflun umboðs, með samningi, til að ákveða hvernig hagnaður fyrirtækis er bókfærður eða honum ráðstafað;

5. öflun umboðs til þátttöku þeirra í stjórn fyrirtækis, einna eða ásamt öðrum, sem eigendur, rétthafar, stjórnendur eða stjórnarmeðlimir í stofnunum þess;

6. tilnefningu í framkvæmdastjórn fyrirtækis.

2. Einstaklingum og lögpersónum, sem ber skylda til að veita upplýsingar, ber einnig að skýra eftirlitsstofnun EFTA frá, að ósk hennar, heiti og heimilisfangi raunverulegs eiganda réttinda þeirra sem um ræðir, hafi þeir eða þær umboð til:

— að beita, í krafti forræðis fyrir hönd þriðja aðila, réttindum þeim sem tilgreind eru í 1. mgr.;

— að beita, fyrir eigin hönd eða fyrir hönd þriðju aðila, réttindum þeim sem tilgreind eru í 1. mgr. og tilheyra þriðju aðilum.

III. ÞÁTTUR

FYRNINGARFRESTUR Í MÁLUM OG FRAMKVÆMD VIÐURLAGA SAMKVÆMT BÓKUN 25 VIÐ EES-SAMNINGINN OG ÞESSUM KAFLA

1. gr.

Fyrningarfrestur í málum

1. Heimild eftirlitsstofnunar EFTA til að ákvarða sektir vegna brots gegn ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningins og bókunar 25 við hann eða ákvæðum sem er að finna í þessum kafla fyrnist:

a) á þremur árum vegna brots á ákvæðum um umsóknir eða samskipti málsaðila, beiðnir um upplýsingar eða framkvæmd rannsókna;

b) á fimm árum vegna brots af öðrum toga.

2. Fyrningarfrestur hefst daginn sem brot er framið. Sé um áframhaldandi eða ítrekuð brot að ræða hefst fyrningarfresturinn þó daginn sem látið er af hinu brotlega athæfi.

2. gr.

Hlé á fyrningarfresti í málum

1. Sérhver aðgerð af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA við forrannsókn eða málsmeðferð vegna brots rýfur fyrningarfrest í málum. Hlé skal gert á fyrningarfresti frá og með þeim degi sem að minnsta kosti einum aðila sem stendur að viðkomandi broti er tilkynnt um aðgerðir.

Meðal aðgerða sem rjúfa fyrningarfrest eru einkum eftirfarandi:

a) skriflegar beiðnir eftirlitsstofnunar EFTA um upplýsingar eða ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA þar sem umbeðinna upplýsinga er krafist;

b) skriflegar heimildir eftirlitsstofnunar EFTA til handa embættismönnum sínum um að láta fara fram rannsóknir eða ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA þar sem rannsókn er fyrirskipuð;

c) upphaf málsmeðferðar af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA;

d) bréfleg tilkynning eftirlitsstofnunar EFTA til viðkomandi málsaðila þar sem honum er gefið tækifæri til að koma fram með athugasemdir sínar á grundvelli 4. gr. I. þáttar.

2. Hlé á fyrningarfresti gildir fyrir alla aðila sem staðið hafa að viðkomandi broti.

3. Að loknu sérhverju hléi hefst fyrningarfresturinn á ný. Fyrningarfrestur skal samt sem áður renna út í síðasta lagi þegar liðinn er tími sem nemur tvöföldum fyrningarfresti án þess að eftirlitsstofnun EFTA hafi sektað eða lagt á févíti; framlengja skal tímabil þetta sem þeim tíma nemur að fyrningarfrestur var tímabundið felldur niður á grundvelli 3. gr.

3. gr.

Tímabundin niðurfelling fyrningarfrests í málum

Fella skal fyrningarfrest í málum tímabundið niður á meðan ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA er til meðferðar fyrir EFTA-dómstólnum.

4. gr.

Fyrningarfrestur til að koma fram viðurlögum

1. Heimild eftirlitsstofnunar EFTA til að framfylgja ákvörðunum um að sekta eða leggja á févíti vegna brota gegn ákvæðum EES-samningsins eða framkvæmdarákvæðum hans fyrnist á fimm árum.

2. Fyrningarfrestur hefst þann dag sem ákvörðunin er endanleg.

5. gr.

Hlé á fyrningarfresti til að koma fram viðurlögum

1. Rjúfa skal fyrningarfrest til að koma fram viðurlögum:

a) ef tilkynnt er um ákvörðun þar sem upphaflegri upphæð sektar eða févítis er breytt eða hafnað er beiðni um breytingu;

b) ef gripið er til aðgerða af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA eða EFTA-ríkis að hennar ósk í þeim tilgangi að þvinga fram greiðslur sekta eða févítis.

3. C/101/84/bls. 2: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 og (EBE) nr. 1984/83 frá 22. júní 1983 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu og einkakaup (Stjtíð. nr. C 101, 13.4. 1984, bls. 2).

4. C/17/85/bls. 4: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi reglugerð (EBE) nr. 123/85 frá 12. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja (Stjtíð. EB nr. C 17, 18.1. 1985, bls. 4).

---

[2]) Af b-lið 2. mgr. 5. gr. og 24. gr. þessa samnings leiðir að eftirlitsstofnun EFTA skuldbindur sig til að samþykkja við gildistöku samningsins gerðir þær sem fram koma í skránni í þessum viðauka. Hvað varðar breytingar við þessar gerðir eða samþykkt nýrra gerða á þessu sviði er eftirlitsstofnun EFTA skuldbundin með þeim hætti sem fram kemur í þessum samningi.

Annað

5. 362X1224(01): Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi samninga um einkakaup og -sölu við umboðsmenn (Stjtíð. nr. 139, 24.12. 1962, bls. 2921/62).

6. C/75/68/bls. 3: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir á sviði samvinnu milli fyrirtækja (Stjtíð. nr. C 75, 29.7. 1968, bls. 39), eins og henni var breytt í Stjtíð. nr. C 84, 28.8. 1968, bls. 14.

7. C/111/72/bls. 13: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi innflutning til bandalagsins á japönskum vörum sem falla undir gildissvið Rómarsáttmálans (Stjtíð. nr. C 111, 21.10. 1972, bls. 13).

8. C/1/79/bls. 2: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar frá 18. desember 1978 varðandi mat hennar á tilteknum samningum undirverktaka í tengslum við 1. mgr. 85. gr. Rómarsáttmálans (Stjtíð. nr. C 1, 3.1. 1979, bls. 2).

9. C/231/86/bls. 2: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi minniháttar samninga sem ekki falla undir 1. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (Stjtíð. nr. C 231, 12.9. 1986, bls. 2).

10. C/233/91/bls. 2: Leiðbeiningar um beitingu samkeppnisreglna EBE á sviði fjarskipta (Stjtíð. nr. C 233, 6.9. 1991, bls. 2).

Fylgiskjal 2.

BÓKUN UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM MILLI EFTA-RÍKJANNA UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR OG
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,

ÞAR EÐ samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ samningurinn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ ljóst er að einn undirritunaraðilanna að EES-samningnum, Ríkjasambandið Sviss, hefur ekki tök á að fullgilda EES-samninginn né samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og því munu þessir samningar ekki gilda um Sviss;

ÞAR EÐ bókun um breytingu á EES-samningnum er undirrituð sama dag og bókun þessi;

ÞAR EÐ ákveða þarf nýjan gildistökudag samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn;

ÞAR EÐ setja þarf sérstök ákvæði um gildistöku samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein;

ÞAR EÐ gera þarf nokkrar breytingar á samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn sökum þess að Sviss mun ekki fullgilda hann;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera eftirfarandi bókun:

1. gr.

1. Samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, skal öðlast gildi þann dag sem bókun þessi öðlast gildi milli Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar.

2. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi fyrir Liechtenstein og að því tilskildu að undirritunaraðilar bókunar þessarar hafi tekið viðeigandi ákvörðun um beitingu ákvarðana og annarra ráðstafana sem eru gerðar samkvæmt samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn gagnvart Liechtenstein.

2. gr.

1. Þar eð Ríkjasambandið Sviss hefur ekki fullgilt samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og er ekki aðili að honum skal tilvísun í inngangsorðunum að samningnum til „RÍKJASAMBANDSINS SVISS" sem eins af samningsaðilunum felld niður.

2. Í stað b-liðar 1. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn komi eftirfarandi:

„hugtakið „EFTA-ríki" merkir Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland, Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur, Konungsríkið Svíþjóð og, með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, Furstadæmið Liechtenstein."

3. Samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn skal enn fremur breytt í samræmi við 3. – 8. gr. bókunar þessarar.

3. gr.

Eftirfarandi komi í stað fyrstu málsgreinar 7. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skulu skipa fimm eftirlitsfulltrúar sem skulu kosnir á grundvelli hæfni sinnar og vera sannanlega óháðir."

4. gr.

Eftirfarandi komi í stað 28. gr.:

„28. gr.

EFTA-dómstólinn skipa fimm dómarar."

5. gr.

Þegar samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein skal fjölga fulltrúum í eftirlitsstofnun EFTA og dómurum í EFTA-dómstólnum.

6. gr.

Eftirfarandi komi í stað 29. gr.:

„29. gr.

EFTA-dómstóllinn skal starfa fullskipaður. Úrskurðir dómstólsins teljast einungis gildir ef tala dómara hans stendur á oddatölu við umfjöllun. Úrskurðir dómstólsins teljast gildir ef þrír dómarar taka þátt í umfjöllun. Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna geta, að beiðni dómstólsins, með samhljóða samkomulagi, heimilað honum að koma á fót deildum. "

7. gr.

Eftirfarandi komi í stað annarrar málsgreinar 30. gr.:

„Skipa skal að nýju í hluta dómaraembættanna á þriggja ára fresti. Nýskipun tekur til tveggja og þriggja dómara á víxl. Velja skal þá tvo dómara sem skipt er um eftir fyrstu þrjú árin með hlutkesti."

8. gr.

Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 53. gr.:

„3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í bókuninni um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls."

9. gr.

1. Bókun þessi er gerð í einu frumriti á ensku, finnsku, íslensku, norsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

2. Bókun þessi skal fullgilt af samningsaðilum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Henni skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. júlí 1993, að því tilskildu að EES-samningurinn öðlist gildi þann dag og að því tilskildu að allir samningsaðilarnir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. bókunar þessarar hafi komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og bókunar þessarar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókun þessi gildi daginn sem EES-samningurinn öðlast gildi eða þegar allir samningsaðilarnir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. bókunar þessarar hafa komið öllum fullgildingarskjölum vegna samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og bókunar þessarar í vörslu, eftir því hvor dagurinn er síðar.

4. Að því er Liechtenstein varðar skal bókun þessi öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein, að því tilskildu að Liechtenstein hafi komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og bókunar þessarar í vörslu, og með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunar þessarar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Brussel hinn 17. mars 1993. Vörsluaðili skal senda staðfest afrit til allra undirritunarríkja og ríkja sem gerast aðilar að samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Fylgiskjal 3.

SAMÞYKKTIR

FRÁ SAMNINGAVIÐRÆÐUM EFTA-RÍKJANNA UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS

Samningsaðilar komu sér saman um:

vegna 1. mgr. 10. gr. II. kafla, 2. mgr. 16. gr. VI. kafla, 2. mgr. 15. gr. IX. kafla, 2. mgr. 8. gr. XI. kafla og 2. mgr. 19. gr. XIII. kafla í bókun 4

að upplýsingagjöf til lögbærra yfirvalda EFTA-ríkjanna varði allar umsóknir og tilkynningar sem eftirlitsstofnun EFTA veitir viðtöku, þar á meðal þær sem stafa af misskilningi, af hálfu aðila í atvinnurekstri, á efnisreglum eða reglunum í 56. gr. EES-samningsins;

vegna 2. mgr. 14. gr. II. kafla, 2. mgr. 21. gr. VI. kafla, 2. mgr. 18. gr. IX. kafla og 2. mgr. 13. gr. XIII. kafla í bókun 4

að heimildin sem eftirlitsstofnun EFTA veitir fulltrúum framkvæmdastjórnar EB sé einvörðungu ætluð til yfirlýsingar;

vegna 1. mgr. 7. gr. í bókun 6 og 1. mgr. 8. gr. í bókun 7

að gert sé ráð fyrir í samningum höfuðstöðva að eftirlitsmenn eftirlitsstofnunar EFTA, embættismenn og aðrir starfsmenn hennar, og eins dómarar, ritari, embættismenn og aðrir starfsmenn dómstólsins hafi rétt til að flytja án tolla og annarra gjalda inn húsmuni og persónulega muni sína, þar á meðal ökutæki til einkanota, þegar þeir taka við stöðum sínum á yfirráðasvæði samningsaðila, og hafi rétt til flytja þessa muni út tollfrjálst er þeir láta af störfum, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru í lögum og stjórnsýslufyrirmælum hlutaðeigandi samningsaðila;

að vörur sem fluttar eru inn og út með þessum hætti verði ekki seldar, leigðar út, lánaðar né gefnar burt gegn greiðslu eða án gjalds, nema í samræmi við setta skilmála samningsaðilans sem veitir undanþágurnar;

að þeir muni leitast við að ná sama fram í samningum höfuðstöðva við önnur ríki.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði, undirritað samning þennan.

Gjört í Óportó annan dag maímánaðar árið 1992 í einu staðfestu eintaki á ensku sem skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað þennan samning og þeim sem gerast aðilar að honum, staðfest afrit.

Fylgiskjal 4.

SAMÞYKKT

Undirritunaraðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

Vegna bókunar 4
að því er varðar hugtökin „hagsmunir EFTA" og „EFTA-fyrirtæki" merkir orðið „EFTA" þau EFTA-ríki þar sem samningurinn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls hefur öðlast gildi.

GJÖRT í Brussel hinn 17. mars 1993 í einu frumriti á ensku, finnsku, íslensku, norsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur. Því skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal senda staðfest afrit til allra undirritunarríkja og ríkja sem gerast aðilar að samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

20. desember 1993 Nr. 33

AUGLÝSING

um samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna og bókun um breytingu á samningnum.

Hinn 1. janúar 1994 öðlast gildi samningur um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992. Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar var afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samningsins 2. febrúar 1993. Jafnframt öðlast gildi bókun um breytingu á samningnum sem undirrituð var í Brussel 17. mars 1993. Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar var afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunarinnnar 9. júní 1993. Samningurinn og bókunin voru fullgilt samkvæmt heimild í lögum nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Bókunin er birt sem fylgiskjal 2. Samþykkt frá samningaviðræðum um fastanefnd EFTA-ríkjanna er birt sem fylgiskjal 3.a. Samþykkt um skýringar við samninginn um fastanefnd EFTA-ríkjanna er birt sem fylgiskjal 3.b. Samþykkt aðila sem undirrituðu bókunina er birt sem fylgiskjal 4.a. Yfirlýsing Furstadæmisins Liechtensteins í tengslum við bókunina er birt sem fylgiskjal 4.b.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
UM FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI, LÝÐVELDIÐ FINNLAND, LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN, KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR, KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ OG RÍKJASAMBANDIÐ SVISS,

HAFA HLIÐSJÓN AF EES-samningnum;

HAFA HUGFAST það markmið að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði;

HAFA ÞAÐ AÐ MARKMIÐI að auðvelda útfærslu ákvarðana sem teknar eru af EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni;

ÁLÍTA að hvað EES varðar þurfi EFTA-ríkin í sameiningu að sinna störfum er snerta ákvarðanatöku, stjórnun, framkvæmd og samráð;

HAFA Í HUGA stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu;

ÞAR EÐ ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á valdsvið eftirlitsstofnunarinnar sem um getur í samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna, hér á eftir kölluð „fastanefndin", skal samkvæmt ákvæðumsamnings þessa og EES-samningsins gegna störfum er snerta ákvarðanatöku, stjórnun, framkvæmd og samráð milli EFTA-ríkjanna.

2. Í samningi þessum merkir hugtakið:

a) „EES-samningur" meginmál EES-samningsins, bókanir og viðauka við hann auk þeirra gerða sem þar er vísað til;

b) „EFTA-ríki" samningsaðila sem er aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EES-samningnum og samningi þessum.

2. gr.

EFTA-ríkin skulu, þegar við á, hafa samráð í fastanefndinni varðandi ákvarðanatöku í EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

1. Fastanefnd EFTA skal, með fyrirvara um valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA sem stofnuð er samkvæmt samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, leysa af hendi eftirtalin verkefni:

a) taka nauðsynlegar ákvarðanir við framkvæmd reglna EES-samningsins eða reglna sem samþykktar eru á grundvelli hans, einkum í málum, sem tilgreind eru í 1. gr. bókunar 1 við samning þennan og koma upp við beitingu bókunar 1 við EES-samninginn, er leiðir af gerðum sem vísað er til í viðaukum við þann samning;

b) taka ákvarðanir í málum sem vísað er til hennar samkvæmt reglum sem ákveðnar eru í samræmi við 3. gr. bókunar 1 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls;

c) taka við upplýsingum sem EFTA-ríki eða þar til bæru yfirvaldi ber samkvæmt EES-reglum að afhenda fastanefndinni eða einu eða fleiri af hinum EFTA-ríkjunum auk fastanefndarinnar og skal hún í síðara tilvikinu senda þær áfram til framkvæmdastjórnar EB;

d) taka við upplýsingum frá framkvæmdastjórn EB sem aðildarríki EB ber að afhenda einu eða fleiri af hinum aðildarríkjum EB til dreifingar meðal EFTA-ríkjanna eða þar til bærra yfirvalda þeirra;

e) gegna þeim störfum sem kveðið er á um í bókun 2 við samning þennan í tilvikum sem um getur í 43. gr. EES-samningsins;

f) setja nauðsynlegar reglur um tilkynningu dýrasjúkdóma og um samvinnu stjórnvalda EFTA-ríkja og samvinnu þeirra og eftirlitsstofnunar EFTA og/eða fastanefndarinnar;

g) framlengja tímabil þegar EFTA-ríki getur viðhaldið öryggisráðstöfunum eða má víkja frá ákvæði gerðar í tilvikum sem kveðið er á um í XII. kafla, Matvæli, og XVII. kafla, Umhverfisvernd, í II. viðauka, um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun við EES-samninginn;

h) taka ákvarðanir í málum þegar EFTA-ríki hefur vísað ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um öryggisráðstafanir til fastanefndarinnar í tilvikum sem kveðið er á um í XII. kafla, Matvæli, og XIII. kafla, Lyf, í II. viðauka, um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun, við EES-samninginn;

i) taka ákvarðanir í málum þegar EFTA-ríki hefur beðið hana að ógilda eða breyta ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA í tilvikum sem kveðið er á um í V. viðauka, um frelsi launþega til flutninga, við EES-samninginn;

j) rannsaka mál í sambandi við fjármagnsflutninga og gera skýrslur um þau þegar peningamálanefnd EB, í samræmi við gerðir sem um getur í XII. viðauka við EES-samninginn, hefur slík verkefni með höndum;

k) leysa deilur milli EFTA-ríkja í tilvikum sem kveðið er á um í XIII. viðauka við EES-samninginn.

2. Fastanefndin skal, nema annað sé samþykkt í samráði við framkvæmdastjórn EB, útbúa samtímis framkvæmdastjórn EB, eftir því sem við á, skýrslur, mat eða annað af svipuðum toga varðandi EFTA-ríkin í málum er beinlínis tengjast störfum fastanefndarinnar samkvæmt bókun 1 við samning þennan og vegna beitingar 5. tölul. bókunar 1 við EES-samninginn leiðir af gerðum í viðaukum við þann samning. Fastanefndin skal hafa samráð og skiptast á skoðunum við framkvæmdastjórn EB meðan skýrslugerðin fer fram en afrit af skýrslunum skulu send sameiginlegu EES-nefndinni.

3. Þar að auki skal fastanefndin einnig sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í EES-samningnum.

4. gr.

1. Hvert EFTA-ríki skal eiga fulltrúa í fastanefndinni og hafa eitt atkvæði.

2. Fundir fastanefndarinnar geta verið fundir ráðherra eða háttsettra embættismanna. Fundir á öðrum stigum fara fram í undirnefndum og öðrum stofnunum sem settar eru á laggirnar samkvæmt 1. mgr. 5. gr.

5. gr.

1. Fastanefndin getur skipað undirnefndir og sett aðrar stofnanir á laggirnar til aðstoðar við verkefni sín.

2. Fastanefndin getur einnig að tillögu eftirlitsstofnunar EFTA skipað nýjar nefndir, eða tilnefnt þær sem fyrir eru, til að aðstoða eftirlitsstofnun EFTA við störf hennar samkvæmt EES-samningnum og samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

6. gr.

1. Við skyldustörf sín samkvæmt 3. gr. getur fastanefndin tekið ákvarðanir sem eru bindandi fyrir öll EFTA-ríki og sett fram tilmæli við EFTA-ríki.

2. Ákvarðanir og tilmæli fastanefndarinnar skal samþykkja samhljóða nema kveðið sé á um annað í viðaukanum við samning þennan. Ákvarðanir eða tilmæli teljast samþykkt samhljóða nema eitthvert EFTA-ríki beiti neitunarvaldi. Meirihluta EFTA-ríkjanna verður að gjalda jákvæði við ákvörðunum og tilmælum sem krefjast meirihlutasamþykkis.

3. Ákvarðanir fastanefndarinnar skulu birtar í samræmi við ákvæði EES-samningsins.

7. gr.

Fastanefndin skal setja sér starfsreglur.

8. gr.

EFTA-skrifstofan skal annast skrifstofuþjónustu fyrir fastanefndina.

9. gr.

Fastanefndin getur leitað ráða hjá nefnd þingmanna EFTA-ríkjanna sem eiga sæti í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni og hjá ráðgjafarnefnd EFTA.

Þar að auki getur hver þessara nefnda látið í ljós við fastanefndina álit sitt á öllum málum sem skipta máli vegna framkvæmdar og þróunar EES.

10. gr.

Bókanirnar og viðaukinn við samning þennan skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans.

11. gr.

Breyting á samningi þessum skal lögð fram til samþykktar hjá EFTA-ríkjunum hafi fastanefndin samþykkt hana með ákvörðun sinni og skal hún öðlast gildi samþykki öll EFTA-ríkin hana.

Samþykktarskjölum skal komið í vörslu hjá sænsku ríkisstjórninni sem skal tilkynna það öllum hinum EFTA-ríkjunum.

12. gr.

1. EFTA-ríki sem segir EES-samningnum upp er þar með ekki lengur aðili að samningi þessum frá þeim degi sem úrsögnin öðlast gildi.

2. EFTA-ríki sem gerist aðili að Evrópubandalaginu er þar með ekki lengur aðili að samningi þessum frá þeim degi sem aðildin öðlast gildi.

3. Ríkisstjórnir annarra EFTA-ríkja skulu með samhljóða samkomulagi taka ákvarðanir um nauðsynlegar breytingar á samningi þessum.

13. gr.

EFTA-ríki er gerist aðili að EES-samningnum skal gerast aðili að samningi þessum með þeim skilmálum og skilyrðum sem EFTA-ríkin ákveða með samhljóða samkomulagi. Aðildarskjalinu skal komið í vörslu hjá sænsku ríkisstjórninni sem skal tilkynna það hinum EFTA-ríkjunum.

14. gr.

1. Samningur þessi, gerður í einu eintaki og löggiltur á ensku, skal fullgiltur af samningsaðilum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði þeirra.

Fyrir gildistöku samnings þessa skal hann einnig gerður og löggiltur á finnsku, frönsku, þýsku, íslensku, ítölsku, norsku og sænsku.

2. Samningi þessum skal komið í vörslu hjá sænsku ríkisstjórninni og skal hún sjá öllum EFTA-ríkjum fyrir staðfestum endurritum.

Fullgildingarskjölum skal komið í vörslu hjá sænsku ríkisstjórninni og skal hún tilkynna það hinum EFTA-ríkjunum.

3. Samningur þessi skal öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að EES-samningurinn gangi í gildi þann dag og að öll EFTA-ríkin hafi afhent fullgildingarskjöl vegna samnings þessa til vörslu.

Ef EES-samningurinn öðlast ekki gildi á þeim degi skal samningur þessi öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn eða þegar öll EFTA-ríkin hafa afhent öll fullgildingarskjöl vegna samnings þessa til vörslu og skal miða við síðari daginn.

Gjört í Óportó annan dag maímánaðar árið 1992 í einu staðfestu eintaki á ensku sem skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað þennan samning og þeim sem gerast aðilar að honum, staðfest afrit.

BÓKUN 1

UM STÖRF OG VALDSVIÐ FASTANEFNDARINNAR ER LEIÐIR, VEGNA BEITINGAR BÓKUNAR 1 VIÐ EES-SAMNINGINN, AF GERÐUNUM SEM VÍSAÐ ER TIL Í VIÐAUKUM VIÐ ÞANN SAMNING

MEÐ HLIÐSJÓN AF EES-samningnum og einkum bókun 1 við hann;

MEÐ TILLITI TIL tilvísana í d-lið 4. tölul. bókunar 1 við EES-samninginn til eftirlitsstofnunar EFTA og fastanefndarinnar;

EINNIG MEÐ TILLITI TIL tilvísunar í d-lið 4. tölul. bókunar 1 við EES-samninginn til starfsreglna sem EFTA-ríkin hafa tekið upp;

ÞAR EÐ nauðsynlegt er vegna réttrar beitingar gerða, sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn, að EFTA-ríkin komi sér saman um störf, sambærileg við störf framkvæmdastjórnar EB, sem annaðhvort eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin á að gegna vegna beitingar bókunar 1 við EES-samninginn og komi sér saman um málsmeðferð sem beri að beita á meðal EFTA-ríkjanna í þessu tilliti.

1. gr.

1. Ef gerðir sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn hafa að geyma ákvæði um málsmeðferð þar sem framkvæmdastjórn EB:

a) skal gefa yfirlit yfir, taka saman eða á annan hátt vinna úr mótteknum upplýsingum og/eða dreifa slíkum upplýsingum til aðildarríkjanna;

b) sér um að útbúa skrár, svo sem skrár yfir tilkynnta aðila, prófskírteini o.s.frv.;

c) getur leiðrétt skrár yfir stofnanir;

d) á sviði heilbrigðis dýra og plantna,

- skal tilnefna að minnsta kosti eina tilvísunarrannsóknastofu í hverju aðildarríki;

e) á sviði tæknilegra reglugerða, staðla, prófana og vottana,

- eru falin störf í sambandi við stöðlun, svo sem að veita evrópskum staðlastofnunum umboð og taka upp mál vegna samhæfðra staðla er samræmast ekki nauðsynlegum öryggiskröfum;

- hefur eftirlit með framkvæmd samræmismats;

f) á sviði orku,

- skal ráðfæra sig ársfjórðungslega við aðildarríkin;

g) á sviði frelsis launþega til flutninga, gagnkvæmrar viðurkenningar á prófskírteinum og starfsmenntunar,

- skal eða getur stofnað til eða samræmt starfsemi aðildarríkjanna, átt samvinnu við þau eða tekið þátt í öðrum aðgerðum með þeim;

h) á sviði starfsmenntunar,

- skal gera tillögu um þjálfunarþrep;
- skal ákvarða á hvern hátt upplýsingar eru samdar og hve oft þeim skuli komið á framfæri, svo og ákvarða samræmdar viðmiðanir til að meta ástand á vinnumarkaði aðildarríkjanna;
- skal, samkvæmt beiðni, veita samræmingaraðilum aðildarríkjanna alla nauðsynlega aðstoð og ráðgjöf;

i) á sviði umhverfismála,

- skal semja og veita aðildarríkjunum aðgang að skrá með upplýsingum um slys sem orðið hafa;
- skal búa til kerfi yfir upplýsingaskipti;
- hefur með höndum framkvæmd og eftirlit með fylgni aðildarríkjanna við tiltekin sérmarkmið og -kröfur;

j) á sviði félagaréttar,

- skal láta aðildarríki vita að það verði að breyta löggjöf sinni til að uppfylla kröfur um lágmarkshlutafé í almenningshlutafélögum;

skal fastanefndin gegna þessum og sambærilegum störfum fyrir EFTA-ríkin í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í gerðunum sem vísað er til.

2. Ef framkvæmdastjórn EB eru falin önnur sambærileg störf skal fastanefnd EFTA einnig gegna samsvarandi störfum.

BÓKUN 2

UM TILHÖGUN EFTA-RÍKJA VIÐ BEITINGU RÁÐSTAFANA SAMKVÆMT 43. GR. EES-SAMNINGSINS

1. gr.

1. EFTA-ríki er hyggst gera ráðstafanir í samræmi við 43. gr. EES-samningsins skal tilkynna fastanefndinni það með góðum fyrirvara.

2. Í trúnaðar- eða bráðatilvikum skal þó tilkynna fastanefndinni og hinum EFTA-ríkjunum um ráðstafanirnar í síðasta lagi þann dag sem þær öðlast gildi.

2. gr.

Fastanefndin skal kanna ástandið og skila áliti um hvort ráðstafanir skuli gerðar. Henni ber að fylgjast með ástandinu og hún getur hvenær sem er, með meirihluta atkvæða, sett fram tilmæli um hugsanlega breytingu, frestun eða afnám ráðstafana sem gerðar hafa verið eða um annars konar ráðstafanir til að aðstoða viðkomandi EFTA-ríki við að sigrast á erfiðleikum sínum.

VIÐAUKI

SAMKVÆMT 2. MGR. 6. GR.

Fastanefndin skal, með meirihluta atkvæða, taka ákvarðanir og setja fram tilmæli í eftirtöldum tilvikum er leiðir af gerðum sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn:

a) samkvæmt b-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa varðandi ákvarðanir í málum sem vísað er til hennar samkvæmt málsmeðferð sem komið skal á í samræmi við 3. gr. bókunar 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, í tilvikum sem eru tilgreind í viðbætinum;

b) samkvæmt e-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa hvað varðar tilhögunina í bókun 2;

c) samkvæmt f-lið 1. mgr. 3. gr. við setningu nauðsynlegra reglna um tilkynningu sjúkdóma og um samvinnu stjórnvalda EFTA-ríkja og samvinnu EFTA-ríkja og eftirlitsstofnunar EFTA og/eða fastanefndarinnar, samanber I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

d) þegar undanþágur frá ákveðnum kröfum um tilteknar vörur eru veittar eins og tilgreint er í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

e) samkvæmt d-lið 1. mgr. 1. gr. bókunar 1 við samning þennan við tilnefningu tilvísunarrannsóknastofa í EFTA-ríkjunum;

f) samkvæmt g-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa við framlengingu tímabils sem EFTA-ríki getur viðhaldið öryggisráðstöfun eða fráviki frá ákvæði gerðar;

g) samkvæmt h-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa við ákvarðanir í málum er varða öryggisráðstafanir og EFTA-ríki hefur vísað til hennar;

h) samkvæmt i-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa þegar ákvarðanir eru teknar í málum þar sem EFTA-ríki hefur beðið hana að ógilda eða breyta ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA;

i) samkvæmt k-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa við lausn deilumála, samanber XIII. viðauka við EES-samninginn.

VIÐBÆTIR

SAMKVÆMT VIÐAUKANUM VIÐ SAMNING ÞENNAN

Fastanefndin skal, með meirihluta atkvæða, taka þær ákvarðanir sem kveðið er á um í a-lið viðaukans við samning þennan, í málum sem vísað er til hennar samkvæmt málsmeðferð sem komið skal á í samræmi við 3. gr. bókunar 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, í eftirtöldum tilvikum:

a) á sviði heilbrigðis dýra og plantna:

i) við ákvörðun um hvort varúðar- eða öryggisráðstafanir EFTA-ríkis hafi verið réttlætanlegar;

ii) þegar EFTA-ríki, áður en það veitir eða gerir undanþágu eða víkur frá ákvæði gerðar, fær til þess samþykki eða heimild;

iii) þegar veitt er samþykki, eða því um líkt, eða borin fram tilmæli um tilhögun, áætlanir, bráðabólusetningar, áhættusvæði o.s.frv.;

b) á sviði heilbrigðis dýra, þegar viðeigandi ráðstafanir eru gerðar í deilumálum;

c) á sviði tæknilegra reglugerða, staðla, prófana og vottana, við ákvörðun um hvort innlendar tækniforskriftir teljist samræmast nauðsynlegum öryggiskröfum;

d) á sviði matvæla, við ákvörðun um hvort tilteknum skilyrðum sé fullnægt;

e) á sviði hættulegra efna:

i) við ákvörðun um viðbótarupplýsingar eða breytingar á rannsóknaráætlunum til verndar mönnum og umhverfi;

ii) við ákvörðun um hvort og þá með hvaða skilyrðum EFTA-ríki megi halda áfram aðgerðum eða endurtaka þær;

iii) við gerð viðeigandi ráðstafana til að góðum starfsvenjum við rannsóknir verði fylgt.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM UM FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR OG
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,

ÞAR EÐ samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ samningurinn um fastanefnd EFTA-ríkjanna, hér á eftir nefndur samningurinn um fastanefndina, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ ljóst er að einn undirritunaraðilanna að EES-samningnum, Ríkjasambandið Sviss, hefur ekki tök á að fullgilda EES-samninginn né samninginn um fastanefndina og því munu þessir samningar ekki gilda um Sviss;

ÞAR EÐ bókun um breytingu á EES-samningnum er undirrituð sama dag og bókun þessi;

ÞAR EÐ ákveða þarf nýjan gildistökudag samningsins um fastanefndina;

ÞAR EÐ setja þarf sérstök ákvæði um gildistöku samningsins um fastanefndina að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein;

ÞAR EÐ gera þarf breytingar á samningnum um fastanefndina sökum þess að Sviss mun ekki fullgilda hann;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera eftirfarandi bókun:

1. gr.

1. Samningurinn um fastanefndina, eins og honum er breytt með bókun þessari, skal öðlast gildi þann dag sem bókun þessi öðlast gildi milli Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar.

2. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal samningurinn um fastanefndina, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi fyrir Liechtenstein og að því tilskildu að undirritunaraðilar bókunar þessarar hafi tekið viðeigandi ákvörðun um beitingu ákvarðana og annarra ráðstafana sem eru gerðar samkvæmt samningnum um fastanefndina gagnvart Liechtenstein.

2. gr.

1. Þar eð Ríkjasambandið Sviss hefur ekki fullgilt samninginn um fastanefndina og er ekki aðili að honum skal tilvísun í inngangsorðunum að samningnum til „RÍKJASAMBANDSINS SVISS" sem eins af samningsaðilunum felld niður.

2. Í stað b-liðar 2. mgr. 1. gr. samningsins um fastanefndina komi eftirfarandi:

„hugtakið „EFTA-ríki" merkir Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland, Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur, Konungsríkið Svíþjóð og, með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna, Furstadæmið Liechtenstein."

3. Samningnum um fastanefndina skal enn fremur breytt samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 14. gr.:

„3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í bókuninni um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna."

4. gr.

1. Bókun þessi er gerð í einu frumriti á ensku, finnsku, íslensku, norsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

2. Bókun þessi skal fullgilt af samningsaðilum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Henni skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. júlí 1993, að því tilskildu að EES-samningurinn öðlist gildi þann dag og að því tilskildu að allir samningsaðilarnir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. bókunar þessarar hafi

komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um fastanefndina og bókunar þessarar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókun þessi gildi daginn sem EES-samningurinn öðlast gildi eða þegar allir samningsaðilarnir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. bókunar þessarar hafa komið öllum fullgildingarskjölum vegna samningsins um fastanefndina og bókunar þessarar í vörslu, eftir því hvor dagurinn er síðar.

4. Að því er Liechtenstein varðar skal bókun þessi öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein, að því tilskildu að Liechtenstein hafi komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um fastanefndina og bókunar þessarar í vörslu, og með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunar þessarar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Brussel hinn 17. mars 1993. Vörsluaðili skal senda staðfest afrit til allra undirritunarríkja og ríkja sem gerast aðilar að samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna.

Fylgiskjal 3.a.

SAMÞYKKT

FRÁ SAMNINGAVIÐRÆÐUNUM UM FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

Samningsaðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

vegna 4. gr.

fastanefndin getur komið saman hvenær sem þörf krefur.

Gjört í Óportó annan dag maímánaðar árið 1992 í einu staðfestu eintaki á ensku sem skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað þennan samning og þeim sem gerast aðilar að honum, staðfest afrit.

Fylgiskjal 3.b.

SAMÞYKKT
UM SKÝRINGAR VIÐ SAMNINGINN
UM FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

Viðaukinn

Samningsaðilar líta svo á að við gildistöku samningsins falli eftirfarandi greinar í þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn undir eftirtalda liði viðaukans:

d-lið
þegar undanþágur frá ákveðnum kröfum um tilteknar vörur eru veittar eins og tilgreint er í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, samkvæmt:

- 2. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 64/433/EBE, sjá 18. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

e-lið
samkvæmt d-lið 1. mgr. 1. gr. bókunar 1 við samning þennan við tilnefningu nauðsynlegra tilvísunar-rannsóknastofa í hverju EFTA-ríki, samkvæmt:

- 1. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 64/433/EBE, sjá 18. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- 3. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 89/437/EBE, sjá 23. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

f-lið
samkvæmt g-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa við framlengingu tímabils sem EFTA-ríki getur viðhaldið öryggisráðstöfun eða fráviki frá ákvæði gerðar, samkvæmt:

- 3. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins frá 23. október 1962, sjá 1. tölul. í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

- 2. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 64/54/EBE, sjá 2. tölul. í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

- 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 70/357/EBE, sjá 5. tölul. í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

- 3. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 73/241/EBE, sjá 6. tölul. í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

- 2. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 74/329/EBE, sjá 8. tölul. í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

- 3. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 75/716/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 87/219/EBE, sjá 1. tölul. í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

- 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 85/210/EBE, sjá 3. tölul. í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

g-lið
samkvæmt h-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa við ákvarðanir í málum er varða öryggisráðstafanir sem EFTA-ríki hefur vísað til hennar, samkvæmt:

- 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 90/642/EBE, sjá 54. tölul. í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

- 2. mgr. 9. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 2377/90, sjá 14. tölul. í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

h-lið
samkvæmt i-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa við ákvarðanir í málum sem EFTA-ríki hefur beðið hana að ógilda eða breyta ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA, samkvæmt:

- annarri undirgrein 3. mgr. 20. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 1612/68, sjá 2. tölul. í V. viðauka við EES-samninginn.

Viðbætirinn

Samningsaðilar líta svo á að við gildistöku samningsins falli eftirfarandi greinar í þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn undir eftirtalda liði viðbætisins:

a-lið
á sviði heilbrigðis dýra og plantna:

i) við ákvörðun um hvort varúðar- eða öryggisráðstafanir EFTA-ríkis hafi verið réttlætanlegar, samkvæmt:

- þriðju undirgrein 3. mgr. 13. gr. tilskipunar ráðsins 85/511/EBE, sjá 12. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

ii) þegar EFTA-ríki, áður en það veitir eða gerir undanþágu eða víkur frá ákvæði gerðar, fær til þess samþykki eða heimild, samkvæmt:

- 13. – 15. mgr. 3. gr., þriðja málslið 2. mgr. og 3. mgr. 9. gr., 1. mgr., fyrstu undirgrein 2. mgr. og 3. mgr. 9. gr. a og 10. gr. tilskipunar ráðsins 64/432/EBE, sjá 1. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- þriðja málslið 2. mgr. og 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/68/EBE, sjá 2. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- þriðja málslið annarrar undirgreinar og þriðju undirgrein 6. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/426/EBE, sjá 3. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- þriðja málslið 2. mgr. og 3. mgr. 13. gr. og 2. og 3. mgr. 14. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE, sjá 4. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- þriðja málslið 2. mgr. og 3. mgr. 12. gr., 2. mgr. og öðrum málslið 3. mgr. 13. gr. og annarri málsgrein a-liðar 1. mgr. 14. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE, sjá 5. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- a-lið 3. gr. tilskipunar ráðsins 89/556/EBE, sjá 6. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- 2. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 88/407/EBE, sjá 7. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 90/429/EBE, sjá 8. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- 1. – 3. mgr. 8. gr. a tilskipunar ráðsins 72/461/EBE, sjá 9. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- 1. – 3. mgr. 7. gr. a tilskipunar ráðsins 80/215/EBE, sjá 11. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- fjórðu undirgrein 7. mgr. 14. gr. tilskipunar ráðsins 80/217/EBE, sjá 14. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- B-lið 4. gr., f-lið 1. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr. 13. gr. og 69. tölul. VI. kafla I. viðauka við tilskipun ráðsins 64/433/EBE, sjá 18. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- síðustu undirgrein 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/498/EBE, sjá 19. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- 12. tölul. III. kafla I. viðauka við tilskipun ráðsins 71/118/EBE, sjá 20. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- fyrstu undirgrein 9. gr. og 20. tölul. II. kafla viðauka A við tilskipun ráðsins 77/99/EBE, sjá 21. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- þriðju undirgrein 1. mgr. 7. gr. og 8. tölul. III. kafla viðauka við tilskipun ráðsins 89/437/EBE, sjá 23. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- fyrstu undirgrein 2. tölul. IV-liðar IV. kafla viðauka við tilskipun ráðsins 91/493/EBE, sjá 24. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. og 6. tölul. V. kafla viðauka A við tilskipun ráðsins 85/397/EBE, sjá 31. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- sjöttu undirgrein 7. gr. og c-lið 6. tölul. II. kafla II. viðauka við tilskipun ráðsins 90/667/EBE, sjá 32. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- 2. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 79/373/EBE, sjá 4. tölul. í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- 1. og 3. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 17. gr. tilskipunar ráðsins 66/400/EBE, sjá 1. tölul. í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- fyrsta málslið 1. mgr. b í 2. gr., 1. og 3. mgr. 9. gr., síðustu undirgrein 3. mgr. 14. gr., 14. gr. a, 1. mgr. 17. gr., 23. gr. a, síðustu undirgrein a-liðar I. kafla A-hluta IV. viðauka, síðustu undirgrein b-liðar I. kafla A-hluta IV. viðauka og síðustu undirgrein A-hluta V. viðauka tilskipunar ráðsins 66/401/EBE, sjá 2. tölul. í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- fyrsta málslið 1. mgr. b í 2. gr., 1. mgr. 9. gr., 11. gr., 13. gr., síðustu undirgrein 3. mgr. 14. gr., 14. gr. a, 1. mgr. 17. gr., 23. gr. a, síðustu undirgrein A-hluta IV. viðauka og síðustu undirgrein A-hluta V. viðauka tilskipunar ráðsins 66/402/EBE, sjá 3. tölul. í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- fyrsta málslið 1. mgr. b í 2. gr., 1. mgr. 9. gr., síðustu undirgrein 3. mgr. 13. gr., 1. mgr. 16. gr., 22. gr., síðustu undirgrein a-liðar A-hluta IV. viðauka, síðustu undirgrein b-liðar A-hluta IV. viðauka og síðustu undirgrein A-hluta V. viðauka tilskipunar ráðsins 69/208/EBE, sjá 4. tölul. í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- 2. mgr. 15. gr. og 19. gr. tilskipunar ráðsins 70/457/EBE, sjá 5. tölul. í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- fyrsta málslið 1. mgr. b í 2. gr., 2. mgr. 16. gr., 18. gr., 1. og 3. mgr. 25. gr., 2. mgr. 30. gr., 1. mgr. 33. gr., og 42. gr. tilskipunar ráðsins 70/458/EBE, sjá 6. tölul. í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn.;

iii) þegar veitt er samþykki, eða því um líkt, eða borin fram tilmæli um tilhögun, áætlanir, bráðabólusetningar, áhættusvæði o.s.frv., samkvæmt:

- fyrstu og annarri undirgrein 2. mgr. og 3. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 64/432/EBE, sjá 1. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- fyrsta og öðrum málslið 2. mgr. og 3. mgr. 7. gr., 3. tölul. C-liðar I. hluta í 1. kafla viðauka A; og II. hluta í 1. kafla tilskipunar ráðsins 91/68/EBE, sjá 2. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- fyrsta og öðrum málslið annarrar undirgreinar og þriðju undirgrein 6. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/426/EBE, sjá 3. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 12. gr. og fyrsta og öðrum málslið 2. mgr. og 3. mgr. 13. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE, sjá 4. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- fyrsta og öðrum málslið 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 10. gr. og fyrsta og öðrum málslið 2. mgr. og 3. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE, sjá 5. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- annarri undirgrein 3. mgr. 13. gr. tilskipunar ráðsins 85/511/EBE, sjá 12. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- 4. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 90/423/EBE, sjá 13. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- 3. mgr. 14. gr. a í tilskipun ráðsins 80/217/EBE, sjá 14. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- 2. – 5. mgr. 4. gr. og þriðju undirgrein 1. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 86/469/EBE, sjá 29. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

- 3. og 4. mgr. 8. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 85/446/EBE, sjá 62. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

b-lið
á sviði heilbrigðis dýra, þegar viðeigandi ráðstafanir eru gerðar í deilumálum, samkvæmt:

- sjöttu og sjöundu undirgrein 1. mgr. 11. gr. tilskipunar ráðsins 86/469/EBE, sjá 29. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 87/328/EBE, sjá 81. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;
- 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/118/EBE, sjá 90. tölul. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn;

c-lið
á sviði tæknilegra reglugerða, staðla, prófana og vottana, við ákvörðun um hvort innlendar tækniforskriftir teljist samræmast nauðsynlegum öryggiskröfum, samkvæmt:

- 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 86/594/EBE, sjá 3. tölul. í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

d-lið
á sviði matvæla, við ákvörðun um hvort tilteknum skilyrðum sé fullnægt, samkvæmt:

- d-lið 4. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE, sjá 18. tölul. í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;
- b-lið 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/496/EBE, sjá 53. tölul. í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

e-lið
á sviði hættulegra efna:

i) við ákvörðun um viðbótarupplýsingar eða breytingar á rannsóknaráætlunum til verndar mönnum og umhverfi, samkvæmt:

- 2. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 67/548/EBE, sjá 1. tölul. í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

ii) við ákvörðun um hvort og þá með hvaða skilyrðum EFTA-ríki megi halda áfram aðgerðum eða endurtaka þær, samkvæmt:

- 2. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 79/117/EBE, sjá 6. tölul. í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn;

iii) við gerð viðeigandi ráðstafana til að góðum starfsvenjum við rannsóknir verði fylgt, samkvæmt:

- 2. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 88/320/EBE, sjá 9. tölul. í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn.

Gjört í Óportó annan dag maímánaðar árið 1992 í einu staðfestu eintaki á ensku sem skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað þennan samning og þeim sem gerast aðilar að honum, staðfest afrit.

Fylgiskjal 4.a.

SAMÞYKKT

Undirritunaraðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

Vegna 2. mgr. 1. gr.
áður en samningurinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein getur Liechtenstein að jafnaði, og sé ekki annað ákveðið af fastanefndinni, tekið þátt í störfum fastanefndarinnar, þó án atkvæðisréttar.

GJÖRT í Brussel hinn 17. mars 1993 í einu frumriti á ensku, finnsku, íslensku, norsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur. Því skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar, sem skal senda staðfest afrit til allra undirritunarríkja og ríkja sem gerast aðilar að samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna.

Fylgiskjal 4.b.

YFIRLÝSING
RÍKISSTJÓRNAR FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS

Ríkisstjórn Furstadæmisins Liechtensteins mun við gildistöku EES-samningsins gagnvart Liechtenstein endurgreiða ríkisstjórnum Austurríkis, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar þær fjárhæðir sem þær hafa lagt út samkvæmt EES-samningnum til að greiða hlut Liechtenstens í fjármagnskerfinu.

GJÖRT í Brussel hinn 17. mars 1993 í einu frumriti á ensku, finnsku, íslensku, norsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur. Því skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar, sem skal senda staðfest afrit til allra ríkja sem hafa undirritað bókunina um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna.

AUGLÝSING

um samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði.

Hinn 1. janúar 1994 öðlast gildi samningur í formi bréfaskipta milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði. Samningurinn var gerður í Óportó 2. maí 1992 á grundvelli bókunar 42 við samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C- deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn er birtur. Með bréfum í Brussel 17. mars 1993 var gengið frá samningi milli Lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um tímabundna beitingu fyrirkomulagsins.

Samningurinn frá 2. maí 1992 er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Samningurinn frá 17. mars 1993 er birtur sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

